

ÁRSSKÝRSLA

1997

REYKJAVÍK 1998

Prentun:
ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA HF.

Bókband:
BÓKAVIRKIÐ HF.

Gefið út af Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

Sími: 569 9600

Netfang: sedlabanki@sedlabanki.is

Símbréf: 569 9605

Veffang: <http://www.sedlabanki.is>

EFNISYFIRLIT

Bls.	
5	I. <i>Inngangur</i>
11	II. <i>Þróun efnahagsmála</i>
11	1. Alþjóðleg efnahagsþróun
15	2. Innlend hagþróun
25	3. Opinber fjármál
31	III. <i>Peningamál, gengismál og vaxtaþróun</i>
31	1. Stefnan í peningamálum
32	2. Aðgerðir Seðlabankans í peningamálum
35	3. Gjaldeyrisviðskipti
38	4. Gengisþróun
39	5. Vaxtaþróun
43	IV. <i>Peninga- og fjármagnsmarkaðir</i>
43	1. Lánakerfið
46	2. Bankakerfið
52	3. Aðrar fjármálastofnanir
55	4. Greiðslu- og verðbréfamiðlun
62	5. Hlutafjármarkaður
65	V. <i>Greiðslujöfnuður og erlendar skuldir</i>
65	1. Greiðslujöfnuður við útlönd
71	2. Erlend skuldastaða
73	VI. <i>Erlend lánamál ríkissjóðs</i>
79	VII. <i>Eftirlit með fjármálamarkaðnum og afkoma fjármálastofnana</i>
79	1. Stofnanir og fyrirtæki sem eftirlit er haft með
80	2. Breytingar á lögum, reglum og reglugerðum
80	3. Afkoma fjármálastofnana
82	VIII. <i>Alþjóðastofnanir, ýmsir þættir í starfsemi bankans og lagabreytingar</i>
82	1. Alþjóðastofnanir
85	2. Ýmsir þættir í starfsemi bankans og lagabreytingar
88	IX. <i>Afkoma Seðlabankans</i>
92	X. <i>Annáll peningamála 1997</i>
97	Fréttir Seðlabanka Íslands árið 1997
99	Töfluviðauki (sjá yfirlit á næstu síðu)
125	Ársreikningur Seðlabanka Íslands fyrir árið 1997
134	Stjórn bankans og starfslið

TÖFLUVIÐAUKI

Bls.

101	1. tafla	Yfirlit
102	2. tafla	Þjóðhagsstærðir
104	3. tafla	Vísitölur verðlags
105	4. tafla	Greiðslujöfnuður við útlönd
106	5. tafla	Greiðslujöfnuður við útlönd - ársfjórðungsyfirlit
106	6. tafla	Löng erlend lán
107	7. tafla	Staða þjóðarbúsins út á við
107	8. tafla	Erlend staða Seðlabankans og innlánsstofnana
107	9. tafla	Opinber gengisvísitala og vísitölur meðalgengis og raungengis krónunnar
108	10. tafla	Fjármál hins opinbera
109	11. tafla	Yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs
109	12. tafla	Sala ríkisverðbréfa
110	13. tafla	Skuldir ríkissjóðs
110	14. tafla	Skipting seðla og myntar eftir stærðum í árslok
111	15. tafla	Greiðslumiðlun
111	16. tafla	Úr reikningum Seðlabankans
112	17. tafla	Úr reikningum innlánsstofnana
112	18. tafla	Úr reikningum bankakerfisins
113	19. tafla	Innlán og útlán innlánsstofnana
114	20. tafla	Lánaflokkun innlánsstofnana
114	21. tafla	Efnahagsyfirlit fjárfestingarlánasjóða
115	22. tafla	Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða
115	23. tafla	Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða
116	24. tafla	Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða
116	25. tafla	Lánakerfið
117	26. tafla	Eignir lífeyrissjóða
117	27. tafla	Gengi erlendra gjaldmiðla skv. skráningu Seðlabanka Íslands
118	28. tafla	Helstu meðalnafnvextir hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum
119	29. tafla	Helstu vextir skv. A- og B-tilkynningum Seðlabanka Íslands
120	30. tafla	Almennir inn- og útlánsvextir við Seðlabanka Íslands
120	31. tafla	Lausafjár- og bindiskylduhlutföll
121	32. tafla	Ávöxtun á peninga- og skuldabréfamarkaði
121	33. tafla	Meðalávöxtun á uppboðum ríkistryggðra verðbréfa
122	34. tafla	Efnahagsreikningur Seðlabankans
124	35. tafla	Dæmi um árlega ávöxtun og raunvexti nokkurra inn- og útlána innlánsstofnana og dráttarvextir 1960-1997


INNGANGUR

I

Öflugur hagvöxtur einkenndi efnahagsþróun ársins 1997. Áætlað er að hann hafi orðið 5% á árinu borið saman við 5,5% 1996 og því hefur hagvöxtur hér á landi verið mjög ör í tvö ár. Þessi ár var hagvöxtur á Íslandi mun meiri en í öðrum iðnríkjum. Í Bandaríkjunum er reiknað með að hann hafi verið 3,8%, rúmlega 2% í Þýskalandi og Frakklandi en yfir 3% í Bretlandi. Í Evrópusambandinu í heild var hagvöxtur 2,6%. Japan hefur hins vegar verið í efnahagslægd og er áætlað að landsframleiðsla þar hafi aðeins vaxið um 1% á árinu 1997. Ör hagvöxtur síðustu tveggja ára hér á landi vekur óhjákvæmilega upp þá spurningu hvort svo mikill vöxtur geti til lengdar samræmt þeim stöðugleika sem náðst hefur í efnahagsmálum þjóðarinnar á undanförunum árum. Víst er að fara verður fram með gát og viðskiptahallinn er mikilvægt viðfangsefni.


Mikill hagvöxtur ársins 1997 var einkum borinn uppi af vaxandi einkaneyslu og aukinni fjárfestingu. Einkaneyslan jókst um 6% og fjárfestingunamyndun um 9,9%. Tvö síðastliðin ár hefur fjárfesting aukist mikið eftir langvarandi samdrátt. Fjárfesting í stóriðju átti þar drjúgan þátt og mun að líkindum hafa náð hámarki á árinu 1997 en fjárfesting í virkjunum á enn eftir að aukast nokkuð. Fjárfesting í verslunar- og skrifstofuhúsnæði hefur tekið við sér á síðustu tveimur árum. Jafnframt hefur orðið aukning í byggingu íbúðarhúsa síðustu tvö ár en þó vart svo mikil að vegi upp samdrátt ársins þar á undan.

Reiknað hafði verið með að viðskiptahalli yrði mun meiri á árinu 1997 en árið á undan. Átti það rætur að rekja til mikillar fjárfestingar í stóriðju og virkjunarframkvæmda og væntinga um kjarabætur í tengslum við kjarasamninga sem gætu örvað einkaneyslu. Vöxtur innflutnings reyndist þó minni en upphaflega var spáð og viðskiptahallinn minni en árið áður eða rúmlega 8 milljarðar króna. Vöruinnflutningur jókst um 5,9% að magni. Um þrjá fimmtu hluta þeirrar aukningar má rekja til innflutnings á neysluvöru en innan við þriðjung til innflutnings á fjárfestingarvöru. Vöruútflutningur jókst aðeins um 2% sem er frekar slakur árangur. Í rauninni er vöxtur útflutnings of hægur t.d. miðað við vöxt heimsverslunar sem hefur verið mun meiri. Því má líta svo á að undirrót




viðskiptahallans á Íslandi sé ekki síður lítill útflutningur en ör vöxtur eftirspurnar.

Afkoma fyrirtækja virðist hafa verið allgóð á árinu. Samkvæmt niðurstöðum úr árshlutauppgjörum sjávarútvegs- og iðnaðarfyrirtækja á hlutabréfamarkaði virðist hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja af reglulegri starfsemi hafa verið nokkru lakari en árið 1996. Athyglisvert er þó að rekstrarafkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði virðist síst hafa verið lakari árið 1997 en árið á undan. Afkoma iðnfyrirtækja á hlutabréfamarkaði bendir einnig til nokkru minni hagnaðar en 1996. Skýringar á verri afkomu iðnfyrirtækja er helst að leita í hækkun launaliðar, hráefnisnotkun og miklum afskriftum vegna fjárfestinga fyrri ára. Þróun hlutabréfaverðs á markaði gefur nokkra vísbendingu um stöðu atvinnugreina og fyrirtækja. Mikil og stöðug hækkun varð á verði skráðra hlutabréfa allt frá miðju ári 1993 fram í maí 1997. Þá snerist þróunin við og þingvísitala Verðbréfaþings lækkaði stöðugt til ársloka. Heildarhækkun yfir árið 1997 nam þó 13,6%.



Ástand á vinnumarkaði batnaði enn og fór skráð atvinnuleysi niður í 3,9% af mannafla að meðaltali. Atvinna jókst umtalsvert á árinu og nokkru meira en framboð vinnuaflds. Atvinnuleysi fór hæst í 5% árið 1995. Þrátt fyrir minna atvinnuleysi virðist ekki sem verðstöðugleika hafi verið stefnt í hættu. Jafnvel er hugsanlegt að túlka ýmsar vísbendingar á þann veg að enn sé eitthvert svigrúm til að auka atvinnu án þess að skapa verulegt ójafnvægi á vinnumarkaði. Frá upphafi til loka árs jókst kaupmáttur launa um 5,7% og var hann í lok árs meiri en nokkru sinni síðan 1989. Vísbendingar um launaskrið á árinu 1997 voru ekki miklar en slíkt getur breyst á skömmum tíma.

Verðbólga á árinu 1997 var áfram mjög hófleg, eða 2,2% frá upphafi til loka árs, en 1,8% milli árána 1996 og 1997. Að loknum kjarasamningum hafði Seðlabankinn spáð nokkru meiri verðbólgu. Launahækkanir skiluðu sér ekki inn í verðlagsþróunina eins og búast hefði mátt við í ljósi sögulegrar reynslu, framleiðniaukning varð meiri en reiknað var með og hækkun innflutningsverðs minni. Jafnframt drógu aðgerðir Seðlabankans í peningamálum úr verðbólgu eins og nánar verður vikið að síðar í þessum kafla.



Þau ánægjulegu tíðindi gerðust að ríkissjóður var rekinn með 1,2 ma.kr. afgangi á greiðslugrunni þrátt fyrir lækkun skatta, hækkun launakostnaðar og sérstakar vaxtagreiðslur vegna innlausnar á spari-skírteinum. Til samanburðar við fjárlög er nauðsynlegt að líta framhjá sérstökum 3,5 ma.kr. vaxtagreiðslum og þannig mælt var 4,7 ma.kr. afgangur á ríkissjóði. Ekki hefur orðið afgangur á ríkissjóði síðan árið 1984. Nú er að því stefnt að færa fjárlög og uppgjör ríkissjóðs á rekstrargrunn þar sem m.a. er tekið tillit til áfallinna vaxta og lífeyrisskuldbindinga. Þannig reiknað virðist rekstur ríkissjóðs hafa verið nokkurn veginn hallalaus árið 1997. Ríkissjóður greiddi niður skuldir á árinu 1997. Greiddir voru 6,5 ma.kr. af erlendum lánunum umfram nýjar lántökur, um 5% af erlendum skuldum ríkissjóðs. Það hefur ekki gerst frá 1986. Innanlands voru 3,4 ma.kr. teknir að láni umfram afborganir.

Heldur var þyngra í rekstri sveitarfélaga á árinu. Samkvæmt upplýsingum um hag 14 stærstu sveitarfélaganna voru þau samtals rekin með 2,9 ma.kr. halla. Áætlað er að skuldir sveitarfélaga hafi vaxið á árinu úr tæpum 36 ma.kr. í rúma 42 ma.kr. Skuldir hins opinbera lækkuðu í 52,7% af landsframleiðslu, úr 56% frá árinu áður. Á alþjóðlegan mælikvarða er sú staða ágæt.

Markmið Seðlabankans í peningamálum var sem fyrr stöðugt verðlag. Peningaleg stjórn tæki bankans hafa fyrst og fremst áhrif á verðbólgu þegar til lengdar lætur og viðurkennt er að stöðugt verðlag er mikilvæg forsenda hagvaxtar og bættra lífskjara. Um þetta markmið Seðlabankans er allgóð sátt enda nýtur þessi stefna alþjóðlegrar viðurkenningar og er aðalmarkmið seðlabanka víða um heim.



Í opnu hagkerfi eins og því íslenska er stöðugt gengi mikilvægt fyrir verðlagsþróunina. Millimarkmið stefnunnar í peningamálum hefur því verið stöðugt gengi. Gengisstefnan er ákvörðuð sameiginlega af ríkisstjórn og Seðlabankanum. Frá því í september 1995 hefur hún falið í því að gengi krónunnar skuli vera innan vikmarka sem eru 6% í hvora átt frá miðgildi gengisskráningarvísitölu sem byggð er á hlutdeild gjaldmiðla í utanríkisviðskiptum Íslands.


Seðlabankinn framfylgir peningastefnunni einkum með ákvörðun eigin vaxta og inngripum á peningamarkaði. Til skamms tíma getur hann einnig haft áhrif á gengi með kaupum og sölu gjaldeyris.

Við þær aðstæður sem ríktu í efnahagsmálum á árinu 1997 var augljóslega nokkur hætta á ofpenslu. Seðlabankinn fylgdi því aðhaldsamri peningastefnu. Eftir að bankinn hafði beitt sér fyrir hækkun vaxta á peningamarkaði haustið 1996 var munur peningamarkaðsvaxta hér og í helstu viðskiptalöndunum 3 prósentustig. Þetta voru nauðsynleg viðbrögð við vaxandi óvissu um niðurstöður kjaraviðræðna og leiddu til þolanlegs jafnvægis. Þó varð nokkurt útstreymi á gjaldeyri fyrstu vikur ársins 1997 uns línur tóku að skýrast í kjaramálum. Kjarasamningarnir stuðluðu að lækkun verðbólguvæntinga og styrktu trú á stöðugt gengi krónunnar. Seðlabankinn hélt þó vöxtum sínum óbreyttum og verulegt innstreymi varð á gjaldeyrismarkaði allt fram til loka júlí. Gjalddeyriforðinn jókst, náði hámarki í lok júlí eða 36,2 ma.kr., og hafði þá vaxið um 5,2 ma.kr. á árinu þrátt fyrir allmiklar niðurgreiðslur ríkissjóðs á erlendum lánnum.

Seðlabankinn taldi æskilegt að gengi krónunnar styrktist nokkuð til að draga úr spennu á innlendum markaði og stuðla að því að verðbólga héldist í skefjum. Aðgerðir bankans urðu tvímælalaust til þess að verðbólga varð lægri en reiknað hafði verið með.

Straumhvörf urðu í peninga- og gjaldeyrismálum í byrjun ágúst. Gjalddeyriforðinn hófst á ný og vextir á verðbréfamarkaði tóku að hækka. Þessi breyting átti m.a. rætur að rekja til kaupa innlendra aðila á erlendum verðbréfum, stöðvunar á erlendum endurlánnum og aukningar almennra útlána banka og sparisjóða. Munur vaxta á peningamarkaði hér og erlendis hafði og minnkað vegna vaxtahækkana á peningamörkuðum í ýmsum nágrannalöndum. Seðlabankinn brást við þessari þróun





um miðjan nóvember er ljóst var að ekki var um tímabundið ástand að ræða. Hækkaði bankinn stýrivexti sína um 0,3 prósentustig. Áhrif vaxta-hækkunarinnar voru skjót. Gengi krónunnar styrktist á ný og gjald-eyrisústreymið stöðvaðist. Í lok ársins var gengisvísitalan 0,9% undir miðgildi vikmarka og hafði gengið styrkst um 1,4% á árinu. Gjalddeyr- forðinn var í árslok um 27,8 milljarðar króna og hafði rýrnað um 3 mill- jarða króna á árinu.

Umbótum á skuldabréfamarkaði var haldið áfram á árinu 1997. Árið 1996 tók Seðlabankinn þá ákvörðun að hverfa af langtímamarkaði og gerði fjárvörslusamninga við þrjú verðbréfafyrirtæki að undan- gengnu útboði. Bankinn afhenti þeim hluta af verðbréfasafni sínu og hætti um leið að gegna hlutverki viðskiptavaka með spariskírteini, hús- næðisbréf og ríkisbréf. Reynsla af þessum samningum var góð og voru þeir endurnýjaðir í mars 1997. Nýju samningarnir voru umfangsmeiri en þeir fyrri og í kjölfar þeirra lýstu tveir bankar yfir því að þeir myndu gegna hlutverki viðskiptavaka með ákveðna flokka ríkisverðbréfa með sama hætti og aðilar að fjárvörslusamningunum. Ekki er ólíklegt að þró- unin verði sú að slíkir samningar verði óþarfir og Seðlabankinn þurfi ekki að hafa frekari afskipti af þessum markaði. Ríkissjóður endurskipu- lagði spariskírteinaflokk sína til að gera markað fyrir þessi bréf betri og skilvirkari. Jafnframt tók Húsnæðisstofnun að fækka flokkum húsnæðisbréfa og húsnaðisbréfa og stækka og gerði samninga við verðbréfafyrirtæki um viðskiptavakt í ákveðnum flokkum. Allar þessar breytingar stuðluðu að bættri verðmyndun ríkistryggðra skuldabréfa og aukningu viðskipta á Verðbréfabingi.

Seðlabankinn hóf á árinu 1997 undirbúning að breytingum á stjórnækjum sínum. Markmið breytinganna var tvíþætt, annars vegar að samræma starfsskilyrði innanlands og aðgang lánastofnana að fyrir- greiðslu í Seðlabankanum og hins vegar að samræma starfsskilyrði innlendra stofnana og lánastofnana á Evrópska efnahagssvæðinu. Breyt- ingarnar snerta lausafjárvöð, bindiskyldu og fyrirgreiðsluform Seðla- bankans við lánastofnanir. Undirbúningi lauk í byrjun árs 1998 og kom fyrsti áfanginn til framkvæmda 1. mars það ár. Breytingarnar miða að því að draga úr sjálfvirkum aðgangi lánastofnana að Seðlabankanum og að örva lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki til markaðsmyndunar á peningamarkaði, gjalddeyrismarkaði og verðbréfamarkaði.

Á árinu 1997 urðu einnig breytingar á skipulagi gjalddeyrismark- aðar. Gengisskráningarfundirnir voru lagðir niður en í þeirra stað tekinn upp samfelldur gjalddeyrismarkaður innan dagsins. Jafnframt tóku markaðsaðilar aðrir en Seðlabankinn að sér hlutverk viðskiptavaka á þessum markaði. Með þessari breytingu var komið á hliðstæðri skipan og gildir í mörgum nágrannalöndum. Viðskipti Seðlabankans við mark- aðsaðila á gjalddeyrismarkaði eru nú ætíð að frumkvæði bankans og verða því að skoðast sem inngríp. Breytt markaðsfyrirkomulag stór- bætti einnig upplýsingaflæðið um markaðsaðstæður, gerði markaðinn virkari og allar upplýsingar um áraun á gengið koma jafnóðum fram. Um leið jukust gjalddeyrisviðskipti til mikilla muna. Heildarvelta á


gjaldeyrismarkaði árið 1997 nam tæpum 162 ma.kr. og jókst um 100% frá árinu 1996. Jafnframt minnkaði verulega hlutdeild Seðlabankans í viðskiptum á gjaldeyrismarkaðnum, úr 82% af heildarveltu árið 1996 í tæp 37% 1997. Daglegar sveiflur í gengi jukust, en þó ekki mikið miðað við það sem gerist hjá öðrum þjóðum.

Á peningamarkaði lækkaði ávöxtun fram eftir árinu en hækkaði í kjölfar vaxtabreytinga Seðlabankans í nóvember. Í upphafi ársins var ávöxtun þriggja mánaða ríkisvixla í kaupboðum Seðlabankans á Verðbréfaþingi 7,07%. Nokkur hækkun varð síðan í febrúar og mars þegar kjaraviðræður stóðu yfir og lækkaði síðan aftur í 6,91% í október. Eftir aðgerðir Seðlabankans í nóvember hækkuðu vextir þriggja mánaða vixla í 7,22% og voru þannig í lok ársins. Lítil lánsfjárförf ríkissjóðs á árinu 1997 leiddi m.a. til þess að á tímabili var talsverð umframefirspurn eftir ríkisvixlum auk þess sem ýmsir aðilar sýndu ríkisvixlum vaxandi áhuga vegna ávöxtunar lausafjár.

Litlar breytingar urðu á ávöxtun verðtryggðra bréfa á skuldabréfamarkaði framan af ári, en um miðbik ársins lækkaði ávöxtun helstu spariskírteina og húsbreifa verulega. Frá ársbyrjun til ársloka 1997 lækkaði ávöxtun húsbreifa um 0,48 prósentustig, úr 5,78% í 5,30%. Sambærileg lækkan varð á ávöxtun spariskírteina. Þessar vaxtalækkunir má m.a. rekja til minni lánsfjáreftirspurnar ríkissjóðs. Ávöxtun óverðtryggðra ríkisbréfa lækkaði mikið 1997, einkum eftir að kjarasamningar höfðu verið gerðir. Í upphafi ársins hækkaði þó ávöxtun þriggja ára ríkisbréfa um tæplega ½ prósentustig úr 9,38% í 9,84%. Frá byrjun febrúar til áramóta lækkaði ávöxtun þeirra síðan um rúmlega 1,5 prósentustig en þó með nokkrum sveiflum. Var ávöxtun þeirra 8,3% í árslok.

Þrátt fyrir að vextir á peninga- og skuldabréfamarkaði hafi lækkað nokkuð 1997 voru útlánsvextir banka og sparisjóða nánast óbreyttir. Á útlánahlið hækkuðu vextir á almennum víxillánnum og yfirdráttarlánnum um 0,3 prósentustig 1997, en meðalvextir af óverðtryggðum lánnum um 0,1 prósentustig. Meðalvextir verðtryggðra skuldabréfa voru þeir sömu í lok ársins og í byrjun þess. Á innlánahlið hækkuðu vextir á almennum sparisjóðsbókum um 0,1 prósentustig en vextir verðtryggðra reikninga lækkuðu um 0,1-0,3 prósentustig.

Á undanförunum tveimur árum hefur Seðlabankinn veitt þróun greiðslumiðlunar vaxandi athygli, bæði þróun einstakra greiðslumiðla og uppgjörskerfa. Á árinu 1996 birti Seðlabankinn skýrslu um rafræna greiðslumiðlun þar sem fjallað var um áhrif nýrra greiðslumiðla svo sem rafeyriskorta og netfjár á greiðslumiðlun. Á árinu 1997 birti Seðlabankinn síðan skýrslu um greiðslumiðlun þar sem borið var saman fyrirkomulag uppgjör greiðslumiðlunar hér á landi og erlendis. Fyrirkomulag greiðsluuppgjör hefur verið óbreytt hér á landi um margra ára skeið eða allt frá árinu 1975 þegar Reiknistofa bankanna hóf starfrækslu greiðslujöfnunarkerfis banka og sparisjóða og handvirk flokkun tékka og millifærslna var aflögð. Á undanförunum árum hefur gætt vaxandi áhyggna á alþjóðavettvangi um að jöfnunarkerfi af þessu tagi taki ekki



með fullnægjandi hætti á þeirri áhættu sem greiðsluuppgjöri fylgir. Við þessu hefur verið brugðist með tvennum hætti. Annars vegar með því að setja skilyrði fyrir jöfnunarkerfi sem draga á úr áhættu og skilgreina leiðir ef einhver uppgjörsaðili getur ekki af einhverjum ástæðum innt af hendi skuldbindingar sínar. Hins vegar með því að hverfa frá jöfnun og taka þess í stað upp samtímabókunarkerfi fyrir einstakar færslur. Nú virðist almennt viðurkennt að uppgjörskerfi þar sem seðlabanki leggur til uppgjörreikninga skuli vera samtímabókunarkerfi. Vegna þessara viðhorfa hóf Seðlabanki Íslands á árinu 1997 endurskoðun á uppgjörskerfum með það fyrir augum að laga þau að alþjóðlega viðurkenndum sjónarmiðum. Unnið var að þessum undirbúningi í samstarfi við banka, sparisjóði og Reiknistofu bankanna. Er að því stefnt að uppgjörskerfi Seðlabankans verði gert að samtímabókunarkerfi á árinu 1999. Rétt er að hafa í huga að þátttaka í TARGET-uppgjörskerfi Seðlabanka Evrópu verður háð því að viðkomandi seðlabanki reki samtímabókunarkerfi.

Undirbúningur að myntsamruna í Evrópu og stofnun Seðlabanka Evrópu er nú vel á veg kominn. Fátt virðist geta komið í veg fyrir að hin nýja mynt, evran, verði tekin upp 1. janúar 1999. Það mun hafa margvísleg áhrif hér á landi þótt ekki verði séð að þau verði mjög afdrifarík, a.m.k. ekki í byrjun. Seðlabankinn hefur talið það nauðsynlegt að fylgjast sem best með þessum undirbúningi, m.a. til að greina hver áhrifin verði hér á landi og hvaða kostir séu í boði fyrir Ísland. Í júní 1997 gaf Seðlabankinn út skýrslu um aðdraganda og áhrif stofnunar Myntbandalags Evrópu. Bankinn mun eftir því sem tilefni gefst til gefa út áfanga-skýrslur um málið. Þá hefur ríkisstjórnin sett á fót samráðshóp um áhrif Myntbandalags Evrópu á Íslandi og hugsanleg viðbrögð. Seðlabankinn á fulltrúa í hópnum. Þegar þetta er ritað bendir allt til þess að 11 þjóðir verði með frá upphafi. Hafa verður í huga að miðað við vöruviðskipti ársins 1996 voru aðeins tæplega 33% af vöruviðskiptum Íslands við þessi lönd. Áhrifin verða því ekki eins yfirþyrmandi í upphafi a.m.k. eins og stundum er látið að liggja í opinberri umræðu hér á landi. Þau má þó ekki vanmeta og mun Seðlabankinn leggja sitt af mörkum til að skýra þau og greina ekki síst þá kosti sem til álita koma um fyrirkomulag gengismála.

1. ALÞJÓÐLEG EFNAHAGSÞRÓUN


Framvinda alþjóðlegra efnahagsmála tók nokkrum stakkaskiptum á árinu. Framan af þótti þróun efnahagsmála að flestu leyti hagstæð, reyndar óvenju hagstæð, en í byrjun júlímánaðar hófst viðburðarás í Asíu, sem hefur gjörbreytt hagvaxtarhorfum til hins verra í sumum heimshlutum og mun að líkindum draga nokkuð úr hagvexti víðast hvar í heiminum. Þessi áhrif eru aðeins að litlu leyti komin fram í hagtölum ársins 1997, en munu koma fram af fullum þunga árið 1998. Í desember 1997 áætlaði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að vöxtur heimsframleiðslu yrði um 4,1% á árinu 1997, sem er ágætur hagvöxtur í samanburði við fyrri ár, en þó 0,3% minni vöxtur en stofnunin hafði spáð í maí 1997.

Hagvöxtur í hinum þróuðu ríkjum heims var á heildina lítið góður, þótt töluverður munur væri á stöðu hagsveiflunnar í helstu iðnríkjunum. Öflugur hagvöxtur hélt áfram í Norður-Ameríku, Bretlandi og nokkrum minni þróuðum ríkjum, en í nokkrum helstu ríkjum meginlands Evrópu, einkum í Þýskalandi, Frakklandi og á Ítalíu, var hagvöxtur fremur dræmur, en þó vaxandi. Í desember áætlaði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að hagvöxtur í Bandaríkjunum og Kanada árið 1997 yrði 3,8% og 3,7%. Í Bretlandi og mörgum minni Evrópuríkjum er einnig gert ráð fyrir að hagvöxtur hafi verið á bilinu 3-4% eða meiri, en einungis 2,4% í ríkjum Evrópusambandsins að meðaltali.

Japan hefur átt við efnahagslægd að etja frá því í byrjun 10. áratugarins. Hagvöxtur virtist nokkuð hafa náð sér á strik árið 1996, en þegar dregið var úr örvandi eftirspurnaraðgerðum hins opinbera á árinu 1997 fylgdi því mjög snöggur samdráttur á öðrum fjórðungi ársins. Efnahagskreppan sem reið yfir Asíu síðari hluta ársins bætti gráu ofan á svart, og er gert ráð fyrir að hagvöxtur hafi verið sáralítill á árinu 1997.

Í spá sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gaf út í desember var reiknað að með 5,9% hagvexti í þróunarríkjum árið 1997, samanborið við 6,4% árið áður. Það gæti talist ágætur hagvöxtur, þótt hann sé nokkuð minni en áður var spáð. Þess ber hins vegar að gæta að áhrif kreppunnar í Asíu eru aðeins að litlu leyti komin fram í hagtölum ársins 1997. Framan af

Hagvöxtur og magnvöxtur heimsverslunar
% breytingar á milli ára



Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

ríkti bjartsýni um að gjaldeyriskreppan sem reið yfir mörg lönd Suðaustur-Asíu sumarið 1997 og verðhrun hlutabréfa á ýmsum nýmörkuðum og víðar í kjölfarið myndi ekki hafa langvarandi áhrif á hagvöxt, hvorki í Asíu né annars staðar. Þessi bjartsýni lét nokkuð undan síga eftir því sem leið á árið 1997 og ýmsir kerfislægir veikleikar í efnahagslífi, einkum fjármálakerfi, þeirra landa í Asíu sem fyrir mestum skakkaföllum urðu komu betur í ljós.

Tafla II.1. Alþjóðleg hagþróun

Hagvöxtur, % á ári ¹	Áætlun				
	1993	1994	1995	1996	1997
Heimsframleiðsla	2,5	3,7	3,6	4,0	4,1
Evrópusambandið.....	-0,5	2,9	2,5	1,7	2,6
Bandaríkin.....	2,3	3,5	2,0	2,8	3,8
Japan.....	0,1	0,5	1,5	3,9	1,0
Próunarlönd.....	6,1	6,6	5,9	6,4	5,9
Umskiptaríki.....	-9,1	-8,8	-1,3	-1,1	1,9
Magnvöxtur heimsverslunar, % á ári	3,9	8,8	9,5	6,2	8,4
Verðbólga ²					
Evrópusambandið.....	3,5	3,0	3,0	2,4	1,9
Bandaríkin.....	3,0	2,6	2,8	2,9	2,4
Atvinnuleysi					
Evrópusambandið.....	11,1	11,5	11,2	11,4	11,3
Bandaríkin.....	6,9	6,1	5,6	5,4	5,0
Jöfnuður hins opinbera, % af VLF ³					
Evrópusambandið.....	-6,4	-5,8	-5,1	-4,3	-2,7
Bandaríkin.....	-3,6	-2,3	-1,9	-1,1	0,0

1. Raunbreyting landsframleiðslu á milli ára. 2. Vísitölur neysluverðs. 3. Hlutfall af vergri landsframleiðslu. Tekjújöfnuður hins opinbera; ríkis, sveitarfélaga og almannatrygginga.

Heimildir: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, OECD og Consensus Forecasts.


Áhrif kreppunnar í Asíulöndum á efnahagslíf hinna ýmsu hluta heimsins eru mismikil. Mest verða þau eðlilega innan Asíu, þ. á m. í Japan. Hins vegar er almennt talið að áhrifin muni verða tiltölulega takmörkuð í hinum þróuðu löndum Evrópu og Ameríku, einkum þeim löndum sem eru í þeirri stöðu að þurfa hvort eð er að hægja á hagvexti til þess að halda verðbólgu í skefjum. Þannig háttar t.d. málum í Bandaríkjunum, Bretlandi og nokkrum öðrum Evrópuríkjum. Almennt er talið að jafn mikill hagvöxtur og verið hefur í Bandaríkjunum á síðustu misserum samræmist ekki stöðugu verðlagi til lengdar. Atvinnuleysi þar fór niður fyrir 5% á öðrum fjórðungi ársins 1997. Vísbendingar sem að öllu jöfnu hafa forsagnargildi um verðlagsþróun hafa þó ekki bent til yfirvofandi verðbólgu og hefur bandaríski seðlabankinn haldið að sér höndum frá því í marslok 1997. Vaxandi alþjóðleg samkeppni, hagnýting upplýsingatækninnar og skilvirkni vinnumarkaðar eru meðal skýringa sem fram hafa komið á litlum verðbólguþrýstingi. Við þetta bætist að kreppan í Asíu mun leiða til meiri lækkunar innflutningsverðs og draga úr spurn eftir útflutningi Bandaríkjanna og annarra landa. Af því leiðir að

þörfin fyrir aðhaldssemi í peningamálum hefur minnkað enn frekar. Áhrif kreppunnar í Asíu á bandarískt efnahagslíf verða því e.t.v. fyrst og fremst þau að draga úr umsvifum í öðrum geirum þjóðarþúsins en annars hefði orðið, þ.e.a.s. útflutningsgeiranum í stað þeirra atvinnugreina sem næmastar eru fyrir vaxtabreytingum. Svipaða sögu er að segja um Bretland og Kanada og annars staðar þar sem efnahagsleg uppsveifla er lengst á veg komin.

Mjög skipti í tvö horn hvað varðar efnahagsþróun í Evrópu. Eins og komið hefur fram, hefur hagvöxtur verið með ágætum í Bretlandi og nokkrum minni Evrópuríkjum. Þannig reiknar OECD með að hagvöxtur árið 1997 hafi verið 7,5% á Írlandi, 4,6% í Finnlandi og að í 12 öðrum Evrópulöndum, að Tyrklandi meðtöldu, hafi hagvöxtur verið umfram 3%. Þýskaland, Frakkland, Ítalía, Belgía, Austurríki og Sviss bjuggu hins vegar enn við fremur slakan hagvöxt á árinu 1997, þótt hagvöxtur þar hafi einnig glæðst á árinu. Hinn 10. október 1997 ákvað þýski seðlabankinn að hækka vexti í endurhverfum viðskiptum úr 3,0% í 3,3%, eftir að hafa haldið þeim í sögulegu lágmarki um alllangt skeið. Að mati þýska seðlabankans fól sú hækking í sér fráhrarf frá tímabili slökunar í peningamálum í átt til hlutlausrar stefnu. Önnur Evrópulönd sem hafa nán efnahagsleg tengsl við Þýskaland fylgdu strax í kjölfarið.

Þótt hagvöxtur ykist víða í Evrópu á árinu 1997, dugði það ekki til þess að draga verulega úr atvinnuleysi í stærstu ríkjunum. Þvert á móti hélt atvinnuleysi áfram að vaxa í Þýskalandi og Frakklandi og voru jafnvel ný met slegin í þeim eignum. Í desemberskýrslu sinni reiknaði OECD með að atvinnuleysi hefði verið 11,4% í Þýskalandi árið 1997, eða svipað og í Evrópusambandinu öllu og rúmlega 1% meira en 1996, og 12,4% í Frakklandi, einnig lítillega meira en árið áður. Atvinnuleysi jókst einnig á Ítalíu, í Sviss, Tékklandi, Grikklandi og Lúxemborg en fór annars lækkandi eða stóð í stað. Mikið atvinnuleysi í Evrópu má að hluta til rekja til lítils hagvaxtar, sem aukið aðhald í fjármálum hins opinbera hefur tímabundið átt þátt í að halda niðri. Því hefur einnig verið haldið fram að ekki hafi verið slakað nægilega tímanlega á peningalegu aðhaldi í Evrópu í takt við aukið aðhald í opinberum fjármálum vegna Maastrichtskilyrðanna. Stór hluti atvinnuleysis í Evrópu er hins vegar kerfislægur að mati flestra stofnana og hagfræðinga.

Samkvæmt ákvæðum Maastrichtsatmmálans er það forsenda fyrir þátttöku í þriðja áfanga Efnahags- og myntbandalags Evrópu (EMU) að halli hins opinbera árið 1997 hafi ekki verið meiri en sem nam 3% af vergri landsframleiðslu þess árs. Töluverður árangur náðist í mörgum löndum Evrópusambandsins við að draga úr hallarekstri hins opinbera, þótt víða hafi lítill hagvöxtur og mikið atvinnuleysi tafið árangur, þar á meðal í tveimur helstu löndum væntanlegs Efnahags- og myntbandalags, Þýskalandi og Frakklandi. Nú eru horfur á að öllum löndum ESB, að Grikklandi undanskildu, takist að uppfylla þetta ákvæði, þótt víða muni litlu, þ. á m. í Þýskalandi. Sé tekið tillit til hagsveifluáhrifa má reikna með að kerfislægur halli í löndum Evrópusambandsins sé alls staðar vel undir 3%, nema í Grikklandi. Flest bendir því til að breiður





Heimild: OECD.

Jöfnuður hins opinbera sem % af VLF

	1995	1996	1997
Bandaríkin	-1,9	-1,1	0,0
Japan	-3,7	-4,4	-2,8
Þýskaland	-3,3	-3,4	-3,0
Frakkland	-5,0	-4,1	-3,1
Ítalía	-7,0	-6,7	-3,0
Bretland	-5,6	-4,7	-2,3
Kanada	-4,1	-1,8	0,4
Svíþjóð	-7,0	-3,3	-1,5
Ísland	-3,0	-1,6	-0,1
Evrópu-sambandið	-5,1	-4,3	-2,7

Heimildir: OECD, Seðlabanki Íslands.



Heimild: OECD.

hópur Evrópusambandsríkja muni stofna Efnahags- og myntbandalag Evrópu á tilsettum tíma, 1. janúar árið 1999.

Þróun vaxta- og gengismála á árinu 1997 endurspeglar ólíkar þarfir hinna ýmsu landa með tilliti til hagsveiflunnar. Í flestum Evrópulöndum og í Japan hafði verið slakað á í peningamálum á síðustu árum í því skyni að örva hagvöxt. Vextir á peningamarkaði hafa því verið lágir og gengi gjaldmiðla þessara landa hefur veikst. Nær óslitin lækkun þýska marksins og japanska jensins gagnvart Bandaríkjadal frá því gengi þeirra reis hæst á árinu 1995 hélt áfram á árinu 1997. Þó styrktist jenið nokkuð um tíma á fyrri hluta ársins, en veiktist á ný eftir að veikleikamerki komu fram í japönsku efnahagslífi um mitt árið og enn frekar eftir því sem kreppan í Asíulöndum ágerðist. Gengi þýska marksins varð í ágúst lægra gagnvart Bandaríkjadal en um margra ára skeið, eða 1,89 mörk á Bandaríkjadal, og um 27½% lægra en það varð hæst á árinu 1995. Gengi marksins styrktist tímabundið á haustmánuðum vegna hagstæðrar þróunar utanríkisviðskipta og í kjölfar vaxtahækkunar þýska seðlabankans, eða um 8% gagnvart Bandaríkjadal frá lægstu stöðu í ágústmánuði, en lét undan síga á ný í lok ársins.

Öfugt við flest helstu lönd væntanlegs myntbandalags snérist stjórn peningamála í Bretlandi á árinu 1997 um að halda aftur af eftirspurn. Fljótlega að loknum kosningum ákvað ný ríkisstjórn að auka sjálfstæði Englandsbanka og gefa honum fullt frelsi til að ákveða skammtíamavexti. Bankinn notaði nýfengið frelsi strax til þess að hækka vexti og hækkuðu vextir bankans í endurhverfum viðskiptum þrívægis á tímabilinu frá júní til ágúst, úr 6% í 7%. Bandaríski seðlabankinn hækkaði vexti í mars, en beið síðan átektu, enda gerði kreppan í Suðaustur-Asíu það að verkum að minni þörf en ella var á auknu aðhaldi á sviði peningamála.

Sá viðburður sem öðrum fremur setti mark sitt á þróun alþjóðlegra efnahagsmála á árinu 1997 var sú efnahags- og fjármálakreppa sem reið yfir mörg lönd í Asíu. Kreppan hófst með mikilli gengislækkun taílenska batsins í júlíbyrjun, en breiddist fljótlega út til nærliggjandi landa og áhrifanna gætti um heim allan, einkum á verðbréfamörkuðum. Kreppan í Asíu, eins og kreppan sem hófst í Mexíkó um áramótin 1994/1995 og gjaldeyriskreppur í Evrópu á árunum 1992-1993, einkenndist af því lykilllutverki sem sífellt afkastameiri fjármagnsmarkaðir eru teknir að gegna. Stórfelldar fjármagnshreyfingar hafa tilhneigingu til þess að magna uppsveiflur og bakslög, sem í sumum tilfellum myndu tæpast leiða til alvarlegrar kreppu. Eflaust er langt frá því að þau róttæku umskipti sem orðið hafa í efnahagslífi margra Asíulanda á skömmum tíma hafi verið skilin til fulls. Hins vegar má ætla að orsakir efnahagsvandræða Asíuríkja liggja að einhverju leyti í samspieli breytinga á ytri skilyrðum, þeirrar efnahagsstefnu sem rekin var í löndunum og kerfislægra veikleika sem einkum voru til staðar í fjármálakerfinu. Nærtækt er að skýra upphaf erfiðleikanna með því að líta til ytri aðstæðna sem ollu því að verulega hægði á útflutningi margra Asíuríkja árið 1996. Verðfall varð á útflutningsafurðum margra Asíulanda, sem

mörg hafa reynt að feta sömu slóð, með áherslu á útflutning á sviði rafeindaiðnaðar. Á sama tíma hækkaði raungengi gjaldmiðla þessara landa, sökum hækkunar á gengi Bandaríkjadals, sem löndin höfðu fylgt. Þessi raungengishækkun kom eftir tímabil lágs raungengis, einkum árið 1995 þegar gengi japanska jensins reis sem hæst, sem hafði kynt undir ofþenslu í þjóðarbúskap þeirra og vaxandi halla á utanríkisviðskiptum. Þessar aðstæður hefðu þó tæpast orðið tilefni stórfelldrar efnahagskreppu ef ekki hefðu komið til undirliggjandi veikleikar fjármálakerfisins og öfgafullar fjármagnshreyfingar magnað hagsveiflur.

Efnahags- og fjármálakreppan í ýmsum löndum Asíu og órói á verðbréfa- og gjaldeyrismörkuðum víða um heim í kjölfarið, áframhaldandi erfiðleikar í japönsku efnahagslífi og stórfellt atvinnuleysi í Evrópu vörpuðu skugga á annars nokkuð góða heildarmynd efnahagsmála í heiminum á árinu 1997. Núverandi hagvaxtarskeið í Bandaríkjunum er orðið á meðal þeirra lengstu sem komið hafa og hagvöxtur hefur smám saman verið að glæðast í helstu löndum á meginlandi Evrópu, þótt hann hafi farið hægt af stað, og uppgangur var á Bretlandi og Norðurlöndum. Í samhengi íslenskra efnahagsmála skiptir efnahagsþróunin í Evrópu, ekki síst í mörgum þeim löndum sem verið hafa í uppsveiflu, mestu máli. Því má fullyrða að efnahagsmál í heiminum hafi á heildina litið skapað ákjósanleg ytri skilyrði fyrir íslenska þjóðarbúið á árinu 1997.

2. INNLEND HAGÞRÓUN

Efnahagsþróun ársins 1997, eins og ársins á undan, einkenndist af öflugum hagvexti og öllu meiri en fyrirfram var búist við. Áætlað er að verg landsframleiðsla hafi aukist um 5% að magni. Þessi mikli vöxtur var einkum borinn uppi af vaxandi einkaneyslu og áframhaldandi uppsveiflu í fjárfestingu, en árin 1996 og 1997 var fjármunamyndun að rísa úr djúpri og langvarandi lægð. Ör hagvöxtur síðustu tveggja ára vekur þá spurningu hvort áfram verði haldið á braut svo mikils hagvaxtar, án þess að stoðum sé kippt undan þeim stöðugleika sem náðst hefur í efnahagsmálum þjóðarinnar á undanförunum árum, bæði í verðlagi og viðskiptum við útlönd. Mikil aukning innlendra eftirspurnar undanfarin tvö ár hefur leitt til nokkurra umskipta í viðskiptajöfnuði, sem snerist í halla árin 1996 og 1997, eftir afgang í þrjú ár samfellt. Hallamyndun á viðskiptajöfnuði við skilyrði öflugs hagvaxtar þarf í sjálfu sér ekki að vera merki óheilbrigðs ástands efnahagsmála, að svo miklu leyti sem arðbær fjárfesting stendur að baki hennar. Að verulegu leyti má segja að það eigi við um þann halla sem myndaðist árið 1997.

Verðlagsþróun á síðustu árum hefur verið öllu hagstæðari en spár gáfu til kynna, sem er í takt við alþjóðlega tilhneigingu. Svo var einnig árið 1997. Umtalsverð hækkun á launakostnaði virtist ekki skila sér út í verðlag í samræmi við sögulega reynslu. Litla verðbólgu hérlendis árið 1997 verður þó að setja í samhengi við hagstæð ytri verðlagsskilyrði og gengisþróun á árinu.

Gengi gjaldmiðla nokkurra Asíulanda gagnvart USD

Land	Gjaldmiðill	Breyting í % yfir árið 1997
Taíland	Bat	-45,0
Indónesía	Rúpía	-56,3
Suður-Kórea	Vonn	-50,3
Malasía	Ringit	-34,9
Filippseyjar	Pesi	-34,4

Heimild: Reuter.

Vísbendingar komu fram um aukna spennu á vinnumarkaði, þótt enn sem komið er virðist áhrifin fremur staðbundin eða bundin við fáar starfsgreinar. Ljóst er hins vegar að talsvert hefur gengið á þann slaka sem var á vinnumarkaðinum og því vafamál hvort þróun síðustu tveggja ára geti haldið áfram öllu lengur, án þess að verulegrar spennu taki að gæta með tilheyrandi launaskriði. Takist að halda vexti eftirspurnar í skefjum og gengi stöðugu og sleppi þjóðarbúið við meiriháttar ytri áföll, virðast líkur á áframhaldandi stöðugleika þó góðar.


Ytri skilyrði og samkeppnisstaða

Ytri skilyrði þjóðarbúsins árið 1997 voru í stórum dráttum svipuð og árið áður. Verð helstu útflutningsafurða hækkaði lítillega á milli ára. Útflutningsverð sjávarafurða í erlendri mynt hækkaði um 3,5% á milli ára. Hækkunin var mest undir lok ársins og frá upphafi til loka árs nam hækkun í erlendri mynt 11%, en heldur minna í krónum talið sökum gengishækkunar krónunnar. Þróun álverðs var einnig hagstæð bæði af völdum verðhækkana á markaði og gengishækkunar Bandaríkjadals, en hvort tveggja hækkaði um u.þ.b. 6% milli ára. Hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum var yfirleitt góður og heldur á uppleið í Evrópu, þar sem hann hefur verið dræmur til margra ára. Ekki er sýnilegt að áhrifa kreppunnar í Asíu hafi gætt verulega í verðlagsþróun íslenskra útflutningsafurða, nema e.t.v. í álverði undir lok ársins.

Fiskafli var mikill og reyndar var árið 1997 metaflaár. Á land bárust alls 2,2 milljónir tonna af fiski. Afli jókst mikið á heimamíðum, en dróst saman á fjarmiðum. Áætlað er að verðmæti aflans hafi þó aukist minna en ætla mætti eða um einungis 2,5%, vegna þess að hann var að stórum hluta í uppsjávarfiskum.

Þótt ytri skilyrði þjóðarbúsins hafi að mörgu leyti verið hagstæð á árinu, er erfitt að sjá að þau séu uppspretta þeirrar öflugu uppsveiflu í eftirspurn sem orðið hefur. Fremur má segja að væntingar um bætt ytri skilyrði og aukning ráðstöfunartekna í takt við þær væntingar hafi örvað eftirspurn, bæði fjárfestingu og einkaneyslu.

Raugengi krónunnar hefur nú um nokkurra ára skeið verið með lægsta móti, nálægt sögulegu lágmarki. Lágt raungengi markast af þeim ytri áföllum sem þjóðarbúið varð fyrir, bæði af völdum aflabrests og verðlækkana á erlendum mörkuðum, einkum á árunum 1992-1994. Þá þurfti lægra gengi til þess að viðhalda þökkalegu jafnvægi í utanríkisviðskiptum landsins. Með batnandi aflabrögðum, aukinni fjárfestingu sem væntanlega mun skila sér í meiri útflutningi síðar og heldur batnandi viðskiptakjörum má búast við að raungengi leiti langtíma jafnvægis sem sé nokkru hærra en raungengi undanfarinna ára. Segja má að þeirrar tilhneigingar hafi orðið vart á árinu 1997, einkum ef raungengi er mælt á kvarða hlutfallslegrar þróunar launa. Samt sem áður vó hækkun raungengis árin 1995-1997 einungis upp u.þ.b. þriðjung lækkunar þess árin 1993 og 1994. Áætlað er að raungengi á mælikvarða launa hafi hækkað um 2,5% á árinu 1997, en innan við 1% á verðlagskvarða. Hækkun raungengis miðað við laun má u.þ.b. að jöfnu rekja til




meiri hækkunar launakostnaðar á einingu innanlands en erlendis og gengishækkunar krónunnar.

Útanríkisviðskipti


Við því var búist að viðskiptajöfnuður yrði til muna óhagstæðari á árinu 1997 en árin á undan. Fyrir því lágu einkum tvær ástæður. Í fyrsta lagi var óhjákvæmilegt að stórfelld fjárfesting á sviði orkufreks iðnaðar og virkjunarframkvæmda myndi leiða til mikils innflutnings á fjárfestingarvöru henni tengdri á byggingartímanum, en útflutningur ykist ekki fyrr en síðar. Í öðru lagi var ljóst að kjarabætur sem samið var um á fyrri hluta ársins, skattaráðstafanir ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga og aukin atvinnuþátttaka á uppsveiflutímum myndu leiða til mikillar aukningar ráðstöfunartekna og örva einkaneyslu. Þar við bætist sú tilhneiging heimilanna á fyrstu misserum uppsveiflu að bæta sér upp rýrnun varanlegra neyslugæða á undangengnu stöðunartímabili með auknum kaupum á slíkum varningi, t.d. bifreiðum, sem fjármögnuð eru með lántöku. Þegar öll kurl voru komin til grafar reyndist vöxtur innflutnings þó talsvert minni og viðskiptajöfnuður hagstæðari en spáð var.

Innflutningur vöru og þjónustu jókst um 8% að magni. Þar af jókst vöruinnflutningur um 5,9%, en u.þ.b. 3/5 hluta þeirrar aukningar má rekja til innflutnings neysluvöru, en innan við þriðjung til innflutnings fjárfestingarvöru. Innflutt þjónusta jókst nokkuð meira eða um tæp 16% að verðmæti. Útgjöld til ferðalaga og samgangna jukust verulega, en mest aukning varð á ýmsum öðrum þjónustuútgjöldum. Hluta þeirrar aukningar má einnig rekja til stóriðju fjárfestingar.


Mikil aukning í útfluttri þjónustu yfirgnæfði fremur hægan vöxt vöruútflutnings á árinu 1997. Útflutningur vöru og þjónustu jókst um 5,6%, en vöruútflutningur einn og sér jókst einungis um tæp 2%, sem verður að telja slakan árangur, hvort heldur litið er til samanburðar við vöxt landsframleiðslu, útflutning nágrannaríkja eða heimsverslun. Síðastliðin fjögur ár hefur heimsverslunin aukist um rúm 8% á ári að meðaltali og í áratugi hefur vöxtur heimsverslunarinnar að jafnaði verið mun meiri en sem nemur vexti landsframleiðslu, enda hafa viðskiptahindranir verið á stöðugu undanhaldi um hálfra aldar skeið. Á tímabilinu 1980-1997 nam árlegur vöxtur vöruútflutnings á Íslandi einungis 2,2%, sem er minna en meðalvöxtur landsframleiðslunnar. Vöxtur útflutnings í heild var lítið eitt meiri. Á sama tíma jukust vöruviðskipti í heiminum um u.þ.b. 5½% á hverju ári. Helsta ástæða lítills vaxtar vöruútflutnings árið 1997 var stöðnun og raunar magnsamdráttur í útflutningi sjávarafurða. Jókst verðmæti útfluttra sjávarafurða um 2% frá fyrra ári, en dróst saman um 1% að magni. Útflutningur landbúnaðarafurða dróst einnig saman. Ágætur vöxtur var hins vegar í útflutningi iðnaðarvöru, eins og við var að búast. Álútflytningur jókst um tæp 16% að magni og útflutningur iðnaðarvöru annarrar en stóriðjuafurða jókst um u.þ.b. 10%. Verðmæt aukning útfluttrar þjónustu nam 19,3%, og mætti una við hæga aukningu vöruútflutnings ef örugglega væri um viðvarandi aukningu útfluttrar þjónustu að ræða. Þessa miklu aukningu má



Heimild: Þjóðhagsstofnun.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

hins vegar að hluta rekja til stóriðjuþjárfestingar og annarra þátta sem ekki eru til frambúðar.

Þrátt fyrir dræman vöruútflutning varð útkoma viðskiptajafnaðar betri en spár gerðu ráð fyrir, einkum af völdum meiri útflutnings þjónustu, minni vöruinnflutnings og hagstæðari viðskiptakjara en áður var gert ráð fyrir. Í apríl 1997 spáði Þjóðhagsstofnun 26 ma.kr. halla á viðskiptajöfnuði og 15 ma.kr. halla á vöruskiptajöfnuði. Í október spáði stofnunin 9½ ma.kr. minni vöruskiptahalla en í apríl, en dálítið meiri halla á þjónustujöfnuði. Í reynd varð halli á vöruviðskiptum nær enginn og halli á viðskiptajöfnuði var, þegar upp var staðið, minni en árið áður, eða rúmir 8 ma.kr. Nauðsynlegt er þó að gera nokkra fyrirvara við hagstæða útkomu viðskiptajafnaðar. Nokkuð mikil sala skipa og flugvéla átti sér stað á árinu, sem jók á útflutning sem skráður er á árinu án þess að um viðvarandi útflutningsstarfsemi sé að ræða, og vöruinnflutningur í tengslum við stóriðju- og virkjunarframkvæmdir reyndist minni en upphaflega var áætlað. Erfitt hefur þó reynst að meta verðmæti innflutningsins fyllilega, vegna þess að hann fer í auknum mæli fram á vegum óskyldra aðila. Á móti minni vöruinnflutningi en fyrr var áætlað, er nú talið að viðskipti stóriðjufyrirtækjanna við erlenda verktaka hafi verið öllu meiri en upphaflega var áætlað. Hinir erlendu verktakar kaupa hins vegar í töluverðum mæli þjónustu af innlendum undirverktökum, sem hefur átt sinn þátt í því að bæði innflutt og útflutt þjónusta, önnur en samgöngur og ferðaþjónusta, jókst um hátt í þriðjung milli árana 1996 og 1997.

Í heild virðist viðskiptajöfnuður í betra jafnvægi en fyrirfram var búist við. Vöxtur innflutnings á árinu 1997 getur í raun ekki talist óeðlilega mikill, þegar mikil stóriðjuþjárfesting er höfð í huga. Ef vöxtur vöruútflutnings væri umtalsvert meiri en vöxtur landsframleiðslu, eins og eðlilegt er að sé að jafnaði, og helst eitthvað í líkingu við vöxt heimsverslunar, myndi vöxtur innflutnings um 6% á ári ekki hafa umtalsverðan halla í för með sér. Því má líta á of hægan vöxt útflutnings, ekki síður en öran vöxt eftirspurnar, sem undirrót hallans sem myndast hefur í utanríkisviðskiptum árin 1996 og 1997. Að vísu má búast við að vöxtur útflutnings eflist eftir því sem fjárfesting í stóriðju skilar sér í auknum útflutningi. Vöxtur í útflutningi iðnaðarvöru, annarrar en áls og kísiljárns, og ýmiss konar þjónustu lofar einnig góðu, þótt útflutningur sjávarafurða skipti mestu um heildarútkomuna.

Þjóðarútgjöld

Þjóðarútgjöld jukust um 5,8% árið 1997 sem er heldur minna en árið áður. Áætlað er að fjármunamyndun hafi aukist um tæp 10% og einkaneysla um 6% eða svipað og árið áður. Fjárfestingaruppsveifla hófst með ríflega fjórðungs aukningu fjármunamyndunar á árinu 1996, þegar batnandi horfur á álmarkaði og um ástand fiskstofna leiddu til þess að skriður komst á fjárfestingaráform ál- og sjávarútvegsfyrirtækja. Jafnframt gætti almennt aukinnar bjartsýni í atvinnulífinu sem glæddi fjárfestingu á ýmsum sviðum þess. Fjárfesting á árinu 1997 var að miklu

leyti framhald þeirra ákvarðana sem teknar voru á árinu 1996 á sviði stóriðju- og orkuframkvæmda, en nokkuð dró úr fjárfestingu í sjávarútvegi, eftir uppsveiflu 1996.

Tafla II.2. Helstu þjóðhagsstærðir
Árlegar breytingar í %

	1993	1994	1995	1996	1997
Einkaneysla	-4,5	1,9	4,2	6,4	6,0
Samneysla	2,3	3,7	1,3	1,0	1,5
Fjármunamyndun	-11,4	-1,1	-2,8	26,5	9,9
Þjóðarútgjöld	-4,1	1,5	3,1	7,5	5,8
Útflutningur vöru og þjónustu	7,1	10,0	-2,1	9,6	5,6
Innflutningur vöru og þjónustu	-8,6	4,2	3,8	16,6	8,0
Verg landsframleiðsla	1,0	3,6	1,0	5,5	5,0
Vergar þjóðartekjur	-0,9	2,7	1,9	4,5	5,9
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	0,8	2,2	0,8	-1,8	-1,5

Andrúmsloft bjartsýni sem fylgdi í kjölfar upplýsinga um batnandi ástand þorskostofnsins og auknar framkvæmdir á sviði stóriðju ýttu undir væntingar um aukinn kaupmátt. Gerðir voru kjarasamningar á árinu 1997 sem fólu í sér umtalsverða aukningu kaupmáttar launa. Jafnframt fjölgaði störfum og vinnutími lengdist. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann jókst því umtalsvert eða um 5,9%. Skuldasöfnun heimilanna hélt áfram, en sýndi þó merki þess að hafa náð ákveðnu jafnvægi, sem birtist í því að skuldir heimilanna sem hlutfall af ráðstöfunartekjum jukust mun minna en áður.

Reiknað er með að fjárfesting í stóriðju hafi því sem næst náð hámarki á árinu 1997, í bili að minnsta kosti, en fjárfesting í virkjunum eigi enn eftir að aukast nokkuð. Framkvæmdum vegna stækkunar álvers Ísals lauk síðla árs, en fyrr á árinu hófust af fullum krafti framkvæmdir við byggingu álvers Norðuráls. Áætlað er að stóriðju fjárfesting hafi numið 9,2 ma.kr. á árinu, sem er 2 ma.kr. minna en fyrr var áætlað. Þetta frávik er þó villandi, því að hluta til er það tilkomið sökum tafa við tollafgreiðslu innflutnings, eins og fyrr var greint frá.


Fjárfesting í íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði glæddist á árunum 1996 og 1997, einkum að því er varðar verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Aukin fjárfesting í íbúðarhúsnæði þessi ár gerði þó vart meira en að vega upp samdráttinn árið 1995. Sé horft til lengri tíma hefur fjárfesting í íbúðarhúsnæði, sem undanfarin ár hefur numið um fimmtingi heildarfjárfestingar, verið mjög lítil.

Samneysla á föstu verði jókst um 1,5% árið 1997, sem er mun minna en vöxtur landsframleiðslu. Lækkaði því hlutfall samneyslu af landsframleiðslu í 20,2% og var það þriðja árið í röð sem hlutfallið lækkar, en það hafði farið hækkandi nær óslitið undanfarna áratugi.

Framleiðsla og afkoma helstu atvinnuvega


Árið 1997 var á flestan hátt hagfellt helstu atvinnugreinum landsmanna.

Fjármunamyndun
Magnþróun, 1990 = 100



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Hlutdeild í hagvexti



Heimild: Þjóðhagsstofnun.


Sjávarafli var mikill, verð sjávarafurða fór hækkandi og einnig jókst útflutningur iðnaðarvöru nokkuð, eins og áður hefur komið fram. Umsvif jukust einnig í þjónustugreinum, eins og í verslun, veitinga- og hótélrekstri. Samkvæmt tölum sem unnar eru úr virðisaukaskattskýrslum hefur veltan í þessum greinum aukist um 6,2% milli árana 1996 og 1997, en heildarvelta allra fyrirtækja jókst um 7,4% á sama tíma.

Uppgjör þeirra fyrirtækja sem eru á hlutabréfamarkaði, þ.e.a.s. eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands (VÞÍ) eða á Opna tilboðsmarkaðnum (OTM) gefa allgóða vísbendingu um afkomu atvinnulífsins. Ársreikningar allra fyrirtækja á hlutabréfamarkaði liggja ekki fyrir í heild sinni, þegar þetta er ritað, en draga má sterkar ályktanir um afkomu og stöðu fyrirtækja út frá þeim upplýsingum sem borist hafa. Teknar hafa verið saman niðurstöður úr uppgjörum allra sjávarútvegs- og iðnaðarfyrirtækja sem eru á hlutabréfamarkaði fyrir fyrri helming ársins 1997 og uppgjör fyrir allt árið liggur fyrir frá hluta þeirra. Velta sjávarútvegsfyrirtækja á hlutabréfamarkaði árið 1997 nam um helmingi af heildarveltu sjávarútvegsins og uppgjör þeirra ættu því að gefa góða vísbendingu um afkomu fyrirtækja í greininni.

Afkoma fyrrgreindra sjávarútvegsfyrirtækja á fyrri hluta ársins 1997, mæld sem hagnaður af reglulegri starfsemi, var nokkru lakari en á árinu 1996, eða 2,4% á fyrri hluta ársins 1997 samanborið við 3,6% af veltu árið 1996. Hreinn hagnaður, þ.e. hagnaður þegar tekið hefur verið tillit til óreglulegra liða eins og eignasölu, var hinn sami á fyrri hluta ársins 1997 og allt árið 1996 eða um 6,5% af veltu. Verg rekstrarafkoma (þ.e. fyrir afskriftir og fjármagnsliði) var hins vegar síst lakari en á árinu 1996 eða 16,3% á fyrri hluta 1997, en var tæplega 15% árið 1996. Hin mikla fjárfesting sem fyrirtækin hafa ráðist í á undanföllum árum hefur eðlilega aukinn kostnað í för með sér í formi afskrifta og fjármagnsgjalda, en hún þarf ekki að skila sér umsvifalaust í aukinni framleiðslu og framleiðni. Virðist það meginskýring á nokkru lakari heildarniðurstöðu í árshlutauppgjörum 1997 en árið áður, sé miðað við hagnað af reglulegri starfsemi. Fyrri hluti ársins 1997 var um margt tiltölulega erfiður fyrir sjávarútveginn, sérstaklega landvinnsluna. Fremur lágt verð á ýmsum mikilvægum afurðum og nokkur gengishækkun krónunnar áttu þar hlut að máli. Þegar líða tók á árið fór afurðaverð nærri allra helstu framleiðslutegunda sjávarafurða að hækka, auk þess sem gengishækkun íslensku krónunnar gekk til baka. Ennfremur voru aflbrögð góð og markaðsástand með besta móti á síðari hluta ársins.

Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar um rekstur og efnahag sjávarútvegsfyrirtækja á hlutabréfamarkaði allt árið 1997, virðist ástæða til að ætla að afkoma sjávarútvegsfyrirtækja hafi verið töluvert betri á síðari helmingi ársins en þeim fyrri. Athugun á heildarafkoma 8 sjávarútvegsfyrirtækja, af þeim 12 sem eru á VÞÍ, allt árið 1997 gefur eindregna vísbendingu um að afkoma sjávarútvegsfyrirtækja hafi batnað verulega á síðari helmingi liðins árs. Hagnaður af reglulegri starfsemi fyrirtækjanna 8 var um 4,1% af veltu, samanborið við 3,8% árið 1996. Rekstrarafkoma fyrirtækjanna fyrir afskriftir og vexti var einnig nokkru

Hagnaður af reglulegri starfsemi atvinnurekstrar % af heildarveltu



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

betri árið 1997 en árið áður eða 18,3% af veltu í stað 16,1%. Ennfremur styrktist efnahagur fyrirtækjanna og hafði eiginfjárlutfall þeirra hækkað í rúm 36% úr 34% árið 1996. Velta sjávarútvegsfyrirtækjanna átta er rúmlega 31% af heildarveltu sjávarútvegsins á liðnu ári.

Uppgjör iðnfyrirtækja á hlutabréfamarkaði á fyrri hluta ársins 1997 benda til nokkru lakari hlutfallslegs hreins hagnaðar en var árið 1996. Hreinn hagnaður iðnfyrirtækja, sem eru skráð á VÞÍ, mældist vera 4,5% á fyrri hluta ársins 1997, en u.þ.b. 6% árið 1996. Hægt er að draga þá ályktun af afkomutölum fyrir allt árið 1997 sem borist hafa frá sjö iðnfyrirtækjum af tólf, sem nú eru á VÞÍ, að afkoman hafi versnað frá árinu 1996. Hagnaður af reglulegri starfsemi þeirra var 3,2% yfir allt árið 1997, en var rúmlega 7% árið áður. Hreinn hagnaður var einnig heldur lakari eða 6,8% í stað 7,2% árið 1996. Skýringa á verri afkomu iðnfyrirtækja er helst að leita í mikilli hlutfallslegri hækkun launaliða og miklum afskriftum sem má rekja til mikillar aukningar fastafjármuna á undanförunum árum. Afkoma virðist einnig hafa versnað hjá ýmsum þjónustufyrirtækjum, t.d. á sviði flutningastarfsemi.

Þróun hlutabréfaverðs á markaði gefur nokkra vísbendingu um stöðu atvinnugreina og fyrirtækja. Mikil og stöðug hækkun varð á verði skráðra hlutabréfa, svokallaðri þingvísitölu Verðbréfaþings, allt frá miðju ári 1993 fram í maímánuð 1997. Samanlagt nam þessi hækkun rúmlega 300% á þessu fjögurra ára tímabili, en frá maí 1997 féll þingvísitalan stöðugt til ársloka. Heildarhækkun yfir allt árið 1997 nam þó 13,6%. Margvíslegar skýringar eru á þessum viðsnúningi þingvísitölnunnar. Ljóst er að hlutabréfamarkaðurinn er orðinn mun fréttatengdari en áður og neikvæðar upplýsingar um afkomu fyrirtækja á fyrri hluta ársins 1997 hafa vafalaust haft mikil áhrif, einkum sökum þess að afkomuspár margra fyrirtækja gengu ekki eftir, sem kann að hafa grafið undan trausti meðal fjárfesta. Líklega hefur gengi hlutabréfa verið metið of hátt fyrr á árinu og því eðlilegt að komið hafi til verðleiðréttingar.

Hlutfall vergs rekstrarafgangs af þáttatekjum (afskriftum, vöxtum og hreinum hagnaði) er almennt góð vísbending um heildarafkomu fyrirtækja. Að meðaltali var þetta hlutfall 29% á árunum 1990-95. Árið 1996 var það um 31% og 32% árið 1997. Önnur heildarvísbending um afkomu fyrirtækja er mat Þjóðhagsstofnunar á hreinum hagnaði fyrir skatta sem hún tekur saman úr ársreikningum fyrirtækja. Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar var hreinn hagnaður um 3,4% á árinu 1997, því sem næst sá sami og árið áður, og á svipuðu reki og árin á undan.

Sterk staða fyrirtækja á árinu 1997 endurspeglast einnig í batnandi stöðu fjármálastofnana. Framlög á afskriftareikninga banka og sparisjóða minnkuðu á árinu 1997 og hagnaður þeirra af reglulegri starfsemi jókst verulega.

Vinumarkaður


Ör vöxtur eftirspurnar á árinu 1997 kom skýrt fram á vinnumarkaði. Spurn eftir vinnuafli hélt áfram að aukast umfram framboð og atvinnuleysi fór því minnkandi. Atvinna jókst áfram umtalsvert á milli ára og

Hækkun atvinnugreina-
vísitalna VÞÍ í %



	1996	1997
Hlutabréfasjóðir	32	7
Sjávarútvegur	88	3
Verslun	40	63
Iðnaður	53	13
Flutningur	41	13
Olíudreifing	62	8

Heimild: Verðbréfaþing Íslands.

Verð hlutabréfa 1990-97



Heimild: Verðbréfaþing Íslands.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

nokkru meira en vinnuframboð, en atvinnuþátttaka stóð nánast í stað. Atvinnuleysi á síðari hluta ársins var hið lægsta frá árinu 1992.

Þrátt fyrir minnkandi atvinnuleysi komu ekki fram afdráttarlausar vísbendingar um að atvinnuleysi væri orðið minna en samræmist verðstöðugleika til langs tíma. Þó má líta á miklar umsamdar launahækkanir sem slíka vísbendingu. Einnig komu fram vísbendingar um a.m.k. tímabundinn starfs- eða staðbundinn skort á vinnuafli, en svo virðist sem sveigjanleiki vinnumarkaðarins hafi dugað til þess að mæta slíkum tímabundnum tilvikum umframeftirspurnar, án þess að hún leiddi til umtalsverðs almenns launaskriðs.

Ýmsir kerfisbundnir þættir hafa áhrif á hve lágt atvinnuleysi getur orðið án þess að raska stöðugleika verðlags. Einnig skiptir máli hve hratt dregur úr atvinnuleysi og hve lengi hátt atvinnuleysi hefur varað. Miðað við hve hagvöxtur var ör árin 1996-1997, má segja að minnkun atvinnuleysis hafi lengst af verið hóflega hröð. Þó má greina örari lækkun árstíðaleiðréttis atvinnuleysis síðari hluta ársins 1997. Fyrirtæki bjuggu yfir umtalsverðri umframframleiðslugetu í byrjun uppsveiflunnar, sem gerði þeim fært að auka framleiðslu án samsvarandi aukningar í notkun vinnuafis. Spurn eftir vinnuafli jókst þó ört árið 1996 eða um 3%, en aukin vinnuframboð fylgdi þeirri aukningu nokkuð vel eftir og jókst um 2,3%, enda jókst atvinnuþátttaka þá umtalsvert í fyrsta sinn frá skattlausu árinu 1987, einkum meðal kvenna. Árið 1997 var einungis rúmlega hálfdrættingur á við árið áður að því er aukningu eftirspurnar og framboðs á vinnumarkaði varðar. Eftirspurn jókst um 1,7% og framboð um 1,2%. Eftirtektarvert er að þrátt fyrir öflugan hagvöxt stóð atvinnuþátttaka því sem næst í stað við 76,6%, enda skýrir aukinn fjöldi á vinnualdri fyllilega aukningu vinnuframboðs. Þótt atvinnuþátttaka hafi aukist umtalsvert árið 1996 hafði þá einungis um helmingur samdráttar atvinnuþátttöku á árunum 1991-1993 verið unninn upp. Hlutfall atvinnuþátttöku var mun hærra á árunum 1987-1989, hæst 84,1% skattlausu árið 1987, sem vitaskuld er ekki raunhæfur samanburður. Hugsanlega má túlka þessar tölur sem svo að eitthvert svigrúm sé enn til að auka atvinnu án þess að valdi verulegu ójafnvægi á vinnumarkaði.

Sökum töluverðs aðflutnings fólks með erlent ríkisfang til landsins varð lítils háttar nettóaðflutningur fólks á árinu 1997, í fyrsta sinn frá árinu 1991. Af íslenskum ríkisborgurum voru brottfluttir þó enn rúmlega 500 fleiri en heimfluttir. Fleiri atvinnuleyfi voru gefin út á árinu 1997 en árin á undan. Að mestu leyti var um tímabundin atvinnuleyfi að ræða eða framlengingu slíkra leyfa. Alls voru gefin út 1560 leyfi samborið við 1206 árið 1996, þrátt fyrir fleiri sýnjanir. Þar af voru 875 ný tímabundin atvinnuleyfi gefin út, sem er rúmlega fjórðungs aukning frá árinu áður. Stór hluti þessara atvinnuleyfa var veittur vegna starfa í fiskvinnslu, en nokkur fjölgun varð einnig á sviði málmíðnaðar, verslunar og þjónustu. Á undanförunum árum hefur langtímaatvinnuleysi vaxið hlutfallslega. Þessi þróun hélt áfram á árinu 1997. Þeim sem hafa verið atvinnulausir í 6 mánuði eða lengur fækkaði sáralítið, en fækkun varð mest í hópi þeirra sem hafa verið atvinnulausir skemur en 3 mánuði.

Batnandi staða launþega á vinnumarkaði endurspegladist í umtalsverðum launahækkunum í kjarasamningum sem gerðir voru á árinu 1997. Samið var við flest stærstu verkalýðsfélögin í mars og samningar tókust við nokkra aðra stóra launþegahópa, t.d. kennara, síðar á árinu. Ef tekið er mið af launavísitölu Hagstofu Íslands hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 5,8% á milli árunna 1996 og 1997, en 5,4% að opinberum starfsmönnum og bankamönnum meðtöldum, en samningar voru gerðir við þessa hópa nokkru síðar á árinu. Miðað við vísitölu neysluverðs jókst kaupmáttur launa um 3,6%, en 3,9% á almennum vinnumarkaði. Frá upphafi til loka árs nam kaupmáttaraukningin 5,9%, sé miðað við launavísitölu Hagstofu Íslands. Við árslok var kaupmáttur launa á þennan kvarða hinn mesti frá því snemma árs 1989. Til viðbótar hækkuðu bætur almannatrygginga umfram almennar launahækkanir, tekjuskattshlutfall var lækkað um 1,1% frá 1. maí og iðgjald lífeyris sjóða gert frádráttarbært frá skatti að fullu um mitt ár. Ráðstöfunartekjur á mann jukust því umfram laun eða um 7,9%.

Tafla II.3. Mannafli og atvinnustig

	1992	1993	1994	1995	1996	1997 ¹
Mannafli, þúsundir	126,9	127,7	128,9	130,3	133,3	134,9
Atvinna, þúsundir ársverka	123,0	122,1	122,7	123,7	127,5	129,7
Atvinnuleysi, ársverk	3.868	5.603	6.209	6.538	5.790	5.230
Atvinnuleysi, % af mannafla	3,0	4,4	4,8	5,0	4,3	3,9


1. Bráðabirgðatölur.

Heimildir: Þjóðhagsstofnun, Vinnuálastofnun.

Sökum mikils hagvaxtar hefði mátt búast við nokkru launaskriði, einkum á meðal ákveðinna starfsstétta sem hafa búið við mjög ört vaxandi spurn eftir vinnuafli. Á síðasta fjórðungi ársins 1997 höfðu laun á almennum vinnumarkaði hækkað um 1,7% umfram mat Seðlabankans á þeim launahækkunum sem fólust í gerðum kjarasamningum. Þetta er álfka mikill munur og var á fyrsta fjórðungi ársins 1996. Þótt þessar tölur virðist gefa til kynna að um nokkurt launaskrið hafi verið að ræða á árinu 1997, verður að taka þeim með fyrirvara. Hluti hækkunar launavísitölu á almennum markaði umfram mat Seðlabankans á kjarasamningum stafar af vanmati á þeim hækkunum sem felast í ýmsum sérsamningum sem gerðir voru eftir að meginsamningalotunni lauk. Á hitt ber þó einnig að líta, að síður er að vænta mikils launaskriðs svo skömmu eftir að sammingsbundin laun hafa hækkað eins mikið og gerðist árið 1997. Þótt vísbendingar um launaskrið hafi enn ekki verið afdráttarlausar á árinu 1997 getur það breyst á skömmum tíma ef innlend eftirspurn fær að vaxa hömlulaust.

Verðlagsþróun

Verðbólga árið 1997 var svipuð og undanfarin ár eða 2,2% yfir árið 1997, miðað við hækkun vísitölu neysluverðs, en 1,8% á milli árunna 1996 og 1997. Hækkun vísitölu neysluverðs á árinu stafaði fyrst og



Tafla II.4. Tekjuþróun
Árlegar breytingar í %


	1993	1994	1995	1996	1997 ¹
Kaupmáttur m.v. launavísitölu Hagstofu	-2,7	-0,3	2,8	4,0	3,6
Kaupm. á almennum markaði	-3,1	-0,6	2,6	2,9	3,9
Kaupm. opinb. starfsm. og bankamanna	-1,9	0,3	3,1	5,8	2,9
Kaupmáttur meðallauna opinberra starfsmanna ríkis og borgar	-2,6	1,4	3,4	5,8	6,5 ²
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-6,0	0,7	2,9	3,5	6,0
Kaupmáttur atvinnutekna á mann	-3,8	0,7	3,5	6,4	6,3
Þjódartekjur á mann	-2,0	1,9	1,3	3,9	5,0

1. Bráðabirgðatölur. 2. Fyrstu tveir ársfjórðungar 1997.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðhagsstofnun, Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna.


Vísitala neysluverðs

3 og 12 mánaða %-breytingar á árs kvarða



Vísitala neysluverðs eftir eðli og uppruna

12 mánaða %-breytingar



fremst af hækkun á verði innlendrar vöru og þjónustu, en innfluttar vörur hækkðu lítið vegna lágrar verðbólgu í helstu viðskiptalöndum Íslands og hækkunar á gengi íslensku krónunnar. Þessi niðurstaða er nokkru hagstæðari en spá Seðlabankans sem gerð var að loknum helstu kjarasamningum í apríl, en þá spáði bankinn 2,9% verðbólgu yfir árið 1997, en 2,1% á milli árunna 1996 og 1997. Þegar spáin var gerð í apríl 1997 var gert ráð fyrir að launakostnaður á framleidda einingu hækkaði um 4,4% á árinu 1997 og að innflutningsverð í krónum myndi hækka um 1% á árinu. Í reynd hækkaði launakostnaður á framleidda einingu um 2,5% og innflutningsverð í krónum lækkaði um 1,6%. Svo virðist því sem rætur fráviksins liggi fyrst og fremst í hagstæðari þróun undirliggjandi þátta en gert var ráð fyrir í spá bankans í apríl. Að verðbólguþáttur séu of háar hefur verið algengt víða um heim á síðustu árum og að nokkru leyti endurspeglast það í spá Seðlabankans. Mestu varðar þó að gengi krónunnar var nokkru hærra á árinu 1997 en árið áður. Innflutningsvegið meðalgengi var t.d. 1,7% hærra á árinu 1997 en 1996 og 2,5% hærra ef notuð er vöruviðskiptavog. Þessi þróun vekur þá spurningu hvort hagstæð ytri skilyrði hafa dulið meiri undirliggjandi verðbólgu. Með því að skoða hækkun innlendra þátta vísitölu neysluverðs, að þeim liðum undanskildum sem háðir eru opinberum verðákvörðunum, má fá ákveðna vísbendingu um undirliggjandi verðbólguþrýsting. Þessir þættir vísitölu hækkuðu um rúm 3% á árinu 1997. Innlendar vörur í heild hækkuðu þó nokkru meira eða 4,4%, sem má rekja til mikillar hækkunar búvara, sem eru vörur háðar opinberum verðákvörðunum, og hækkunar húsnæðiskostnaðar. Húsnæðiskostnaður hækkaði um 3,8% á árinu, en hafa verður í huga að fasteignaverð hafði lækkað umtalsvert árin á undan. Þótt hækkun innlendra liða sé töluvert meiri en hækkun vísitölu í heild, eiga opinberar verðákvörðanir nokkuð stóran þátt í þeirri hækkun. Verð innlendrar þjónustu á markaði, sem ætla má að sé næm fyrir innlendum launabreytingum, hækkaði hins vegar heldur minna yfir árið en vísitalan í heild. Þetta bendir ekki til

mikils undirliggjandi þrýstings á verðlag, þótt vissulega megi finna ýmis dæmi um liði sem hafa hækkað nokkuð mikið.

3. OPINBER FJÁRMÁL

Þau tíðindi urðu helst í ríkisfjármálum á árinu 1997 að ríkissjóður var rekinn með 1,2 ma.kr. afgangi á greiðslugrunni þrátt fyrir skattalækkunir og hækkun launakostnaðar á fyrri hluta ársins og þrátt fyrir 3,5 ma.kr. vaxtagreiðslur vegna sérstakrar innlausnar á spariskírteinum. Til samanburðar við fjárlög er nauðsynlegt að horfa framhjá hinum sérstöku vaxtagreiðslum og þannig mældur varð 4,7 ma.kr. afgangur á ríkisbúskapnum, 4,6 ma.kr. meiri en stefnt var að á fjárlögum og er þetta í fyrsta sinn síðan 1984 að ríkissjóður skilar afgangi. Á rekstrargrunni, þar sem tekið er tillit til áfallinna vaxta og lífeyrisskuldbindinga, virðist rekstur ríkissjóðs hafa verið nánast hallalaus, en á árinu 1996 var ríkissjóðshallinn 2 ma.kr. á greiðslugrunni en 8,7 ma.kr. á rekstrargrunni.

Fjármál sveitarfélaga virðast hafa haldist í þokkalegu horfi þótt heldur hafi slaknað á þetta síðasta ár fyrir kosningar. Halli á rekstri 14 þeirra stærstu virðist hafa orðið um 2,9 ma.kr. á árinu 1997, en 1996 var 0,4 ma.kr. afgangur á rekstri sveitarfélaganna.

Afkoma hins opinbera í heild er á rekstrargrunni talin hafa batnað milli ára úr um 8 ma.kr. halla á árinu 1996 í nánast jöfnuð á árinu 1997.


Stefnumið fjárlaga

Fjárlög ársins 1997 mörkuðust af tvennu helst, óvissu um kjarasamninga og endanlegri yfirtöku sveitarfélaganna á rekstri grunnskóla. Stefnt var að jöfnuði á greiðslugrunni og áttu bæði gjöld og tekjur að nema rúmunum 126 ma.kr. eða um 24,3% af vergri landsframleiðslu. Skólahaldið sem fluttist til sveitarfélaganna kostaði ríkissjóð um 6,5 ma.kr. á árinu 1996. Á móti fengu sveitarfélögin aukinn hlut í tekjusköttum sem meta má á rúma 8 ma.kr. miðað við skattstofna 1996, enda var við yfirtökuna gert ráð fyrir auknum umsvifum í grunnskólarekstri, m.a. vegna einsetningar skólanna. Þegar leiðrétt er fyrir yfirtöku skólans var stefnt að sem næst óbreyttum rauntekjum frá fyrra ári miðað við verð landsframleiðslu. Útgjöld til annars en grunnskólans áttu að lækka um u.þ.b. 2 ma.kr. að raunvirði, einkum með niðurskurði í skólamálum, húsnæðismálum, heilbrigðismálum og samgöngumálum. Þegar fjárlög voru samþykkt var að störfum nefnd á vegum stjórnvalda um ráðstafanir til að minnka jaðaráhrif í samspili tekjuskatta og bótagreiðslna. Áætlað var að verja 0,8 ma.kr. til að draga úr slíkum áhrifum og var þeim fjármunum haldið utan við tekjuáætlanir fjárlaga.

Kjarasamningar og skattalækkun


Tvennt réði mestu um frávik ríkisafkomunnar frá fjárlögum, annars vegar kjarasamningar og aðgerðir ríkistjórnarinnar til að liðka fyrir þeim og hins vegar aukning ríkistekna vegna meiri hagvaxtar en gert var ráð

Vísitala fasteignaverðs
Ársfjórðungslegar vísitölur
1. ársfjórðungur 1994=100



Tekjur og gjöld ríkissjóðs

Greiðslugrunnur,
% af landsframleiðslu



Tafla II.5. Fjármál ríkissjóðs

Greiðslugrunnur, ma.kr.	1994	1995	1996	<i>Fjárlög</i>	<i>Útkoma¹</i>
				1997	1997
Tekjur	109,6	114,4	127,7	126,2	132,0
Gjöld	117,0	123,3	129,7	126,1	127,3
Tekjuafgangur	-7,4	-8,9	-2,0	0,1	4,7
Hrein lánsfjárbörf	14,8	18,6	2,7	-1,8	-2,9
Hrein innlend lántaka	3,6	2,2	-4,5	..	3,4
Hreinar erlendar lántökur	11,2	15,6	7,3	..	-6,5
Greiðsluafgangur	-0,1	-0,8	0,1	..	-0,2
<i>Hlutföll af vergri landsframleiðslu (%)</i>					
Tekjur	25,2	25,3	26,3	24,3	25,0
Gjöld	26,9	27,3	26,7	24,3	24,1
Tekjuafgangur	-1,7	-2,0	-0,4	0,0	0,9
Hrein lánsfjárbörf	3,4	4,1	0,6	-0,3	-0,5
Hrein innlend lántaka	0,8	0,5	-0,9	..	0,6
Hrein erlend lántaka	2,6	3,5	1,5	..	-1,2
Greiðslujöfnuður	0,0	-0,2	0,0	..	0,0

1. Vaxtagreiðslur vegna sérstakrar afborgunar taldar sem afborgun


fyrir. Við gerð almennra kjarasamninga í mars tilkynnti ríkisstjórnin um skattalækkanir til að greiða fyrir samkomulagi. Skyldi tekjuskattshlutfall einstaklinga lækka úr 30,4% af tekjum umfram skattleysismörk í 29,3% hinn 1. maí. Bein áhrif skattalækkunarinnar á greiðslustreymi ríkissjóðs voru óveruleg á árinu 1997, annars vegar vegna þess að lækkunin kom ekki fram í staðgreiðsluskilum fyrr en í júní og hins vegar vegna þess að þegar hafði verið gert ráð fyrir 0,8 ma.kr. til að lækka jaðarskatta. Aftur á móti fólst í kjarasamningunum meiri almenn launahækkun en gert var ráð fyrir við fjárlagagerðina. Samningarnir voru því ávísun á auknar tekjur ríkissjóðs. Laun ríkisstarfsmanna hækkuðu í kjölfar almennra kjarasamninga og bætur almannatrygginga voru sömu-leiðis hækkaðar um 4% vegna kjarasamninganna til viðbótar 2% hækkun í ársbyrjun, auk þess sem breytingar til að draga úr jaðaráhrifum í bótakerfinu voru taldar kosta ríkissjóð um 0,4 ma.kr.

Auknar tekjur

Þrátt fyrir tilfærslu tekjustofna til sveitarfélaganna hækkuðu tekjur ríkissjóðs milli ára og urðu 132 ma.kr. á árinu 1997 samanborið við 127,7 ma.kr. árið 1996. Tekjurnar urðu 5,8 ma.kr. meiri en gert var ráð fyrir á fjárlögum. Tekjur af beinum sköttum fóru um 2 ma.kr. eða tæp 8% fram úr fjárlögum, tekjur af óbeinum sköttum voru um 3 ma.kr. umfram fjárlög og aðrar tekjur skiluðu um 0,8 ma.kr. umfram væntingar vegna meiri arðgreiðslna og eignasölu en gert var ráð fyrir á fjárlögum. Orsakir eru auðfundnar í meiri launahækkunum, hagvexti og eftirspurn en búist var við, eins og greint er frá hér að framan. Ef leiðrétt er fyrir þeim tekjustofnum sem ríkissjóður afhenti sveitarfélögum vegna yfirtöku grunnskólans, jukust tekjur milli ára um 7,7%, en raunhækkun

Tekjuafgangur ríkissjóðs

Greiðslugrunnur,
% af landsframleiðslu



miðað við verð landsframleiðslu varð rúm 4%. Hins vegar lækkaði hlutfall tekna af landsframleiðslu milli ára úr 26,4% í 25,1%.


Inneign fyrir útgjaldahækkun

Með þeim aukafjárveitingum, sem samþykktar voru á haustþingi, var gert ráð fyrir að ríkisútgjöld yrðu um 129 ma.kr. á árinu 1997. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds reyndust útgjöld hins vegar nokkru minni eða 127,3 ma.kr. án fyrirframgreiddra spariskírteinvaxta en 130,8 ma.kr. að þeim meðtöldum. Áhrif samninga á gjaldahlið reyndust minni en vænta mætti. Gert hafði verið ráð fyrir 3,5% hækkun launagjalda og tryggingabóta í forsendum fjárlaga og urðu áhrifin litlu meiri. Þótt hækkun launa og bóta yrðu um og yfir 5%, vegur á móti hve seint þær komu fram á árinu. Helstu frávik frá útgjaldaáformum fjárlaga reyndust 0,4 ma.kr. viðbótarútgjöld vegna utanríkismála, 0,6 ma.kr. í skólarekstur og 1,2 ma.kr. vegna heilbrigðismála. Almenn vaxtaútgjöld urðu hins vegar 1,1 ma.kr. lægri en áætlað var á fjárlögum. Ríkisútgjöld önnur en vextir, lífeyrisgreiðslur og útgjöld vegna grunnskólans fóru alls um 3 ma.kr. fram úr fjárlögum og hækkðu um 4% að nafnvirði á milli ára en lækkuðu um 0,6% miðað við verð samneyslu. Þessa lækkun má að mestu rekja til viðhaldsútgjalda og stofnkostnaðar, sem námu um 14 ma.kr. á árinu 1997 eða um 2,7% af landsframleiðslu. Á árunum 1986-95 námu þau að meðaltali 3,5% af landsframleiðslu og aldrei minna en 3,2%. Að hluta er hér um að ræða eðlilegan samdrátt framkvæmda á uppgangstímum, en einnig má benda á að jarðgangagerð í Hvalfirði er á vegum einkaaðila og sveitarfélögin tóku árið 1990 við allri fjármögnun grunnskólabygginga. Engu að síður er óvíst hvort núverandi framkvæmdastig nægir til langframa til að halda við vegakerfi, heilbrigðis- og menntastofnunum og öðrum stöðviðum þjóðfélagsins.

Í uppsveiflunni sem hófst upp úr 1993 hefur tekist að halda aftur af ríkisútgjöldum og því hefur hlutur ríkisins í landsframleiðslu farið lækkandi. Útgjöld án vaxta, grunnskóla og lífeyrisgreiðslna, - sem hentugt er að undanskilja vegna sveiflna og kerfisbreytinga, - hafa á þessum tíma vaxið um tæp 5% á föstu verði landsframleiðslu meðan landsframleiðsla hefur vaxið um 15%. Því hafa þessi útgjöld lækkað sem hlutfall af landsframleiðslu úr 23½% árið 1993 niður í 21½% árið 1997. Lækkunin stafar að hálfu af samdrætti fjárfestingar og viðhalds, en afganginn má rekja til rekstrar og tilfærslna, þeirra útgjalda sem yfirleitt er hvað erfiðast að hemja. Í heild lækkuðu ríkisútgjöld á greiðslugrunni úr 27,5% niður í 24,2% af landsframleiðslu á árunum 1993-7, og er hlutur grunnskólabreytingarinnar þar um 1,3%.

Lánahreyfingar ríkissjóðs

Veitt lán og stofnfjárframlög umfram innheimtar afborganir urðu 1,9 ma.kr. á árinu 1997, en á fjárlögum var gert ráð fyrir 1,7 ma.kr. innstreymi. Mismunurinn stafaði þó að mestu af því að ákveðið var að ríkissjóður hefði milligöngu um 2,6 ma.kr. lántöku Byggingarsjóðs ríkisins í stað þess að sjóðurinn tæki lán með ríkisábyrgð. Ennfremur varð



0,8 ma.kr. útstreymi umfram áætlun vegna aukinna gjaldfresta í innheimtu innflutningsgjalda.

Með 4,7 ma.kr. afgangi á innheimtum tekjum umfram greidd gjöld varð hrein lánsfjárförf ríkissjóðs neikvæð um 2,9 ma.kr. sem þýðir að ríkissjóður greiddi upp meira af lánnum en hann tók á árinu 1997. Voru greiddir upp 6,5 ma.kr. erlendis umfram nýjar lántökur en 3,4 ma.kr. teknir að láni innanlands umfram afborganir. Erlendar skuldir ríkisins lækkuðu úr rúmum 132 ma.kr. í ársbyrjun niður í 127 ma.kr. í árslok. Er það í fyrsta skipti sem erlendar skuldir ríkisins eru greiddar niður á þeim tíma sem sambærilegar tölur eru til fyrir eða frá 1986.

Heildarskuldir ríkisins stóðu nánast í stað á árinu í krónum talið og eru taldar hafa numið um 239 ma.kr. í árslok eða um 45% af landsframleiðslu. Útistandandi kröfur ríkissjóðs, lán og lausaskuldir, eru taldar hafa hækkað úr rúmlega 71 ma.kr. í ársbyrjun í tæpa 74 ma.kr. í árslok. Hreinar skuldir ríkissjóðs lækkuðu því á árinu úr rúmum 168 ma.kr. í rúma 165 ma.kr. eða úr 34,3 í 31% af landsframleiðslu.

Tafla II.6. Hrein fjármögnun ríkissjóðs

Ma.kr.	1993	1994	1995	1996	1997
Hrein fjármögnun ríkissjóðs	12,1	14,7	17,8	2,7	-3,1
Hrein erlend fjármögnun	4,0	11,2	15,6	7,3	-6,5
Nettósalala innlendra verðbréfa	8,1	3,6	2,2	-4,5	3,4
Löng verðbréf, hrein sala ¹	7,6	6,6	0,4	-3,9	6,9
Ríkisvixlar, hrein sala	0,5	-3,0	1,8	-0,6	-3,5
Ríkisverðbréfakaup Seðlabanka	6,7	10,1	-2,7	-7,7	2,2
Löng ríkisverðbréf, hrein kaup	5,5	2,7	2,1	-3,4	-0,1
Ríkisvixlar, hrein kaup	1,2	7,4	-4,8	-4,3	2,4
Hrein verðbréfakaup annarra	1,4	-6,5	4,9	3,2	1,2
Löng verðbréf, hrein kaup	2,1	3,8	-1,6	-0,5	7,0
Ríkisvixlar, hrein kaup	-0,7	-10,4	6,6	3,7	-5,9
Breyting á erl. stöðu Seðlabanka	-2,4	-13,7	-0,5	16,7	-3,2


1. Vaxtagreiðslur af sérstakri innlausn taldar til afborgana.

Eins og á árinu 1996 voru umsvif ríkissjóðs á innlendum lánsfjármarkaði mun meiri á árinu 1997 en nam hreinum lántökum. Haldið var áfram að fækka spariskírteinaflokkum og stækka þá, en átak í þá veru var hafið árið 1996 í þeim tilgangi að auka markaðshæfni spariskírteina og lækka vaxtakostnað ríkissjóðs. Vegna þessara aðgerða voru sala og innlausn spariskírteina afarmikil 1996 og 1997. 1996 var innlausn 24,5 ma.kr. en sala 20,2 ma.kr. Á árinu 1997 snerist taflað við og salan varð 18,5 ma.kr. á móti 12,5 ma.kr. innlausn. Í báðum tilvikum er innlausn áfallinna vaxta talin með. Að auki voru á árinu 1997 seld ríkisbréf fyrir 2,7 ma.kr., tæpan milljarð umfram afborganir ríkisbréfa og annarra innlendra lána. Stofn útistandandi ríkisvixla lækkaði hins vegar um 3,5 ma.kr. og má rekja það til versnandi lausafjárstöðu innlánsstofnana á seinni hluta ársins. Þegar á heildina er litið verður að telja að staða

ríkissjóðs á innlendum lánamarkaði hafi verið harla góð á árinu eins og vænta má með batnandi afkomu.


Fjármál sveitarfélaga

Heldur þyngdi fyrir í rekstri sveitarfélaga á árinu, þó mun minna en varð árin fyrir kosningarnar 1990 og 1994. Samkvæmt þeim upplýsingum fyrir liggja um hag 14 stærstu sveitarfélaganna á árinu voru þau samtals rekin með 2,9 ma.kr. halla. Samkvæmt fjárhagsáætlunum var gert ráð fyrir 1,5 ma.kr. halla, en á árinu 1996 varð samtals 0,9 ma.kr. halli á rekstri þessara sveitarfélaga. Undanfarin ár hefur heildarafkoma sveitarfélaganna verið heldur betri en afkoma þessara 14, og má gera ráð fyrir að halli á rekstri sveitarfélaganna í landinu hafi verið um 2-2½ ma.kr. á árinu 1997. Umsvif sveitarfélaganna jukust verulega milli ára, einkum vegna yfirtöku á grunnskólanum, en auk reksturs sem sveitarfélögin tóku við, stóðu þau mörg hver í miklum framkvæmdum vegna einsetningar skólanna. Tekjur hækkuðu um nær 8 ma.kr., úr 8,3% af landsframleiðslu í 9%. Útgjöld hækkuðu heldur meira, úr 8,3 í 9,3% af landsframleiðslu. Áætlað er að skuldir sveitarfélaga hafi vaxið á árinu úr tæpum 36 ma.kr. í rúma 42 ma.kr. og hækkað úr 7,3% af VLF í 7,9%. Hins vegar hafa skuldir sveitarfélaganna lækkað sem hlutfall af tekjum, þótt sú lækkun stafi alfarið af stóru auknum umsvifum sveitarfélaga.



Búskapur hins opinbera

Þær tölur sem raktar hafa verið hér að framan um búskap ríkisins eru byggðar á greiðslubókhalda ríkissjóðs. Þar vantar ýmsar tekjur og gjöld sem stofnað er til á árinu en koma til greiðslu síðar. Í uppgjöri Þjóðhagsstofnunar um búskap hins opinbera, - ríkis, sveitarfélaga og almannatrygginga - er leitast við að setja undir þessa leka og fylgja stöðlum alþjóðastofnana. Þessar tölur eru því næst því að vera samanturðarhæfar milli landa. Á þennan mælikvarða var búskapur hins opinbera nánast á sléttu á árinu 1997, þótt hallinn næmi um 0,3 ma.kr. eða innan við 0,1% af landsframleiðslu. Árið 1996 nam halli hins opinbera 1,6% af landsframleiðslu en síðast varð afgangur á opinberum rekstri árið 1984, þá 2,2% af landsframleiðslu. Þá voru vergar opinberar skuldir rúm 30% af landsframleiðslu, en í árslok 1997 er áætlað að þær hafi verið um 281 ma.kr. eða 52,7% af landsframleiðslu samanborið við 56,0% í árslok 1996. Samrunaskilyrði Evrópusambandsins hafa á síð-





Tafla II.7. Búskapur hins opinbera¹

	Milljarðar króna				Hlutfall af landsframleiðslu (%)			
	1994	1995	1996	1997	1994	1995	1996	1997
Tekjur	153,7	162,8	177,8	191,9	35,4	36,0	36,6	36,4
Gjöld	174,3	176,2	185,8	192,2	40,1	39,0	38,3	36,5
Tekjuafgangur	-20,6	-13,4	-7,7	-0,3	-4,7	-3,0	-1,6	-0,1
Heildarskuldir	245,1	267,6	274,4	280,7	56,0	58,7	56,0	52,7
Hreinar skuldir	165,5	172,6	195,0	193,8	37,8	37,9	39,8	36,4

1. Rekstrargrunnur.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.



ustu árum orðið algeng viðmiðun um ástandið í opinberum fjármálum, en ætlast er til að halli á opinberum búskap sé innan við 3% og heildar skuldir hins opinbera innan við 60% af landsframleiðslu. Bæði skilyrðin voru uppfyllt á Íslandi 1996 og 1997, og frammistaðan hefur batnað um talsvert milli ára.

Lánsfjárbörf opinberra aðila

Hrein lánsfjárbörf þeirra aðila sem sækja lántökuheimildir á lánsfjárlögum var álíka mikil á liðnu ári og á árinu 1996. Umsvif þeirra á árunum 1996 og 1997 eru sýnd í töflu II.8. miðað við lántakendur fremur en endanlega notendur lánsfjár. Fjármögnun húsnæðiskerfisins var keimlík bæði árin, alfarið innlend, tæpir 10 ma.kr. fyrra árið en rúmir 11 hið seinna. Reyndar sést ekki í töflunni lántaka Byggingarsjóðs ríkisins hjá ríkissjóði, en hann er hættur lánveitingum og var fjárbörf hans 1997 fjármögnuð af almennri lántöku ríkissjóðs. Lántökur annarra opinberra lánastofnana, þ.e.a.s opinberra fjárfestingarlánasjóða, jukust talsvert milli ára. Kyrrstaða 1996 snerist í 4 ma.kr. hreinar lántökur og voru hin auknu Umsvif alfarið af erlendum toga. Alger viðsnúningur varð hins vegar í fjármögnun ríkisins úr erlendum lánunum í innlend eins og þegar er getið.

Tafla II.8. Lántökur opinberra aðila

Milljarðar króna	1996			1997		
	Innlent	Erlent	Alls	Innlent	Erlent	Alls
<i>Samtals</i>	4,3	9,1	13,4	14,8	-0,8	14,0
Ríkissjóður og ríkisfyrirtæki	-4,6	8,3	3,7	4,1	-5,3	-1,2
Húsnæðiskerfið	9,6	-0,2	9,4	11,2	0,0	11,2
Aðrar opinberar lánastofnanir	-0,7	1,0	0,3	-0,5	4,5	4,0
<i>Hlutföll af landsframleiðslu</i>						
<i>Samtals</i>	0,9	1,9	2,8	2,8	-0,2	2,7
Ríkissjóður og ríkisfyrirtæki	-0,9	1,7	0,8	0,8	-1,0	-0,2
Húsnæðiskerfið	2,0	0,0	1,9	2,1	0,0	2,1
Aðrar opinberar lánastofnanir	-0,1	0,2	0,1	-0,1	0,9	0,8

1. STEFNAN Í PENINGAMÁLUM


Höfuðmarkmið stefnunnar í peningamálum er stöðugt verðlag. Það byggist annars vegar á því að peningaleg stjórnþæki hafa fyrst og fremst áhrif á verðbólgu þegar litið er til langs tíma og hins vegar á því að stöðugleiki í verðlagsmálum skapi ákjósanleg skilyrði fyrir nýsköpun og hagvöxt.

Gengi krónunnar er millimarkmið stefnunnar í peningamálum í þeim skilningi að Seðlabankinn leitast við að halda því sem stöðugustu til að stuðla að stöðugleika verðlags. Gengisstefnan er ákvörðuð sameiginlega af ríkisstjórn og Seðlabanka. Síðan í september 1995 hefur hún falist í því að gengi krónunnar skuli vera innan vikmarka sem eru 6% í hvora átt frá miðgildi gengisskráningarvísitölu sem byggð er á hlutdeild gjaldmiðla í utanríkisviðskiptum Íslands.

Seðlabankinn framfylgir peningastefnunni aðallega með því að stýra peningamarkaðsvöxtum með ákvörðun eigin vaxta og inngrípum á peningamarkaði. Til skamms tíma litið getur hann einnig haft áhrif á gengi með kaupum og sölu gjaldeyris.


Efnahagssuppsveiflan setti mark sitt á þróun peninga- og gjaldeyris mála á árinu 1997. Vöxtur peninga- og lánastærða, sérstaklega innlánsstofnana, endurspegladi vaxandi umsvif í efnahagslífinu og gengi krónunnar styrktist í kjölfar sterkari stöðu efnahagslífsins og aðgerða Seðlabankans. Seðlabankinn beitti áfram aðhaldssamri stefnu í peningamálum sem einkum fólst í tiltölulega háum vöxtum á peningamarkaði sem stuðluðu að herra gengi krónunnar og aðhaldi að vexti útlána. Vextir á verðbréfamarkaði lækkuðu nokkuð á árinu, mest á fyrri hluta árs, og gætti þar áhrifa innstreymis erlends lánsfjár sem dró úr spennu á lánamarkaði. Undir lok ársins gætti erfiðrar lausafjárstöðu hjá innlánsstofnunum sem rekja má annars vegar til árstíðabundinna þátta en einnig til ójafnvægis milli þróunar inn- og útlána auk þess sem gjaldeyrisústreymi á síðari hluta ársins dró úr peningaframboði. Seðlabankinn brást við þessari stöðu með sérstöku skyndiuppboði á endurhverfum verðbréfum um miðjan desember.

Stýrivextir Seðlabanka og ávöxtun ríkisvixla



2. AÐGERÐIR SEÐLABANKANS Í PENINGAMÁLUM

Dagleg ávöxtun ríkisvixla í kaupboðum Seðlabanka á VÞÍ




Endurhverf verðbréfa kaup Seðlabankans af innlánsstofnunum 1997

M.kr.	Meðalstaða í mánuði	Staða í lok mánaðar
Janúar	1.956	2.400
Febrúar	3.090	2.600
Mars	1.973	2.460
Apríl	2.876	2.580
Máí	3.958	5.410
Júní	5.052	3.880
Júlí	2.725	1.540
Ágúst	2.155	2.250
Septembar	3.025	4.180
Október	3.006	3.760
Nóvember	2.974	2.400
Desembar	3.680	5.702
Meðaltal 1996	1.407	1.275
Meðaltal 1997	3.039	3.264

Seðlabankinn beitti sér fyrir vaxtahækkunum í september árið 1996 sem stuðluðu að hækkun innlendra vaxta á peningamarkaði á síðustu mánuðum þess árs. Munur peningamarkaðsvaxta hér og erlendis jókst í tæp þrjú prósentustig við þær aðgerðir, sem voru viðbrögð við vaxandi óvissu á síðari hluta ársins 1996 um niðurstöðu kjaraviðræðna og verðbólgu á komandi ári. Vaxtahækkun bankans stuðlaði að þolanlegu jafnvægi en þó varð nokkurt gjaldeyrisústreymi í janúar og fyrri hluta febrúar 1997 uns línur tóku að skýrast í kjaramálum. Kjarasamningarnir sem gerðir voru að meginhluta í mars og apríl stuðluðu að lækkingu verðbólguvæntinga og gerðu það að verkum að aðhald peningamála jókst í raun þótt Seðlabankinn héldi stýrivöxtum sínum óbreyttum þar sem raunvaxtamunur milli peningamarkaðsvaxta hér og erlendis jókst. Jafnframt styrktu kjarasamningarnir trú á stöðugleika í gengi krónunnar. Þessi breytta staða stuðlaði að verulegu innstreymi á gjaldeyrismarkaðnum allt fram til loka júlí og gjaldeyrisforði bankans styrktist verulega og náði hámarki í lok júlí eða 36,2 ma.kr. og hafði þá vaxið um 5,2 ma.kr. á árinu. Hrein gjaldeyriskaup Seðlabankans á millibankamarkaðnum voru enn meiri en þessar tölur gefa til kynna þar sem ríkissjóður nýtti hagstæða stöðu á innlendum lánamarkaði og aflaði innlends lánsfjár til endurgreiðslu erlendra skulda. Þrátt fyrir veruleg gjaldeyriskaup Seðlabankans á millibankamarkaðnum styrktist gengi krónunnar nokkuð og nam hækkun þess frá ársbyrjun til júliloka um 2,4%.

Sú afstaða Seðlabankans að halda stýrivöxtum óbreyttum á þessu tímabili markaðist af þeirri skoðun hans að æskilegt væri að gengi krónunnar styrktist til að draga úr spennu á innlendum markaði og stuðla að því að verðbólga héldist áfram í skefjum. Spá bankans benti til þess að verðbólga gæti að óbreyttu orðið rúmlega 3% á árinu 1998 og á fyrsta fjórðungi 1998 rösklega 4% á ársgrundvelli. Engin nákvæm tölusetting markmið voru þó sett í þessu sambandi að öðru leyti en því að bankinn



taldi æskilegt að gengi krónunnar væri í sterkari hluta þeirra vikmarka sem gilt hafa frá hausti 1995.

Straumhvörf urðu í peninga- og gjaldeyrismálum í byrjun ágúst. Gjalddeyrissútreymi gerði vart við sig á ný og vextir á verðbréfamarkaði, bæði á verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfum, tóku að hækka. Þessi breyting skýrist af ýmsum þáttum. Mikil aukning varð á verðbréfa kaupum innlendra aðila erlendis auk þess sem vöxtur erlendra endurlána nær stöðvaðist á síðari hluta ársins samhliða því sem almenn útlán fóru vaxandi. Stöðnun í endurlánum erlends lánsfjár og aukningu almennra útlána má sennilega rekja til breyttrar samsetningar fjárfestingar á árinu, þ.e. aukinnar fjárfestingar í þjónustustarfsemi en stöðnunar í fjárfestingu í hefðbundnum útflutningsgreinum. Hækkun vaxta á verðbréfamarkaði skýrist af þessari breyttu stöðu en einnig virðast verðbólguvæntingar hafa farið vaxandi á ný, að hluta reistar á óljósu mati á eftirspurnarþrýstingi í efnahagslífinu.


Annar þáttur sem stuðlaði að ójafnvægi á gjaldeyrismarkaðnum var minnkandi munur vaxta á peningamarkaði hér og erlendis. Að meginhluta stafaði þessi þróun af vaxtahækkunum erlendis, en seðlabankar í nágrennalöndum brugðust við vísbendingum um vaxandi spennu með vaxtahækkunum á peningamarkaði. Þannig hækkaði bandaríski seðlabankinn vexti um 0,25 prósentustig í mars og Englandsbanki hækkaði vexti þrívægis á tímabilinu júní til ágúst um samtals eitt prósentustig. Í byrjun ágúst var munur innlendra og erlendra peningamarkaðsvaxta um 2,5 prósentustig og hafði því lækkað um 0,5 stig frá ársbyrjun. Frekari vaxtahækkunir urðu erlendis í október þegar þýski seðlabankinn og ýmsir aðrir seðlabankar Evrópusambandsríkja hækkuðu vexti um allt að 0,3 prósentustig. Lokahnykkurinn var síðan hækkan Englandsbanka í byrjun nóvember þegar vextir voru hækkaðir um 0,25 prósentustig. Þá var munur peningamarkaðsvaxta hér á landi og erlendis orðinn 2,4 prósentustig.

Seðlabankinn brást við þessari stöðu um miðjan nóvember, þegar ljóst var að ekki var um tímabundna þróun að ræða, og hækkaði stýrivexti sína um 0,3 prósentustig. Áhrif vaxtahækkunarinnar voru skjót. Gengi krónunnar styrktist á ný og gjalddeyrissútreymi stöðvaðist og nokkurt gjalddeyrissútreymi varð seinni hluta nóvember. Í desember voru viðskipti á gjaldeyrismarkaði nokkurn veginn í jafnvægi. Í lok ársins var vísitala gengis 113,99 stig, um 0,9% undir miðgildi vikmarkanna og hafði gengið styrkst um 1,4% á árinu.


Umbætur á skuldabréfamarkaði

Talsverðar umbætur áttu sér stað á íslenskum skuldabréfamarkaði á árinu. Í febrúar tilkynnti Lánasýsla ríkisins áform um fækkun ríkisverðbréfaflokka úr 46 í 9 markflokka í fjórum áföngum til að gera markað fyrir ríkisskuldabréf betri og skilvirkari. Fyrsti áfanginn kom til framkvæmda í byrjun febrúar þegar ríkissjóður sagði upp níu flokkum spariskírteina sem höfðu að geyma gagnkvæm uppsagnarákvæði. Eignum skírteinanna var boðið að taka þátt í sérstöku útboði, þar sem


Nettókaup Seðlabankans á gjaldeyri á millibankamarkaði 1997




Nettóbreyting ríkisvixlæignar Seðlabankans 1997



Nettóviðskipti Seðlabanka og fjárvörsluaðila á langtíamarkaði 1997



Ávöxtun spariskírteina og húsnæðisbréfa 1997



þeim gafst kostur á að fá spariskírteini í markflokkum í staðinn fyrir skírteini sín. Hinn 23. apríl fór fram annar áfangi þegar eigendum 22 spariskírteinaflokka var boðið að skipta yfir í tvo markflokka í skiptiútboði. Þriðji áfanginn fór fram í október en þá var eigendum tveggja spariskírteinaflokka boðið að skipta yfir í tvo markflokka. Lokaáfanginn verður síðan í byrjun árs 1998.

Í byrjun mars endurnýjaði Seðlabankinn samninga við þrjú verðbréfafyrirtæki um fjárvörslu og hlutverk viðskiptavaka fyrir ríkisskuldabréf. Samningarnir voru umfangsmeiri en þeir fjárvörslusamningar, sem Seðlabankinn gerði við verðbréfafyrirtæki á árinu 1996 og góð reynsla var af. Samkvæmt hinum nýju samningum var fjárvörsluaðilum ætlað að setja fram kaup- og söluboð í hvern markflokk fyrir 20 m.kr. dag hvern og endurnýja þau innan 10 mínútna hafi þeim verið tekið. Fjárvörsluaðila er heimilt að hætta að setja fram tilboð í flokk fram á næsta dag hafi viðskipti með hann náð 200 m.kr. á einum degi. Fjárvörsluaðilar skuldbundu sig einnig til takmarkaðri viðskiptavaktar á öðrum spariskírteinaflokum en markflokkum. Verðbréfafyrirtækin, Handsal hf., Kaupþing hf. og Landsbréf hf., voru valin að undangengnu útboði. Í framhaldi af gerð fjárvörslusamninga lýstu Búnaðarbanki Íslands og Íslandsbanki hf. því yfir að þeir myndu gegna hlutverki viðskiptavaka með markflokka ríkisskuldabréfa með svipuðum hætti og þau fyrirtæki sem hafa gert samning um fjárvörslu við Seðlabankann.

Húsnæðisstofnun ákvað að halda flokkum húsnæðisbréfa frá árinu 1996 áfram opnum á árinu 1997, og var það fyrsta skref til að fækka og stækka flokka þessara bréfa. Landsbanki Íslands og Landsbréf hf. tóku upp viðskiptavakt á húsnæðisbréfa 96/2. Að undangengnu útboði í júní samdi Húsnæðisstofnun við tvo aðila Verðbréfaþings um að annast viðskiptavakt og fjárvörslu fyrir 9 flokka hús- og húsnæðisbréfa og verða þeir markflokkar. Samningarnir voru hliðstæðir þeim sem Seðlabankinn gerði m.a. hvað ákvæði um viðskiptavakt varðar. Í aprílmánuði var reglum Seðlabanka Íslands um fyrirgreiðslu við viðskiptavaka ríkisskuldabréfa eða ríkistryggðra verðbréfa breytt. Samkvæmt eldri reglum var hægt að fá fyrirgreiðslu ef þeir uppfylltu skilyrði Verðbréfaþings um hlutverk viðskiptavaka. Nú þarf viðskiptavaki að uppfylla skilyrði Seðlabankans sem eru strangari. Samkvæmt reglum þarf viðskiptavaki að setja daglega fram kaup- og sölutilboð að lágmarki 5 m.kr. og skal munur kaup- og söluávöxtunar ekki vera meiri en 0,25 prósentustig. Reglunum var aftur breytt í september en þá voru fjárhæðamörk rýmkuð.

Allar þessar breytingar á eftirmarkaði ríkistryggðra skuldabréfa stuðluðu að bættri verðmyndun þeirra og auknum viðskiptum á Verðbréfaþingi eins og rakið er nánar síðar í þessari skýrslu.

Í byrjun júnímánaðar var fyrirtækið Verðbréfasráning Íslands hf. stofnað, en hlutverk þess verður að annast rafræna skráningu verðbréfa.

Breytingar á skipulagi gjaldeyrismarkaðar

Í júlí komu til framkvæmda breytingar á skipulagi og starfsháttum gjald-

eyrismarkaðar sem Seðlabankinn hafði unnið að um nokkurt skeið í samstarfi við aðila á millibankamarkaðnum, þ.e.a.s. viðskiptabankana fjóra auk Seðlabankans.

Meginbreytingarnar voru tvíþættar. Annars vegar voru lagðir af svokallaðir gengisskráningarfundir, sem bankar höfðu haldið daglega síðan millibankamarkaði með gjaldeyri var komið á laggirnar árið 1993. Í stað þess að eiga viðskipti á slíkum fundum, m.a. í þeim tilgangi að skrá opinbert viðmiðunargengi krónunnar, var ákveðið að viðskiptabankar skyldu setja fram leiðbeinandi tilboð í upplýsingakerfi Reuters og semja um viðskipti sín á milli í síma. Seðlabankinn skráir þess í stað opinbert viðmiðunargengi á grundvelli stöðunnar á markaðnum á sama tíma dags og verið hefur, þ.e. milli kl. 10:45 og 11:00. Hin breytingin var að markaðsaðilar, aðrir en Seðlabankinn, skyldu gegna hlutverki viðskiptavaka á gjaldeyrismarkaðnum. Það fól annars vegar í sér að þeir munu, að ósk annarra markaðsaðila, gefa upp bindandi kaup- og söluverð á hálfri milljón Bandaríkjadala og upplýsa aðra markaðsaðila innan dagsins um leiðbeinandi kaup- og sölutilboð sín á Bandaríkjadal.

Með þessum breytingum var lagður grundvöllur að samfelldum gjaldeyrismarkaði innan dagsins og dregið úr daglegum umsvifum Seðlabankans á markaðnum. Seðlabankinn vakir eigi að síður yfir markaðnum og grípur inn í þróunina telji hann tilefni til. Engin breyting var gerð á stefnunni í gengismálum við þessar breytingar og stöðugt gengi innan settra vikmarka er áfram millimarkmið stefnunnar í peningamálum. Búast mátti við að þessar breytingar leiddu til þess að meiri hreyfingar yrðu á gengisvísitölu innan dagsins og milli daga enda varð sú raunin, en jafnframt að viðskipti myndu aukast samhliða því að hlutur Seðlabanka í þeim minnkaði.

Með þessum breytingum var skrefið, sem tekið var við stofnun gjaldeyrismarkaðar í maí 1993, stigið til fulls og komið á hliðstæðri skípan og gildir í mörgum nágrannalöndum.

Samhliða þessum breytingum tóku gildi nýjar reglur um gjaldeyrisjöfnuð, bindiskyldu og lausafjárhlutfall. Á þessum reglum voru gerðar minniháttar breytingar að öðru leyti en því að hámark heildargjaldeyrisójfagnaðar, þ.e. mismunar gjaldeyriseigna og -skulda, var hækkað úr 20% í 30% af eigin fé og í 15% í einstökum gjaldmiðlum öðrum en Bandaríkjadal þar sem hámarkið varð 20%. Áður var hámark gjaldeyrisójfagnaðar 10% í einstökum gjaldmiðlum. Þetta var gert til að búa í hagin fyrir viðskiptavaka á gjaldeyrismarkaðnum. Jafnframt var ákveðið að þessar reglur skyldu gilda um allar lánastofnanir frá byrjun árs 1998.

3. GJALDEYRISVIÐSKIPTI

Heildarvelta á millibankamarkaði með gjaldeyri árið 1997 nam tæpum 162 ma.kr. og jókst frá fyrra ári um rúm 100%. Mest voru viðskiptin í desember um 29,2 ma.kr. en minnst voru þau í janúar um 5,5 ma.kr. Að



Viðskipti Seðlabankans á millibankamarkaði með gjaldeyri 1997

	<i>Viðskipti í m.kr.</i>	<i>Hlutdeild af heildarveltu í %</i>
Janúar	4.045	74,0
Febrúar	3.734	60,7
Mars	4.864	60,7
Apríl	8.680	70,3
Maí	3.969	56,9
Júní	6.967	66,5
Júlí	7.142	41,4
Ágúst	2.836	29,8
September	4.882	29,3
Október	6.493	27,6
Nóvember	1.460	8,9
Desember	4.236	14,5
Samtals	59.308	36,6

Hrein gjaldeyrisviðskipti
Seðlabankans 1997

M.kr.	Á milli- banka- markaði	Utan milli- banka- mark.	Alls
Janúar	-2.880	-2.266	-5.146
Febrúar	1.219	-2.514	-1.295
Mars	2.031	61	2.092
Apríl	7.200	-2.789	4.411
Máí	2.110	-1.299	811
Júní	4.949	-668	4.281
Júlí	7.001	-4.838	2.163
Ágúst	-2.836	-565	-3.401
September	-1.525	-444	-1.969
Október	-4.103	-1.369	-5.472
Nóvember	1.036	2.625	3.661
Desember	-80	-2.380	-2.460
Alls	14.121	-16.446	-2.325

Hrein innlend gjaldeyris-
viðskipti Seðla-
bankans 1997



meðaltali var velta í hverjum mánuði um 13,5 ma.kr. Seðlabankinn átti viðskipti fyrir 59,3 ma.kr. og fól það í sér lækkun á viðskiptum bankans um tæp 9%. Mest voru viðskipti Seðlabankans í apríl fyrir nærri 8,7 ma.kr. en minnst í nóvember fyrir 1,5 ma.kr. Veruleg breyting varð á hlutdeild Seðlabankans af heildarveltu á árinu 1997 miðað við síðustu ár. Árið 1996 var aðild Seðlabankans að heildarveltu tæplega 82% en tæp 37% 1997. Umskiptin má rekja til breytinganna á skipulagi gjaldeyrismarkaðarins. Viðskipti Seðlabankans við markaðsaðila á gjaldeyrismarkaði eru eftir þessar breytingar ætíð að frumkvæði bankans og má því líta á sem hrein inngríp. Breytingarnar höfðu jákvæð áhrif og stórjuku viðskipti milli markaðsaðila frá því sem áður var og gerðu gengisskráninguna trúverðugri. Breytt markaðsfyrirkomulag stórbætti einnig upplýsingaflæði um markaðsaðstæður og gaf þar með Seðlabankanum aukin tækifæri til eftirlits. Seðlabankinn fylgist nú stöðugt með þróun gengisvísitölu innan hvers dags og m.a. á grundvelli þeirrar þróunar ákveður hann hvort inngrípa er þörf.

Hrein viðskipti Seðlabankans í gjaldeyrisviðskiptum utan millibankamarkaðar voru neikvæð um 16,4 ma.kr., en jákvæð á millibankamarkaði um 14,1 ma.kr. Hrein innlend gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans voru því neikvæð um 2,3 ma.kr. árið 1997, en voru jákvæð um 14,4 ma.kr. 1996. Þessi neikvæða hreina staða skýrist af breytingu á erlendri lánastöðu ríkisins en erlendar skuldir ríkissjóðs voru greiddar niður um tæplega 14,5 ma.kr. 1997.

Á millibankamarkaði fyrir gjaldeyri voru viðskipti Seðlabankans jákvæð um 14 ma.kr. árið 1997 en tæpa 16 ma.kr. 1996. Óvissa um gerð kjarasamninga í upphafi árs endurspegladist í neikvæðum hreinum viðskiptum bankans um tæpa 2,9 ma.kr. í janúar. Aðgerðir Seðlabankans ásamt vaxandi trú á að kjarasamningar yrðu gerðir án þess að valda aukinni verðbólgu leiddu til vaxandi innstreymis gjaldeyris þannig að hrein viðskipti bankans voru jákvæð frá febrúar og til loka júlí. Hrein

viðskipti Seðlabankans voru jákvæð um ríflega 7 ma.kr., bæði í apríl og júlí, en neikvæð um tæplega 8,5 ma.kr. ágúst til október, sem má rekja til vaxandi kaupa innlendra aðila á erlendum verðbréfum, minna innstreymis vegna stóriðjuframkvæmda og lækkandi ávöxtunarmunar á peningamarkaði hér á landi og í útlöndum. Til að stemma stigu við þessari þróun hækkaði Seðlabankinn meðal annars stýrivexti sína um 30 punkta í nóvember. Þróunin snerist síðan við í nóvember og viðskiptin voru í jafnvægi í desember.

Auk viðskipta á millibankamarkaði með gjaldeyri á Seðlabankinn viðskipti á gjaldeyrismarkaði við aðra aðila, aðallega ríkissjóð, en einnig við ýmsa sjóði og stofnanir í eigu hins opinbera, og tengjast þau aðallega erlendum lánahreyfingum þessara aðila. Þessi viðskipti námu um 236 ma.kr. árið 1997. Þess ber að geta að hér eru meðtalin viðskipti er tengjast skammtímafjármögnun hins opinbera erlendis að fjárhæð tæplega 182 ma.kr., sem er að stórum hluta endurfjármögnun útistandandi lána. Heildargjaldeyriviðskipti Seðlabankans að meðtöldum viðskiptum vegna skammtímafjármögnunar ríkissjóðs námu því rúmum 295 ma.kr. árið 1997.


Þróun gjaldeyrissforða

Gjaldeyrissforði Seðlabankans var í upphafi ársins um 30,8 ma.kr. en var í árslok um 27,8 ma.kr. og hafði því rýrnað um 3 ma.kr. á árinu. Hrein erlend eignastaða Seðlabankans var um 31 ma.kr. í byrjun árs en var í lok árs 27,9 ma.kr. og hafði því rýrnað um rúma 2 ma.kr. Þessi rýrnun endurspeglar hrein gjaldeyriviðskipti bankans en þau voru neikvæð um 2,3 ma.kr. á árinu sem fyrr segir. Í janúar jók Seðlabankinn skammtímaskuldir sínar um 1,1 ma.kr. til að mæta útstreymi á millibankamarkaði, í byrjun febrúar voru skammtímaskuldir bankans orðnar 2,8 ma.kr. Verulegt innstreymi gjaldeyris á millibankamarkaði í seinni hluta febrúar og í mars gerði Seðlabankanum kleift að greiða niður skammtímaskuldir sínar að fullu fyrir lok mars. Frá lokum mars og út árið 1997 þurfti Seðlabankinn ekki að taka skammtímalán til að halda uppi gjaldeyrissforða.


Gjaldeyrissjöfnuður

Seðlabankinn setur þeim aðilum sem starfa á millibankamarkaði með gjaldeyri reglur um hver gjaldeyrissjöfnuður þeirra, þ.e. mismunur eigna og skulda í erlendri mynt, megi mestur vera. Þetta hlutfall er mismunandi fyrir einstaka gjaldmiðla, hæst fyrir Bandaríkjadal $\pm 20\%$ af eigin fé stofnunar en $\pm 15\%$ fyrir alla aðra gjaldmiðla. Heildargjaldeyrissjöfnuður banka verður að vera innan $\pm 30\%$ af eigin fé stofnunar. Gjaldeyrissjöfnuður markaðsaðila á millibankamarkaði árið 1997 var nokkuð mismunandi en að meðaltali var hann um 8,1% en 10,4% 1996. Miðað við þann ávöxtunarmun sem hefur verið á peningamarkaði hér og erlendis vekur athygli hve oft gjaldeyrissjöfnuður markaðsaðila var neikvæður á árinu, bæði vegna fjármögnunar markaðsaðila sjálfra og vegna lánatöku aðila erlendis og fjárfestingar til skamms tíma hér á landi. Einnig getur lægri

Gjaldeyrissforði og hrein erlend staða Seðlabankans 1997



Meðalgjaldeyrissjöfnuður banka sem hlutfall af eigin fé eftir mánuðum 1997



Breytingar á gengi nokkurra erlendra mynta gagnvart krónu 1997 í %

Bandaríkjadalur	7,91
Sterlingspund	4,99
SDR	1,34
Dönsk króna	-6,05
Norsk króna	-5,68
Sænsk króna	-6,05
Finnskt mark	-7,73
Franskur franki	-5,72
Írskt pund	-8,26
Þýskt mark	-6,45
Japanskt jen	-3,52
Eka	-4,19

*Gengisskráningargog 1997
Byggð á viðskiptum 1996*


%	Út- flutn.- vog	Inn- flutn.- vog	Við- skipta- vog
Bandaríkin	23,9	21,0	22,4
Bretland	14,5	11,8	13,1
Kanada	1,6	1,1	1,3
Danmörk	9,4	9,4	9,4
Noregur	5,7	11,3	8,5
Svíþjóð	2,1	6,1	4,1
Finnland	1,0	1,4	1,2
Frakkland	5,6	3,9	4,7
Belgía	1,3	1,8	1,5
Sviss	1,9	1,4	1,7
Holland	3,6	5,5	4,5
Þýskaland	13,9	14,4	14,2
Ítalía	1,7	2,8	2,3
Portúgal	2,0	0,7	1,3
Spánn	3,0	2,5	2,8
Japan	8,9	4,8	6,8
Alls	100,0	100,0	100,0
<i>Vægi landahópa (%):</i>			
N-Ameríka	25,5	22,0	23,8
Evrópa	65,7	73,2	69,4
Japan	8,9	4,8	6,8
Alls	100,0	100,0	100,0

meðalgjaldeyrissjöfnuður á árinu 1997 bent til aukins trausts á gjald-eyrismarkaðnum og stefnunni í gengismálum.

4. GENGISPRÓUN

Hér á landi hefur um nokkurra ára skeið verið rekin sveigjanleg fast-gengisstefna, sem felst í því að Seðlabankinn sér til þess að halda gengi krónunnar innan tiltekinna vikmarka. Á árinu 1997 styrktist gengi krónunnar um 1,42% miðað við vísitölu gengisskráningar. Fyrstu 40 daga ársins 1997 hækkaði vísitala gengisskráningar, þ.e. gengið lækkaði, um 0,36%. Síðan tók við tímabil styrkingar krónunnar til loka júlí um tæp 2,8%. Hrein viðskipti Seðlabankans í ágúst til október voru neikvæð um tæpa 8 ma.kr. sem endurspegladist í breytingum á gengi krónunnar. Það lækkaði frá lokum júlí og út þriðju vikuna í október um 2,52%. Vegna vaxandi innstreymis gjaldeyris síðustu tvo mánuði ársins hækkaði gengið um 1,45% á þeim tíma.

Skipulagsbreytingarnar á millibankamarkaði með gjaldeyri hafa leitt til þess að vísitölupróun á hverjum tíma endurspeglar betur en áður raunverulegar framboðs- og eftirspurnaraðstæður. Breytingin kemur einnig fram í meiri sveiflum í þróun gengisskráningarvísitölu. Þannig var staðalfrávik daglegra hreyfinga vísitölnunnar til júlí 1997 einungis 0,03% en 0,12% eftir breytinguna til loka ársins. Á fyrri hluta árs, áður en breytingin tók gildi, var mesta lækking gengisskráningarvísitölu á einum degi aðeins 0,09% og mesta hækkun vísitölnunnar 0,05%. Á seinni árshelmingi var mesta lækking vísitölu á einum degi 0,47% og mesta hækkun 0,41%. Þessar breytingar voru í samræmi við það sem búist var við. Verðlagning á markaðnum endurspeglar stöðugt nýjar upplýsingar sem fram koma og breyttar væntingar. Eftir að Seðlabankinn hefur dregið úr vægi sínu í viðskiptum á þessum markaði leiða



breytingar á markaðsaðstæðum til meiri sveiflna í gengi en áður. Samtímis gefur breytt fyrirkomulag Seðlabankanum betri upplýsingar um stöðu og horfur á markaði sem bankinn getur nýtt sér við stjórn peningamálastefnu.

Evrópugjaldmiðlar lækkuðu yfirleitt á móti krónunni á árinu 1997 að undanskildu breska sterlingspundinu. Af Norðurlandamyntunum lækkaði finnska markið mest á móti krónunni, um 7,7%, en norska krónan minnst, 5,7%. Áberandi er lækkun írsku pundsins á árinu eða um 8,3%. Þýska markið féll um 6,5%. Breska sterlingspundið lækkaði um 5% og Bandaríkjadalur um 7,9%.


Framvirk gjaldeyrisviðskipti

Veruleg aukning varð í framvirkum gjaldeyrisviðskiptum bankanna árið 1997, en þá var daglegt meðaltal útistandandi framvirkra skulda banka, þ.e. gjaldeyris sem bankar hafa selt en eiga eftir að afgreiða, var um 15,4 ma.kr. en var um 5,5 ma.kr. 1996. Daglegt meðaltal útistandandi framvirkra eigna banka, þ.e. gjaldeyris sem bankar hafa keypt en eiga eftir að fá afgreiddan, nam u.þ.b. 4,4 ma.kr. árið 1996 en 14,1 ma.kr. árið 1997 en það er aukning um 220%. Daglegt meðaltal hreinnar stöðu í framvirkum samningum bankanna, þ.e. framvirkar skuldir umfram eignir, var um 1,1 ma.kr. árið 1996 en var um 1,4 ma.kr. árið 1997. Nokkuð gott jafnvægi er því í mismun eigna og skulda milli ára. Ástæður þess að framvirk viðskipti jukust svo mikið milli ára eru margvíslegar. Framvirkt gengi gjaldmiðla ræðst af stundargengi og ávöxtunarmun milli fjárfestingarkosta hér á landi og sambærilegra erlendis. Þar sem ávöxtun á peningamarkaði hefur verið nokkru hærra hér á landi en í helstu viðskiptalöndum hefur framvirkt gengi verið hærra en stundargengi sem hefur ýtt undir framvirka gjaldeyrisölu til banka árið 1997. Einnig virðist sífellt færast í vöxt að fyrirtæki og stofnanir stundi framvirk viðskipti sem hluta af daglegri fjármálastjórn. Framvirkir skiptasamningar milli bankanna hafa einnig aukist verulega.

5. VAXTAÞRÓUN

Seðlabankinn hefur beitt aðhaldssamri peningamálastefnu sem hefur komið fram í talsverðum mun á milli innlendra og erlendra vaxta. Mismunur innlendra peningamarkaðsvaxta, veginna með viðskiptavog fyrir Ísland, og sambærilegra erlendra, var á árinu 1997 að meðaltali tæp 2,7 prósentustig. Mestur var munurinn í febrúar, rúmlega þrjú prósentustig. Hann lækkaði frá vormánuðum, fyrst vegna lækkunar vaxta á innlendum peningamarkaði og síðla sumars vegna hækkunar á vöxtum erlendis. Minnstur var munurinn fyrri hluta nóvember, 2,3 prósentustig. Í kjölfar breytinga á skammtíma vöxtum Seðlabankans seinni hluta nóvember hækkðu innlendir peningamarkaðsvextir og munurinn jókst á ný og var um 2,7 prósentustig undir lok ársins.

Nokkrar breytingar urðu á stýrivöxtum Seðlabankans 1997. Í upp-



Dæmi um nafnávöxtun á peningamarkaði í árslok í % á ári

	1996	1997
90 d. ríkisvixlar á VPÍ	7,07	7,22
75 d. bankavixlar á VPÍ	7,45	7,51
Millibankavextir	8,27	7,25
<i>Seðlabankavextir:</i>		
Forvextir reikningskvóta	6,00	6,80
Endurhverf ríkisvixlakaup	6,90	7,20
<i>Til samanburðar:</i>		
<i>Ávöxtun bankalána:</i>		
Víxillán, 60 daga	13,3	13,9
Almenn skuldabréfalán	13,2	13,3

Skuldabréf á VPÍ¹

Dæmi um ávöxtun í árslok í % á ári

Verðtryggð bréf:	1996	1997
Spariskírteini, 5 ára	5,81	5,32
Spariskírteini, 10 ára	5,79	5,30
Spariskírteini, 20 ára	5,53	4,91
Húsbref, 25 ára	5,78	5,30

Óverðtryggð bréf:

Ríkisbréf, 5 ára	9,38	8,30
------------------	------	------

1. Áraföldi gefur til kynna upphaflegan lánstíma.

Heimild: Verðbréfaþing Íslands.

Ávöxtun á skuldabréfamarkaði 1997

Mánaðarleg meðaltöl í viðskiptum á Verðbréfaþingi 1997 í % á ári


	Eftirmarkaður	
	Spariskírt. ¹	Húsbref
Janúar	5,39	5,67
Febrúar	5,21	5,62
Mars	5,50	5,75
Apríl	5,54	5,63
Máí	5,42	5,66
Júní	5,50	5,57
Júlí	5,24	5,34
Ágúst	5,23	5,29
Septembar	5,22	5,33
Október	5,19	5,28
Nóvember	5,26	5,35
Desember	5,26	5,38
Meðaltal 1995	5,6	5,9
Meðaltal 1996	5,5	5,6
Meðaltal 1997	5,3	5,5

1. Spariskírteini til 5 ára eða lengri tíma.

Verðtryggð ríkisskuldabréf

Raunávöxtun í lok árs 1997 í % á ári

Lánstími er því sem næst:	5 ár			10 ár			20 ár					
	Ísland	Ástralía	Bretland	Kanada	N.-Sjáland	Svíþjóð	Ísland	Ástralía	Bretland	Kanada	N.-Sjáland	Svíþjóð
Ísland	5,32	..	3,22	3,55	5,30	4,13	3,12	3,65
Ástralía	..	4,13
Bretland	3,22	..	3,12
Kanada	4,14
N.-Sjáland	5,10
Svíþjóð	3,55	3,65	3,75




hafi ársins voru vextir innstæðubréfa Seðlabankans hækkaðir um 0,8-0,9 prósentustig í því skyni að tryggja framboð verðbréfa á peningamarkaði á vaxtakjörum sem samræmdust stefnu bankans í peningamálum. Ljóst var að mati bankans að með minnkandi lánsfjárbörf ríkissjóðs og auknum sveiflum í gjaldeyrisviðskiptum væri ekki tryggt að framboð ríkisvixla á hverjum tíma væri nægjanlegt til að mæta þörfum aðila á peningamarkaði. Um leið var bankastofnunum heimilt að nýta innstæðubréf ásamt ríkisvixlum í endurhverfum viðskiptum við Seðlabankann. Á sama tíma voru forvextir reikningskvóta og ávöxtun í endurhverfri verðbréfasölu hækkuð um 0,5 prósentustig. Þessum breytingum var ætlað að viðhalda því aðhaldi stefnunnar sem ríkt hafði frá hausti 1996 er bankinn hækkaði skammtíma vexti og lausafjárkvöð bankastofnana. Þetta aðhald skilaði sér í lítilli verðbólgu og stöðugu gengi.

Stýrivextir bankans hækkuðu síðan um 0,3 prósentustig í nóvember. Vaxtahækkunin fól í sér viðbrögð við minna peningalegu aðhaldi síðla sumars og hausts vegna lækkandi vaxtamunar gagnvart útlöndum og lægra gengis, horfum um aukna verðbólgu á fyrri hluta árs 1998 og ýmsum merkjum um aukna spennu í þjóðarbúskapnum.

Minni fjárbörf ríkissjóðs og annarra stofnana ríkisins og þær umbætur, sem átt hafa sér stað á skuldabréfamarkaði, leiddi til þess að vextir á verðtryggðum skuldabréfum lækkuðu 1997. Ennfremur varð mikil lækkun á vöxtum óverðtryggðra ríkisbréfa en vextir banka og sparissjóða breyttust lítið 1997.

Vextir á peningamarkaði

Á peningamarkaði lækkaði ávöxtun fram eftir árinu en hækkaði síðan í kjölfar vaxtabreytingar Seðlabankans í nóvember. Í upphafi ársins var ávöxtun þriggja mánaða ríkisvixla í kaupboðum Seðlabankans á Verðbréfaþingi 7,07%. Nokkur hækkun varð síðan í febrúar og mars



Þegar kjaraviðræður stóðu yfir og því óvissa ríkjandi í verðlagsmálum. Síðan lækkaði ávöxtun á peningamarkaði og var 6,91% í lok október. Lækkunina má rekja til mikillar eftirspurnar eftir skammtíma-verðbréfum og minni verðbólguvæntinga að afloknum kjarasamningum.

Hækkun Seðlabankavaxta í nóvember leiddi síðan um leið til nær sömu breytinga á ávöxtun ríkisvixla og var ávöxtun þriggja mánaða vixla 7,22% í lok ársins.

Lítill lánsfjárförf ríkissjóðs á árinu 1997 leiddi til þess að á tíma-bilum var talsverð umframtirspurn eftir ríkisvixlum. Jafnframt hafa ýmsir aðilar sýnt ríkisvixlum vaxandi áhuga vegna ávöxtunar lausafjár. Nægir þar að nefna fyrirtæki, banka og verðbréfafyrirtæki vegna peningamarkaðsreikninga og peningamarkaðssjóða þeirra. Auk þess leiddu sveiflur í framvirkum viðskiptum með gjaldeyri til meiri eftirspurnar eftir ríkisvixlum hluta úr árinu sökum þess að lánastofnanir mæta áhættu af framvirkum gjaldeyriskaupum með kaupum á peningamarkaðsbréfum.

Vextir á skuldabréfamarkaði

Ávöxtun markaðsskuldabréfa fór nokkuð lækkandi á árinu 1997 og komu lækkanirnar aðallega fram um miðbik ársins, í júní og júlí. Frá ársbyrjun til ársloka 1997 lækkaði ávöxtun húsbreifa um 0,48 prósentustig, úr 5,78% í 5,30%. Sambærileg lækkun varð á ávöxtun spariskírteina. Ávöxtun 8 (18) ára spariskírteina fór úr 5,79% (5,53%) í 5,30% (4,91%). Þessar vaxtalækkanir má rekja til minni lánsfjárefitirspurnar opinberra aðila.

Ávöxtun óverðtryggðra ríkisbréfa lækkaði mikið 1997, einkum eftir að óvissa vegna kjarasamninga leið hjá. Í upphafi ársins hækkaði þó ávöxtun þriggja ára ríkisbréfa um tæplega hálf prósentustig, úr 9,38% í 9,84%. Frá byrjun febrúar til áramóta lækkaði ávöxtun þessara bréfa síðan um rúmlega 1,5 prósentustig, í 8,3% sem er nokkru hærra en


Ávöxtun 20 ára verðtryggðra ríkisskuldabréfa í % á ári

	Í lok árs 1997	Breyting 1997
Ísland	4,91	-0,62
Ástralía	4,00	-0,29
Bretland	3,09	-0,50
Kanada	4,14	0,06
N.-Sjáláland	5,10	0,20
Svíþjóð	3,75	-0,33

Ávöxtun 5 ára óverðtryggðra ríkisbréfa á eftirmarkaði í % á ári

	Í lok árs 1997	Breyting 1997
Ísland	8,3	-1,5
Danmörk	5,2	-0,2
Finnland	4,9	-0,2
Noregur	5,2	0,0
Svíþjóð	5,7	0,2
Bandaríkin	5,8	-0,3
Þýskaland	4,9	0,4
Japan	1,1	-0,5
Bretland	6,5	-0,8
Frakkland	4,8	0,2
Spánn	5,0	-0,9
Portúgal	6,1	0,0

Vextir fimm ára óverðtryggðra ríkisverðbréfa hér og erlendis 1996-1997



*Meðalávöxtun nokkurra inn-
og útlána banka og sparisjóða
í % á ári*

Nafnávöxtun

Óverðtryggðir liðir: 1996 1997

Alm. sparisjóðsbækur 0,8 0,9

Víxillán, 60 daga 13,3 13,9

Alm. skuldabréfalán 12,8 13,3


Raunávöxtun

Vísitölubundnir liðir:

5 ára bundin innlán 5,7 5,7


Skuldabréfalán 8,9 9,0

**Meðalraunvextir
skuldabréfalána banka
og sparisjóða**



Langtímavextir 1996-1997

Raunávöxtun hvers mánaðar (% á ári)



lægsta staða þeirra á árinu 1997, 7,88% í júlí. Þrátt fyrir þessar lækkanir er munur á vöxtum óverðtryggðra ríkisbréfa hér og viðskiptaveginna vaxta á 5 ára erlendum ríkisskuldabréfum mikill. Hann var mestur um 4,6 prósentustig um miðjan febrúar en lægstur í byrjun ágúst, 2,6 prósentustig. Í lok ársins var hann 3,1 prósentustig.

Vextir banka og sparisjóða


Þrátt fyrir að vextir á peninga- og skuldabréfamarkaði hafi lækkað nokkuð 1997 voru útlánsvextir banka og sparisjóða nánast óbreyttir. Á útlánahlið hafa vextir á almennum víxillánum og yfirdráttarlánum hækkað um 0,3 prósentustig 1997, en meðalvextir á óverðtryggðum lánum um 0,1 prósentustig og meðalvextir verðtryggðra skuldabréfa voru þeir sömu í lok ársins og í byrjun þess. Á innlánahlið hækkuðu vextir á almennum sparisjóðsbókum um 0,1 prósentustig, en vextir verðtryggðra reikninga lækkuðu um 0,1-0,3 prósentustig.

Á árinu 1997 varð nokkur hækkun á meðalraunvöxtum útlána banka og sparisjóða miðað við fyrra ár. Raunávöxtun almennra skuldabréfalána var 11,1% að meðaltali 1997, hækkaði um 0,6 prósentustig, en vextir verðtryggðra lána voru 9% að meðaltali, hækkuðu um 0,1 prósentustig.

Umsvif á peninga- og fjármagnsmarkaði jukust umtalsvert á árinu 1997 og útlán og verðbréfaeign lánakerfisins jukust heldur meira en á árinu 1996. Innendar skuldir lánakerfisins hækkuðu hins vegar ekki eins mikið og því varð talsverð aukning á erlendum skuldum á árinu 1997. Atvinnuvegir juku skuldir sínar við lánakerfið annað árið í röð og varð hlutfallsleg aukning þeirra meiri en hjá heimilunum. Fjársparnaður, sem skilgreindur er sem breyting á innlendum skuldum lánakerfis, varð nokkru minni á árinu 1997 en 1996. Enn sem fyrr mynduðu eignir í lífeyrissjóðum stærstan hluta fjársparnaðar á árinu 1997, en bæði innlán og verðbréf í eigu einkaaðila jukust einnig umtalsvert. Peningamagn bankakerfisins jókst verulega annað árið í röð og enn meiri aukning varð í lánum bankakerfisins. Mikill vöxtur var hjá fleiri fjármálastofnunum, einkum verðbréfasjóðum og eignarleigum. Ör þróun er í greiðslumiðlun. Mikil veltuaukning var í viðskiptum með verðbréf einkum á markaði með langtímaskuldabréf og hlutabréf.

1. LÁNAKERFIÐ

Innendar skuldir lánakerfisins eru áætlaðar hafa numið 727 ma.kr. í árslok 1997 og var það aukning um 67 ma.kr. frá árinu 1996, eða 10,2%. Það var heldur minni aukning en á árinu 1996, en þá var hún um 69 ma.kr. eða 11,7%. Þrátt fyrir að aukning innlendra skulda í heild væri minni en á árinu 1996 varð sú ekki raunin að því er varðar innlán og seðla, sem jukust um 9,4% á árinu 1997 samanborið við 6,8% á árinu 1996. Verðbréf í eigu einkaaðila jukust einnig mun meira en áður, eða um 24,1% á árinu 1997 samanborið við 2,1% á árinu 1996. Spariskírteini í eigu einkaaðila jukust um 14,2% á árinu 1997, sem er algjör viðsnúningur frá árinu 1996 en þá minnkaði eign einkaaðila á þeim um 14,4%. Einnig hafa hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða í eigu einkaaðila stórukist á árinu 1997, enda jukust útgefin hlutdeildarskírteini í heild um 62,7% yfir árið 1997. Húsbréf í eigu einkaaðila jukust mun minna á



árinu 1997 en næstu tvö árin þar á undan, eða um 5% samanborið við rúm 15% árið 1996 og tæp 17% árið 1995.

Innlán og seðlar voru á árinu 1997 nánast sama hlutfall af landsframleiðslu og næstu tvö árin þar á undan, eða 34,1%. Hins vegar jukust eignir lífeyrissjóða áfram sem hlutfall af landsframleiðslu og náðu 64% árið 1997, en voru 61,8% árið 1996. Innlendar skuldir lánakerfisins alls voru orðnar um 136% af landsframleiðslu á árinu 1997 og hækkaði þetta hlutfall heldur minna á árinu 1997 en það gerði árin þar á undan.

Útlán og verðbréfaeign

Heildarútlán lánakerfisins og eign þess í innlendum verðbréfum voru 985 ma.kr. í árslok 1997. Höfðu þau aukist um 84 ma.kr. á árinu 1997 samanborið við tæpa 70 ma.kr. á árinu 1996. Þar munar mest um aukningu útlána og verðbréfaeignar bankakerfisins, eins og nánar er fjallað um hér síðar í kaflanum, en hún nam á árinu 41,7 ma.kr. eða 16,1% á árinu 1997, samanborið við 20,8 ma.kr. og 8,8% á árinu 1996.

Útlán og innlend verðbréfaeign lífeyrissjóða virðast hafa aukist mun minna á árinu 1997 en árið 1996, eða aðeins um 12,3% samanborið við 17,4%. Þetta skýrist að hluta til af því að lífeyrissjóðirnir hafa fjárfest í auknum mæli erlendis. Aukning útlána íbúðalánasjóða var nánast hin sama í krónum talin árin 1997 og 1996, en 8,3% árið 1997 samanborið við 9,1% árið 1996. Hins vegar var útlánaaukning atvinnuvegasjóðanna meiri árið 1997, eða 6,1% samanborið við 2,9% 1996. Aukning erlendra lána var heldur minni 1997 en 1996, en nánar er fjallað um erlend lán í V. kafla.

Í töflu IV.2 er sýnd skipting útlána lánakerfisins á geira. Áætlað er að skuldaaukning ríkisins hafi verið 6,2 ma.kr. og er það mun meira en árið 1996 þegar hún var aðeins 2,9 ma.kr. Hins vegar hefur hægt allnokkuð á aukningu skulda bæjar- og sveitarfélaga.

Atvinnufyrirtæki juku skuldir við lánakerfið um 42 ma.kr. á árinu 1997, sem var 10 ma.kr. meiri aukning en á árinu 1996. Af þessum 42

Tafla IV.1. Lánakerfið

Eignir	Staða í árslok					
	í ma.kr.		Hreyfingar 1996		Hreyfingar 1997	
	1996	1997 ¹	ma.kr.	%	ma.kr.	%
Útlán og innl.verðbr.eign	901,0	985,1	69,6	8,4	84,2	9,3
Bankakerfi	258,4	300,2	20,8	8,8	41,7	16,1
Fjárfest.lánasj. atv.vega	80,5	85,3	2,3	2,9	4,9	6,1
Íbúðalánasjóðir	201,8	218,6	16,9	9,1	16,8	8,3
Lífeyrissjóðir	276,1	310,1	41,0	17,4	33,9	12,3
Tryggingarfélag	30,0	31,2	4,1	16,0	1,2	4,1
Eignarleigur	11,1	16,3	2,8	32,8	5,1	45,9
Verðbréfasjóðir	18,4	30,9	6,9	60,0	12,5	68,0
Útlönd	296,7	320,7	25,0	9,2	24,0	8,1
Lánasjóðir ríkisins	85,6	85,4	-0,3	-0,4	-0,2	-0,2
Frá dragast innb. viðsk.	-357,7	-413,6	-49,9	-	-55,9	-
<i>Eignir = skuldir</i>	<i>901,0</i>	<i>985,1</i>	<i>69,6</i>	<i>8,4</i>	<i>84,2</i>	<i>9,3</i>
<i>Skuldir</i>						
Innlendar skuldir	659,5	726,7	69,2	11,7	67,2	10,2
Innlán og seðlar	166,1	181,8	10,6	6,8	15,6	9,4
Verðbréf	75,4	93,6	1,6	2,1	18,1	24,1
Tryggingasjóður	29,1	31,8	2,9	11,1	2,8	9,5
Lífeyrissjóðir	302,0	341,5	43,9	17,0	39,5	13,1
Eigið fé lánastofnana	94,9	101,8	2,4	2,6	7,0	7,3
Annað, nettó	-7,9	-23,8	7,8	-	-15,8	-
Erlendar skuldir, nettó	241,4	258,4	0,3	0,1	17,0	7,0


1. Áætlun.

ma.kr. voru tæplega 20 ma.kr. lán og verðbréfakaup banka og rúmir 12 ma.kr. lán og verðbréfakaup lífeyrissjóða. Skuldir heimilanna við lánakerfið eru áætlaðar hafa verið um 386 ma.kr. í árslok 1997 og höfðu þær aukist um rúma 35 ma.kr. yfir árið eða 10%. Lán banka og spari-sjóða til heimila námu tæpum 80 ma.kr. í árslok 1997 og var aukning þeirra yfir árið 15,5% samanborið við 13,7% árið 1996. Hins vegar var aukning íbúðalána tæpu prósentustigi minni yfir árið 1997 en 1996, og námu þau rúnum 217 ma.kr. í árslok 1997. Sjóðfélagalán lífeyrissjóð-anna virðast hafa aukist álíka mikið og árið 1996, og sama máli gegnir um námslán.

Tafla IV.2. Útlánaflokkun lánakerfisins¹

	Staða í árslok		Hreyfingar		Hreyfingar	
	í ma.kr.		1996		1997	
	1996	1997 ²	ma.kr.	%	ma.kr.	%
Ríkissjóður og ríkisstofn.	147,9	154,2	2,9	2,0	6,2	4,2
Bæjar- og sveitarfélög	43,1	43,9	1,8	4,4	0,8	1,8
Atvinnuvegir	359,3	401,4	32,1	9,8	42,1	11,7
Heimili	350,6	385,7	32,7	10,3	35,1	10,0
Samtals útlán	901,0	985,1	69,6	8,4	84,2	9,3

1. Útlánaflokkun er áætluð að hluta. 2. Áætlun.



Fjársparnaður

Fjársparnaður á hverju ári er reiknaður sem mismunur stöðutalna innlendra skulda lánakerfisins í upphafi og lok árs sem færðar hafa verið á meðalverðlag viðkomandi árs. Í töflu IV.3 er sýnd þróun hans undanfarin 5 ár. Áætlaður fjársparnaður ársins 1997 var 53,5 ma.kr., rúmum 3 ma.kr. minna en á árinu 1996. Meira en helmingur sparnaðarins var í lífeyrissjóðum, eða rúmum 33 ma.kr., sem var 5 ma.kr. minna en á árinu 1996. Hins vegar hafa einkaaðilar sparað mun meira í verðbréfum en nokkurn tíma áður á þessu 5 ára tímabili. Sama máli gegnir um innlán í innlánsstofnunum, sparnaður í þeim hefur ekki mælst meiri á þessum 5 árum en árið 1997. Heildarfjársparnaður 1997 sem hlutfall af landsframléiðslu var 10,2% sem er nokkru minna en 1996. Þess skal getið að tölur fyrir 1997 eru að nokkru leyti áætlaðar og geta því hæglega breytst.

*Tafla IV.3. Fjársparnaður
Ma.kr. á meðalverðlagi hvers árs*

	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997
Fjársparnaður, alls	20,3	43,4	33,9	56,8	53,5
Innlán og seðlar	2,7	2,4	0,3	7,4	12,2
Verðbréf einkaaðila	2,7	8,4	6,2	0,0	16,5
Eignir lífeyrissjóða	18,4	24,0	23,7	38,4	33,2
Annað	-3,5	8,6	3,7	11,0	-8,4
Fjársparnaður sem hlutfall af VLF	4,9	10,0	7,5	11,7	10,2

2. BANKAKERFIÐ

Seðlabankinn


Lítill umskipti urðu í reikningum Seðlabankans á árinu 1997. Erlendar eignir, nettó, lækkuðu um 3,2 ma.kr. á árinu og námu um 27,9 ma.kr. í árslok 1997. Til skýringar á lækkun erlendra eigna verður að geta þess

að andvirði erlends láns var lagt inn á gjaldeyrisreikning í Seðlabankanum í desember 1996 en tekið út á fyrstu dögum ársins 1997. Á móti lækkun erlendra eigna Seðlabankans, nettó, á árinu 1997 hækkuðu innlendar eignir, nettó, um 3,8 ma.kr., en grunnfé jókst lítið á árinu eða um 0,6 ma.kr., sem svarar til um 3,1%.

Kröfur Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir, nettó, sem samanstanda af markaðsskráðum ríkisvixlum og verðbréfum að frá-dregnum innstæðum, námu um 6,4 ma.kr. í árslok 1997 og jukust þessar kröfur um 2,7 ma.kr. á árinu 1997. Réð þar mestu að ríkisvixlar í eigu Seðlabankans hækkuðu um 2,5 ma.kr., en einungis um 0,2 ma.kr. lækkuðu varð á eign Seðlabankans í markaðsverðbréfum ríkissjóðs. Loks höfðu hreyfingar á innstæðum ríkissjóðs og ríkisstofnana þau áhrif að umræddar nettókröfur hækkuðu um 0,4 ma.kr.


Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir jukust um 4,6 ma.kr. á árinu 1997 og námu um 6,5 ma.kr. í árslok. Fyrirgreiðsla bankans við innlánsstofnanir var um áramót nær eingöngu fölgin í endurhverfum verðbréfa kaupum, sem hækkuðu um 5,1 ma.kr. á árinu 1997. Lán innan lánakvóta lækkuðu um 0,5 ma.kr., en þessi fyrirgreiðsla, sem tekin var upp 1985, var aflögð hjá Seðlabankanum í janúar 1997. Svo til engin skuld var á viðskiptareikningum innlánsstofnana hjá Seðlabankanum í árslok fremur en í ársbyrjun.

Kröfur Seðlabankans á aðrar fjármálastofnanir breyttust afar lítið á árinu 1997 og námu tæpum 3,5 ma.kr. í lok ársins. Hér er um að ræða húsnæðis- og húsbref, sem Seðlabankinn eignaðist á árinu 1994 og námu rúmum 3 ma.kr. í árslok 1997 svo og endurhverf verðbréfa kaup, sem námu rúmum 0,4 ma.kr. Innstæður annarra fjármálastofnana jukust um tæpa 1,9 ma.kr. á árinu og námu um 4,5 ma.kr. í árslok. Umræddar innstæður eru eingöngu vegna viðskipta fjárfestingarlánasjóða við



Tafla IV.4. Úr reikningum Seðlabankans

	Hreyfingar í m.kr.			
	1994	1995	1996	1997
1. Erlendar eignir, nettó	-13.684	-1.087	16.652	-3.244
2. Kröfur á ríkissjóð, nettó	9.397	-1.362	-8.258	2.202
3. Kröfur á ríkisstofnanir, nettó	6	-186	-347	531
4. Kröfur á innlánsstofnanir	1.663	-158	-3.475	4.616
5. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir, nettó	3.542	1.915	-827	-1.832
6. Sjóðir í opinberri vörslu (innst. = -)	221	37	0	1
7. Annað, nettó	-891	104	-108	-1.675
8. Grunnfé (1+2+3+4+5+6+7+8=9+10)	253	-737	3.637	599
9. Seðlar og mynt í umferð	735	528	273	275
10. Innstæður innlánsstofnana o.fl.	-482	-1.265	3.364	324
Þ.a. bundnar innstæður v/bindiskyldu	133	-218	876	918
	Hreyfingar í %			
Grunnfé	1,6	22,5	23,6	3,1
Seðlar og mynt	18,8	11,4	5,2	5,0
Bundnar innstæður v/bindiskyldu	1,9	-3,1	12,8	11,9



Seðlabankann, en framvegis má gera ráð fyrir því að fleiri fjármála- stofnanir eignist innstæður við bankann.


Grunnfé, sem samanstendur af seðlum og mynt í umferð svo og innstæðum innlánsstofnana hjá Seðlabankanum, jókst einungis um 0,6 ma.kr. á árinu 1997 eins og áður sagði. Innan grunnfjár varð tæplega 0,3 ma.kr. aukning á seðlum og mynt í umferð og rúmlega 0,3 ma.kr. aukning á sjóði og innstæðum innlánsstofnana. Inni í því var raunar um 1,5 ma.kr. lækkun á óbundnum gjaldeyrisinnstæðum, sem tengist því að teknar voru út innstæður vegna erlendar lántöku eins og áður var getið. Um 0,9 ma.kr. hækkun varð á skyldubundnum innstæðum innlánsstofnana og um 0,9 ma.kr. aukning varð einnig á lausafé innlánsstofnana í íslenskum krónum.

Innlánsstofnanir

Mikil gróska var í lykilstærðum í reikningum innlánsstofnana á árinu 1997 og virðist sem þær hafi unnið aukna hlutdeild í fjármálamarkað- inum. Lán, endurlán og markaðsverðbréfaeign jukust samtals um 43,3 ma.kr. eða 17,9% á árinu 1997 samanborið við um 12,4% aukningu á árinu 1996. Hlutfallslega varð mest aukning í markaðsverðbréfaeign- inni eða um 74% á árinu 1997, en hefðbundin lán og endurlán jukust um 13%. Innlán jukust minna en útlán eða um 9,5% á árinu 1997, en verð- bréfaútgáfa innlánsstofnana jókst um rúm 22%, og samtals varð um 24 ma.kr. aukning á innstæðum og verðbréfaútgáfu innlánsstofnana á árinu 1997 eða 11,5% samanborið við 10,2% aukningu á árinu 1996.

Lausafjárstaða innlánsstofnana rýrnaði umtalsvert á árinu 1997, eða um 13,3 ma.kr., og nam einungis um 3,1 ma.kr. í lok ársins. Þetta skýrist af því að vöxtur útlána og markaðsverðbréfaeignar varð um 19,2 ma.kr. umfram vöxt innlána og verðbréfaútgáfu, en þar sem um 13,3 ma.kr. fjármögnun lána var fengin með erlendu lánsfé til endurlána hefði lausafjárstaðan að öðru óbreyttu átt að versna aðeins um 6 ma.kr. Mismunurinn stafar af breytingum á ýmsum liðum og má nefna að breyting á ýmsum innstæðum við Seðlabankann og fyrirgreiðslu hans olli um 1,4 ma.kr. verri lausafjárstöðu hjá innlánsstofnunum og hækkun á ýmsum kröfum þeirra á aðrar lánastofnanir umfram lántökur olli rúm- lega 7 ma.kr. samdrætti á lausafjárstöðu á árinu 1997. Innan lausafjár- stöðu innlánsstofnana versnaði erlend staða þeirra um 4,1 ma.kr., lausa- fjárstaða gagnvart Seðlabankanum versnaði um 5,7 ma.kr. og ríkisvixla- eign innlánsstofnana dróst saman um 3,5 ma.kr.


Helstu breytingar í flokkun lána, endurlána og markaðsverðbréfa innlánsstofnana á árinu 1997 voru í kröfum á ríkissjóð og ríkisstofnanir og á sveitarfélög, sem breyttust úr samdrætti á árinu 1996 í aukningu 1997. Skýringin á mikilli aukningu krafna á ríkissjóð er aukin eign lánastofnana í markaðsverðbréfum ríkissjóðs en samtals jókst hún um nær 5,9 ma.kr. eða 43%. Svipaða sögu má segja um auknar kröfur á aðrar lánastofnanir, sem skýrast að stærstum hluta til af um 6 ma.kr. aukningu í húsbréfa- og húsnæðisbréfaeign innlánsstofnana á árinu 1997. Lán innlánsstofnana til fyrirtækja jukust verulega annað árið í röð,



Tafla IV.5. Úr reikningum innlánsstofnana

	Hreyfingar í m.kr.			
	1994	1995	1996	1997
1. Lausafjárstaða	-8.832	-2.495	8.172	-13.326
2. Þar af ríkisvixlar	-6.731	2.921	2.726	-3.476
3. Ýmsar innstæður í Seðlabanka	-115	-218	876	918
4. Lán, endurlán og markaðsverðbréf	-208	1.783	26.688	43.386
5. Þar af almenn útlán	11.791	-9.619	16.682	21.976
6. Samtals (1+3+4=7+8+9+10+11)	-9.155	-930	35.736	30.978
7. Innlán	3.056	3.211	11.443	16.983
8. Verðbréfaútgáfa	-362	1.758	8.071	7.133
9. Fyrirgreiðsla Seðlabanka	-405	-488	-1.234	-505
10. Erlend lán	-12.369	-5.488	16.658	13.261
11. Annað, nettó	928	77	798	-5.894

	Hreyfingar í %			
Lán, endurlán og markaðsverðbréf	-0,1	0,8	12,4	17,9
Innlán	1,9	2,0	6,9	9,5
Verðbréfaútgáfa	-1,6	7,9	33,5	22,2




um 19,5 ma.kr. á árinu 1997 eða 14,1% samanborið við um 15,6 ma.kr. eða 12,7% aukningu á árinu 1996. Heimilin juku einnig lántökur sínar hjá innlánsstofnunum jafnt og þétt um 15,6% á árinu 1997 samanborið við um 12,3% á árinu 1996.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á þróun markaðsverðbréfaeignar innlánsstofnana tvö undanfarin ár, en á því tímabili hafa þau verið aðgreind frá lánveitingum. Í eldri hagtölum var markaðsverðbréfaeign innifalin í útlánunum innlánsstofnana. Markaðsverðbréf eru framseljanleg verðbréf sem boðin eru til kaups í flokkum þar sem öll helstu einkenni bréfa eru hin sömu. Athyglisvert er að eign innlánsstofnana í markaðsverðbréfum hefur aukist hraðar en venjubundin lán og endurlán eða um 19,5% á árinu 1996 og um 74% á árinu 1997. Ennþá eru þó markaðs-

Lausafjrhutfall banka og sparisjóða (%)

1996:	Lágmark	Útkoma
Janúar	10,00	11,3
Febrúar	10,00	12,3
Mars	10,00	12,7
Apríl	10,00	12,5
Mái	10,00	11,9
Júní	10,00	11,1
Júlí	10,00	12,8
Ágúst	10,00	14,2
September	10,00	13,7
Október	12,00	13,1
Nóvember	12,00	13,0
Desember	12,00	11,8

1997:	Lágmark	Útkoma
Janúar	12,00	12,5
Febrúar	12,00	12,3
Mars	12,00	13,1
Apríl	12,00	12,5
Mái	12,00	13,3
Júní	12,00	12,0
Júlí	12,00	15,5
Ágúst	12,00	16,9
September	12,00	16,5
Október	12,00	14,7
Nóvember	12,00	13,5
Desember	12,00	13,5



Tafla. IV.6. Flokkun lána, endurlána og markaðsverðbréfa innlánsstofnana eftir lántakendum Ríkisvixlar innlánsstofnana ekki meðtaldir

	Staða	Hreyfingar		Hreyfingar	
	í m.kr.	M.kr.	%	M.kr.	%
	31.12.97				
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	21.903	-1.634	-9,3	5.972	37,5
Sveitarfélög	7.982	-191	-2,5	559	7,5
Lánastofnanir	17.460	5.402	97,9	6.539	59,9
Fyrirtæki	158.144	15.566	12,7	19.543	14,1
Heimili	79.671	7.543	12,3	10.773	15,6
Samtals	285.160	26.687	12,4	43.386	17,9

verðbréf í eigu innlánsstofnana tiltölulega lítil að vöxtum miðað við útlán þar sem þau námu tæpum 34 ma.kr. í árslok 1997 samanborið við um 251 ma.kr. í hefðbundnum lánum og endurlánum.

Millibankalán
Meðalstaða hvers árs



	M.kr.
1992	1.634
1993	1.938
1994	777
1995	721
1996	975
1997	1.295


Millibankaviðskipti

Daglánamarkaði með innstæður á viðskiptareikningi bankastofnana í Seðlabanka var komið á laggir í byrjun árs 1993. Auk þeirra viðskipta miðlar Sparisjóðabanki millibankalánnum til sparisjóðanna innbyrðis. Nokkur vöxtur hefur verið síðustu tvö ár eftir fremur lítil viðskipti 1994 og 1995. Millibankalán voru um 1.295 m.kr. að meðaltali 1997, sem er tæplega 33% aukning frá fyrra ári. Ólík lausafjárstaða bankastofnana á árinu 1997, einkum undir lok ársins, ýtti meðal annars undir aukin viðskipti á þessum markaði. Mestu viðskipti ársins urðu í desember, 3.310 m.kr. að meðaltali, en minnst í maí, 580 m.kr. að meðaltali.

Bankakerfið

Reikningar bankakerfisins sýna samtölur efnahagsstærða Seðlabankans og innlánsstofnana. Talsverður vöxtur varð á peningamagni og sparifé (M3) á árinu 1997 eða rúmir 17 ma.kr. sem svarar til 9,4% samanborið






við tæplega 12 ma.kr. vöxt á árinu 1996 eða 6,8%. Sé verðbréfaútgáfu bætt við M3 varð aukning samtölunnar (M4) talsvert meiri bæði umrædd ár eða 11,9% á árinu 1997 samanborið við 9,6% aukningu á árinu 1996. Hlutfall peningamagns og sparifjár af landsframleiðslu að viðbætttri verðbréfaútgáfu var um 43,6% í árslok 1997. Á sjöunda áratugnum sveiflaðist þetta hlutfall í kringum 40%, en féll hratt á áttunda áratugnum allt niður í um 20%. Á níunda áratugnum hófst síðan kröftugur vöxtur með nýju hámarki, tæpum 44% á árinu 1993. Síðan þá hefur hlutfallið lækkað lítillega þar til 1997 að það hækkaði á ný í rúm 43%.

Veltiinnlán í innlánsstofnunum og seðlar og mynt í umferð mynda peningamagn (M1), sem jókst hraðar en M3 eða um 19,2% 1997 samanborið við 8,5% 1996. Undanfarin ár hefur M1 vaxið verulega umfram verðlagshækkanir, sem túlka má m.a. þannig að lítil verðbólga hafi styrkt eftirspurnina eftir reiðufé. Almennt sparifé í bönkum hefur vaxið mun hægar en verðbréfaútgáfa bankanna hefur í auknum mæli komið í staðinn.

Tafla IV.7. Úr reikningum bankakerfisins

	Hreyfingar í m.kr.			
	1994	1995	1996	Brb. 1997
1. Erlendir liðir, nettó	-984	187	1.921	-20.643
2. Lán, endurlán og markaðsverðbréf	6.315	1.980	20.938	42.322
3. Annað, nettó	-1.902	3.329	-3.037	2.712
4. Samtals (1+2+3=M4)	3.429	5.496	19.822	24.391
5. Peningamagn og sparifé (M3)	3.791	3.738	11.751	17.258
6. Verðbréf, útg. af innlánsstofn.	-362	1.758	8.071	7.133
	Hreyfingar í %			
Lán, endurlán og markaðsverðbréf	2,8	0,8	8,8	16,4
Peningamagn og sparifé (M3)	2,3	2,2	6,8	9,4
Peningamagn (M1)	10,7	9,6	8,5	19,2



Lán, endurlán og markaðsverðbréf bankakerfisins að meðtöldum ríkisvxlum uxu um 42,3 ma.kr. á árinu 1997, eða 16,4% samanborið við um 21 ma.kr. eða 8,8% aukningu 1996. Eins og áður sagði var aukning lána innlánsstofnana um 43,3 ma.kr. 1997 og kröfur Seðlabankans jukust um 2,5 ma.kr., en eign innlánsstofnana í ríkisvxlum dróst saman um 3,5 ma.kr. Um 14% aukning var á kröfum bankakerfis á fyrirtæki, 15,6% á heimili, 18,3% á ríkissjóð og ríkisstofnanir, 2,6% á bæjar- og sveitarfélög og nær 46% á lánastofnanir aðrar en banka.


3. AÐRAR FJÁRMÁLASTOFNANIR

Fjárfestingarlánasjóðir

Heildarútlán fjárfestingarlánasjóða í árslok 1997 námu 304 ma.kr., en voru um 282 ma.kr. í árslok 1996. Aukningin er 7,7%, og má rekja hana að mestu leyti til aukningar lána íbúðalánasjóða. Í árslok 1997 var hlutfeld íbúðalánasjóða í útlánum fjárfestingarlánasjóða 71,9%, en sambærilegt hlutfall í árslok 1996 var 71,6%. Íbúðalán til einstaklinga jukust um 16,8 ma.kr. á árinu, og var það 8,3% aukning. Ný útlán Húsbréfadeildar námu á síðasta ári 14,5 ma.kr. Vöxtur útlána atvinnuvegasjóða nam 4,9 ma.kr. á árinu eða 6%, og námu þau í árslok 85 ma.kr.

Heildareignir fjárfestingarlánasjóða voru 316 ma.kr. í lok ársins 1997, en voru 287,5 ma.kr. í árslok 1996 og hafa því aukist um 10% árið 1997. Erlendar skuldir fjárfestingarlánasjóða hækkuðu um 7% árið 1997, en um hálf prósent lækkun varð á árinu 1996.

Verulegur vöxtur varð á lánum til sjávarútvegs, þ.e. 10,5%. Talsverð aukning varð einnig á lánum til annarra verktaka en þau jukust um 1,4 ma.kr. á árinu. Lítil vöxtur eða næstum óbreytt staða var á lánum til allra annarra atvinnugreina. Tölur um útlán einstakra sjóða er að finna í töfluviðauka.



Tafla IV.8. Úr reikningum fjárfestingarlánasjóða

	Staða í árslok, ma.kr.		Hreyfingar 1997	
	1996	1997	Ma.kr.	%
Útlán og verðbréfaeign	282,2	303,9	21,7	7,7
Byggingarsjóður ríkisins	63,0	62,0	-1,0	-1,6
Húsbréfadeild	90,4	104,9	14,5	16,0
Byggingarsjóður verkamanna	48,4	51,5	3,1	6,4
Atvinnuvegasjóðir	80,4	85,3	4,9	6,1
Innstæður og sjóður	5,8	9,7	3,9	67,2
Annað, nettó	-0,5	2,3	2,8	560,0
<i>Eignir= skuldir og eigið fé</i>	287,5	315,9	28,4	9,9
Lán frá lífeyrissjóðum	56,0	52,6	-3,4	-6,1
Húsbréf og verðbréfaútgáfa	119,2	142,0	22,8	19,1
Önnur innlend lán o.fl.	25,5	28,2	2,7	10,6
Erlend lán	42,4	45,4	3,0	7,1
Eigið fé	44,4	47,7	3,3	7,4


Lífeyrissjóðir

Í upphafi árs 1997 var skýrslusöfnun frá lífeyrissjóðum breytt á þann veg, að í stað þess að safna ársfjórðungslegum greiðslufirlitum var byrjað að safna mánaðarlegum efnahagsyfirlitum. Ekki þótti ástæða til að óska eftir mánaðarskýrslum frá öllum sjóðum þar eð vænta má að ekki sé um miklar breytingar á efnahagsliðum að ræða milli mánaða hjá minni sjóðunum, heldur einungis frá stærstu sjóðunum sem samtals eiga u.þ.b. 90% af heildareignum lífeyrissjóðanna. Út frá því úrtaki er síðan áætlað fyrir heildina. Þar sem úrtakið er svo stórt sem raun ber vitni má ætla að um nokkuð góða áætlun sé að ræða. Af þessum sökum er hér ekki fjallað um greiðslufirlit lífeyrissjóða, eins og venja hefur verið í ársskýrslu, heldur efnahagsyfirlit, en vísað er í töflu 24 í töfluviðauka þar sem birt er endanlegt greiðslufirlit ársins 1996.

Tafla IV.9. Efnahagsyfirlit lífeyrissjóða

	Staða í árslok í m.kr.		Hreyfingar 1997	
	1996	1997 ¹	M.kr.	%
<i>Sjóður og bankainnstæður</i>	5.693	4.039	-1.654	-29,1
<i>Langtímakröfur</i>	286.806	332.345	45.539	15,9
<i>Markaðssk.bréf og hlut.skírteini</i>	156.646	182.222	25.576	16,3
Ríkissjóður	23.401	19.154	-4.247	-18,2
Bæjar- og sveitarfélög	13.057	15.464	2.407	18,4
Bankar og sparissjóðir	20.522	24.544	4.023	19,6
Fjárfestingarlánasjóðir	74.314	91.983	17.669	23,8
þ.a. húsbréf	58.428	67.115	8.687	14,9
þ.a. húsnaðisbréf	9.903	13.901	3.998	40,4
Eignarleigur	4.202	5.057	855	20,4
Fyrirtæki	11.749	15.848	4.099	34,9
Hlutdeildarsk. verðbréfasjóða	8.430	8.470	40	0,5
þ.a. erlendir verðbréfasjóðir	7.452	4.468	-2.984	-40,0
Önnur erlend skuldabréf	972	1.701	730	75,1
<i>Önnur skuldabréf, alls</i>	115.860	112.139	-3.720	-3,2
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	3.615	3.494	-120	-3,3
Bæjar- og sveitarfélög	2.268	2.308	40	1,8
Bankar og sparissjóðir	2.113	1.976	-137	-6,5
Fjárfestingarlánasjóðir	56.186	51.717	-4.470	-8,0
Aðrar lánastofnanir	360	893	533	148,0
Fyrirtæki	12.820	12.272	-548	-4,3
Einstaklingar (sjóðfélagalán)	38.498	39.480	982	2,6
<i>Hlutabréfasjóðir</i>	-	8.794	8.794	..
þ.a. erlendir	-	8.609	8.609	..
<i>Hlutabréf</i>	14.301	29.190	14.889	104,1
þ.a. erlend	1.211	7.446	6.234	514,7
<i>Aðrar eignir, nettó</i>	14.006	9.161	-4.845	-34,6
<i>Hrein eign til greiðslu lífeyris</i>	306.506	345.545	39.039	12,7

1. Áætlun byggð á úrtaki stærstu sjóða.




Hrein eign lífeyrissjóðanna jókst um 39 ma.kr. á árinu 1997 eða 12,7% og var það svipuð aukning og undanfarin ár. Nokkrar breytingar hafa þó orðið á eignasamsetningunni. Eign í markaðsskuldabréfum jókst um 25,6 ma.kr. en eign í öðrum skuldabréfum dróst saman um 3,7 ma.kr. Í flokknum önnur skuldabréf voru það einkum bréf fjárfestingarlánasjóða sem orsökkuðu þennan samdrátt. Var þar aðallega um að ræða skuldabréf Húsnæðisstofnunar, sem gefin voru út á sínum tíma vegna skyldukaupa lífeyrissjóða af stofnuninni, en eru nú smám saman að fjara út.

Helstu breytingar á markaðsskuldabréfum eru þær að eign lífeyrissjóðanna í bréfum ríkissjóðs minnkaði um rúmlega 4 ma.kr. 1997 eða 18,2% frá fyrra ári, en árið þar á undan hafði hún aukist um 25,3%. Mikil aukning varð á markaðsverðbréfum fjárfestingarlánasjóða eða 17,7 ma.kr. og var það framhald sömu þróunar og verið hafði undanfarin ár. Eign lífeyrissjóða í húsbrefum jókst um tæp 15% á árinu 1997, sem var heldur minna en árið 1996 þegar hún jókst um rúm 20%. Eign lífeyrissjóða í húsnæðisbréfum og bréfum atvinnuvegasjóða jókst einnig mikið.

Eignir lífeyrissjóðanna í erlendum verðbréfum jukust mjög á árinu 1997, eða alls um tæpa 13 ma.kr. Nær helmingur þeirrar aukningar var í erlendum hlutabréfum. Aukningin sem fram kom á eign lífeyrissjóða í hlutabréfasjóðum er ekki marktæk, þar sem hlutabréfasjóðir voru ekki sérgreindir í skýrslusöfnun fyrr en í mánaðarskýrslum ársins 1997 og hafa því væntanlega verið færðir með verðbréfasjóðum fram til þess tíma. Af þeirri ástæðu kom fram 3 ma.kr. samdráttur á erlendum verðbréfasjóðum. Samtals jukust eignir lífeyrissjóða í verðbréfa- og hlutabréfasjóðum um 5,6 ma.kr. á árinu 1997.

Aukning innlendra hlutabréfa virðist einnig hafa verið mikil á árinu 1997, en þó kann að vera að hluti hennar skýrist af breyttum matsaðferðum.

Aukning lánveitinga til sjóðfélaga var mjög svipuð á árinu 1997 og 1996, eða 2,6% samanborið við 2,4%, og var heildarfjárhæð úti-standandi sjóðfélagalána í árslok 39,5 ma.kr.



Eignarleigur

Þrjár eignarleigur störfuðu á árinu 1997. Alls jukust leigusamningar um 5,1 ma.kr. á árinu 1997 eða 46%, en vöxtur þeirra á árinu 1996 var 33%. Leigusamningar í íslenskum krónum jukust um 3,1 ma.kr. eða 35%. Það er sama aukning í prósentum og árið 1996. Leigusamningar bundnir í erlendum gjaldmiðlum jukust um 91% milli árána 1996 og 1997 og fór hlutfall erlendar myntar í leigusamningum vaxandi milli árána eða úr tæplega 20% árið 1996 í tæp 26% árið 1997. Talsverðar breytingar á lánsfjármögnun eignarleigna urðu á milli ára þar sem hlutur gengistryggðra lána jókst mikið á kostnað annarrar fjármögnunar.

Verðbréfasjóðir

Sú aukning á útgefnum hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem hófst á árinu 1996 hélt áfram á árinu 1997, en þau jukust um tæp 63% eða

Tafla IV.10. Úr reikningum verðbréfasjóða

Eignir:	Staða í árslok í m.kr.		Hreyfingar í m.kr.		Hreyfingar í %	
	1996	1997	1996	1997	1996	1997
Sjóður og bankainnstæður	1.126	1.621	-96	495	-7,9	44,0
Verðbréfaeign	20.115	32.244	6.575	12.130	48,6	60,3
Spariskírteini ríkissjóðs	4.813	10.962	1.004	6.149	26,4	127,8
Önnur ríkisverðbréf	4.124	6.128	2.566	2.004	164,7	48,6
Verðbréf sveitarfélaga	946	745	-280	-201	-22,8	-21,2
Hús- og húsnæðisbréf	2.023	3.836	390	1.813	23,9	89,6
Verðbréf innlánsstofnana	2.993	4.691	2.037	1.698	213,1	56,7
Verðbr. annarra fjárm.stofn.	1.241	1.303	430	62	53,0	5,0
Skuldaskjöl atv.fyrirtækja	1.713	1.764	548	51	47,0	3,0
Innlend hlutabréf	541	1.334	419	793	343,4	146,6
Önnur verðbréf	222	184	-161	-38	-41,9	-17,1
Erlend hlutabréf	513	736	203	223	65,5	43,5
Erlend skuldabréf	985	561	-582	-424	-37,1	-43,0
Aðrar eignir	71	28	-23	-43	-24,5	-60,6
<i>Eignir = skuldir og eigið fé</i>	<i>21.317</i>	<i>33.893</i>	<i>6.460</i>	<i>12.578</i>	<i>43,5</i>	<i>59,0</i>
<i>Skuldir og eigið fé:</i>						
Útgefin hlutdeildarskírteini	20.533	33.397	6.016	12.864	41,4	62,7
Aðrar skuldir	733	259	462	-474	170,5	-64,7
Eigið fé	49	237	-20	188	-29,0	383,7

12,9 ma.kr. samanborið við 41% hækkun á árinu 1996 og 11% lækkun á árinu 1995.


Sala og innlausn hlutdeildarskírteina jókst einnig til muna. Sala hlutdeildarskírteina jókst úr rúmum 44 ma.kr. árið 1996 í rúma 83 ma.kr. árið 1997, eða um 86%. Innlausn jókst úr rúmum 39 ma.kr. árið 1996 í rúmlega 72 ma.kr. árið 1997 eða um tæp 85%. Um 76% af sölu og innlausn ársins 1997 má rekja til umsvifa skammtímasjóða, 11% til eignarskattsfrjálsra sjóða og 14% til annarra sjóða.

Undir árslok 1997 varð umtalsverð hreyfing frá skammtímasjóðum og öðrum sjóðum yfir í eignarskattsfrjálsa verðbréfasjóði og var hrein sala hlutdeildarskírteina eignarskattsfrjálsra sjóða rúmlega 4,9 ma.kr. í desember 1997.

Hlutfallslega mest af heildareignum verðbréfasjóðanna í árslok 1997 var bundið í spariskírteinum ríkissjóðs eða 32,3%, en þetta hlutfall var 22,6% í lok ársins 1996. Hlutdeild húsbrefa jókst einnig eða úr 9,5% í árslok 1996 í 11,3% í lok ársins 1997. Hlutdeild erlendra skuldabrefa af heildareignum verðbréfasjóða minnkaði hins vegar úr 4,6% í árslok 1996 í 1,7% í árslok 1997.

4. GREIÐSLU- OG VERÐBRÉFAMÍÐLUN

Á undanförunum árum hafa talsverðar breytingar átt sér stað í notkun greiðslumiðla hér á landi. Meginbreytingin er aukin notkun debetkorta



Sala og innlausn á hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða 1997

Ma.kr.	Inn- Sala lausn Nettó		
	Sala	lausn	Nettó
Eignarskattsfrjálsir sjóðir	11,2	5,8	5,4
Skammtímasj.	60,5	57,3	3,2
Erlendir sjóðir	0,4	0,7	-0,3
Aðrir sjóðir	11,2	8,4	2,8
Samtals	83,3	72,1	11,2

sem bankar og sparisjóðir hleyptu af stokkunum árið 1993 og dregið hefur verulega úr notkun tékka í viðskiptum. Á undanföllum tveimur árum hefur Seðlabankinn veitt þróun greiðslumiðlunar vaxandi athygli, bæði þróun einstakra greiðslumiðla og uppgjörskerfa. Á árinu 1996 birti Seðlabankinn skýrslu um rafrænar greiðslur þar sem fjallað er um áhrif nýrra greiðslumiðla svo sem rafeyriskorta og netfjár á greiðslumiðlun. Jafnframt hefur Seðlabankinn lagt á það áherslu að fylgjast með þróun löggjafar um rafeyri á vettvangi Evrópusambandsins (ESB) en þar er í smíðum löggjöf um rafeyrisstofnanir þar sem kveðið verður á um réttindi þeirra og skyldur. Á árinu 1997 birti Seðlabankinn síðan skýrslu um greiðslumiðlun þar sem borið var saman fyrirkomulag uppgjörsgreiðslumiðlunar hér á landi og það sem tíðkast erlendis. Fyrirkomulag greiðsluuppgjörsgreiðslumiðlunar hefur verið óbreytt hér á landi um margra ára skeið eða í raun allt frá 1975 þegar Reiknistofa bankanna hóf starfrækslu greiðslujöfnunarkerfis banka og sparisjóða og handvirk flokkun tékka og millifærslna var aflögð. Kerfi Reiknistofunnar byggir á fjölliða jöfnun greiðslna milli þeirra aðila sem aðild eiga að uppgjörinu einu sinni á sólarhring.

Á undanföllum árum hefur gætt vaxandi áhyggna af að jöfnunarkerfi af þessu tagi taki ekki með fullnægjandi hætti á þeirri áhættu sem greiðsluuppgjör fylgir. Við þessu hefur verið brugðist með tvennum hætti. Annars vegar með því að setja skilyrði fyrir jöfnunarkerfi sem draga úr áhættu og skilgreina leiðir ef einhver uppgjörsaðili getur ekki af einhverjum ástæðum innt af hendi skuldbindingar sínar. Hins vegar með því að hverfa frá jöfnun en taka þess í stað upp samtímabókunarkerfi fyrir einstakar færslur. Nú virðist almennt vera viðurkennt að uppgjörskerfi þar sem seðlabanki leggur til uppgjörsgreiðslna skuli vera samtímabókunarkerfi. Þannig hefur ESB ákveðið að öll uppgjörskerfi seðlabanka innan ESB skuli vera samtímabókunarkerfi og hefur því þegar verið hrint í framkvæmd. Jafnframt hefur ESB ákveðið að skilyrði fyrir tengingu við hið nýja greiðslumiðlunarkerfi sem verið er að þróa fyrir evruna, hinn nýja gjaldmiðil Efnahags- og myntbandalags Evrópu, skuli vera að uppgjörskerfi seðlabankans sé samtímabókunarkerfi. Í ljósi þessara viðhorfa hleypti Seðlabankinn, í samstarfi við banka, sparisjóði og Reiknistofu bankanna, af stað endurskoðun á uppgjörskerfum með það fyrir augum að laga þau að alþjóðlega viðurkenndum sjónarmiðum. Þetta þýðir að uppgjörskerfi Seðlabankans verði gert að samtímabókunarkerfi. Stefnt er að því að ljúka þessu árið 1999.

Tékkanothun

Tékkanothun hélt áfram að minnka á árinu 1997 og er það í samræmi við þá þróun sem verið hefur undanfarin ár, en frá árunum 1991 og 1992 hefur tékkanothun farið stöðugt minnkandi. Fjöldi útgefinna tékka var tæpar 8,5 milljónir á árinu 1997 og minnkaði um tæp 14% frá árinu 1996. Hins vegar minnkaði heildarvelta tékka minna eða aðeins um tæp 6% á sama tíma og var á árinu 708 ma.kr. Meðaltékkafjárhæð fór því hækkandi frá árinu 1996 og var um 83 þús.kr. á árinu 1997 samanborið

við tæpar 77 þús.kr. á árinu 1996. Greinileg þróun er í þá átt að tékkar eru notaðar vegna stærri viðskipta en debetkort í sívaxandi mæli vegna viðskipta með smærri fjárhæðir.

Debetkort

Aukning varð á heildarveltu debetkorta á árinu 1997 og var hún 178 ma.kr., þar af 177 ma.kr. vegna notkunar innanlands. Heildarveltan innanlands og utan var ríflega 17% meiri en á árinu 1996. Um 69% veltunnar fara í gegnum banka og sparisjóði, þar af einungis 7% í gegnum hraðbanka, og 31% í gegnum verslanir. Fjöldi færslna á árinu 1997 var rúmar 22 milljónir en færslufjöldinn var tæpar 18 milljónir á árinu 1996. Á árinu 1997 var færslufjöldi debetkorta í fyrsta sinn orðinn meiri en kreditkorta. Meðalfjárhæð færslna var tæpar 8.000 kr. á árinu 1997 eða svipuð fjárhæð og árið á undan. Fjöldi korta árið 1997 var rúm 207 þús. og hefur kortum fjölgað frá árinu áður. Til samanburðar má nefna að fjöldi korta árið 1994 var 23.048 og hafa debetkort því náð mikilli útbreiðslu á skömmum tíma.



Kreditkort

Heildarvelta kreditkorta á árinu 1997 var 82,4 ma.kr., þar af 70,4 ma.kr. vegna notkunar innanlands. Heildarveltan var rúmunum 9% meiri en á árinu 1996. Færslufjöldi á árinu var kr. 21,8 milljónir og því var meðalfjárhæð færslu 3.785 kr. Athyglisvert er að meðalfjárhæð kreditkortafærslna er um helmingi lægri en debetkorta sem bendir til þess að kreditkortin séu meira notuð í einstökum viðskiptum en debetkortin. Hins vegar var meðalfjárhæð færslna erlendis meira en helmingi hærri en innlendra færslna eða 7.900 kr. samanborið við 3.500 kr. innanlands.

Ef litid er á hlutfallslega skiptingu heildarveltu þessara þriggja greiðslumiðla sést að á árinu 1997 var hlutdeild tékka tæp 73% hennar. Skýrist það af því sem að ofan greinir, að meðalfjárhæð tékka er margfalt hærri en kortafærslna. Hlutfall debetkorta í heildarveltu er 18% og kreditkorta tæp 9%.

Verðbréfaþing

Viðskipti á Verðbréfaþingi Íslands náðu sögulegu hámarki árið 1997. Heildarviðskipti í viðskiptakerfi þingsins voru 189 ma.kr. árið 1997 samanborið við 119 ma.kr. árið 1996 og 71 ma.kr. árið 1995. Aukningin var 58% árið 1997 en 68% árið þar áður. Viðskipti jukust í öllum flokkum verðbréfa nema með ríkisbréf og ríkisvixla. Viðskipti í desember 1997 urðu einnig þau mestu á einum mánuði í sögu þingsins eða um 27,7 ma.kr. sem er um 1,5 ma.kr. meira en í næsta metmánuði á undan sem var október 1997. Einnig var slegið met í mestu viðskiptum á einum degi en þann 15. desember voru viðskipti á þinginu um 3,4 ma.kr. Af 10 stærstu viðskiptamánuðum í sögu þingsins voru 8 á árinu 1997 og 10 stærstu viðskiptadagarnir voru einnig á sama ári. Af framansögðu er ljóst að mikil veltuaukning hefur átt sér stað á þinginu sem leitt hefur til traustari verðmyndunar og aukins seljanleika verðbréfa á markaðnum.



Tafla IV.11. Viðskipti á Verðbréfaþingi Íslands 1994-1997

M.kr.	Langtímamarkaður						Peningamarkaður		
	Húsbréf			Skulda-			Véxlar		
	Spari- og húsn.- skirteini	Ríkis- bréf	Ríkis- bréfl ¹	Önnur	bréf alls	Hluta- bréf	Ríkis- véxlar ²	innláns- stofnana	Samtals
1994	9.420	7.632	3.769	0	20.821	1.335	64.347	0	64.347
1995	9.351	2.518	7.808	64	19.741	2.858	48.338	0	48.338
1996	13.470	2.992	10.693	1	27.156	5.845	85.363	945	86.308
1997	28.444	24.307	8.436	365	61.552	13.283	77.725	36.366	114.091
% breyting									
96/97	111	712	-21	36.400	127	127	-9	3.748	32
Hlutfall af útistandandi markaðsverðmæti									
	0,33	0,21	0,75	0,01	0,22	0,09	6,40	2,53	4,30

1. Aðeins átt við ríkisbréf til lengri tíma en eins árs. 2. Ríkisbréf til 6-12 mánaða eru talin hér með. Heimildir: Verðbréfaþing Íslands, Seðlabanki Íslands.

Markaðsverðmæti skráðra verðbréfa jókst verulega á árinu 1997 eða um 28%, úr 352 ma.kr. í 452 ma.kr. Þrjár megináhrif eru fyrir auknu markaðsverðmæti verðbréfa á þinginu. Í fyrsta lagi fjölgaði skráðum verðbréfum um 6% samfara því að flokkarnir stækkuðu. Í öðru lagi lækkaði ávöxtunarkrafan á langtímamarkaðinum á árinu þannig að verðmæti skuldabréfa hækkaði. Að lokum fjölgaði skráðum hlutfélögum um 19 ásamt því að þingvísitala hlutabréfa hækkaði um 13,6%.

Tafla IV.12. Markaðsverðmæti skráðra bréfa á Verðbréfaþingi Íslands Staða í árslok í ma.kr.

	Langtímamarkaður						Peningamarkaður		
	Húsbréf			Skulda-			Véxlar		
	Spari- og húsn.- skirteini	Ríkis- bréf	Ríkis- bréfl ¹	Önnur	bréf alls	Hluta- bréf	Ríkis- véxlar ²	innláns- stofnana	Samtals
1990	37,8	5,1	.	1,2	44,1	1,7	.	.	.
1991	43,8	18,3	.	6,2	68,3	1,6	.	.	.
1992	51,6	31,1	1,9	6,8	91,4	14,6	6,8	.	6,8
1993	65,4	55,3	2,1	10,6	133,4	19,1	17,7	.	17,7
1994	72,7	69,7	5,6	23,3	171,3	33,0	17,1	.	17,1
1995	76,5	79,5	6,1	30,7	192,8	47,0	16,5	.	16,5
1996	79,7	102,6	8,1	48,0	238,4	93,5	16,6	3,9	20,5
1997	86,5	118,5	11,2	60,4	276,7	148,5	12,1	14,4	26,5
% breyting									
1997	8,5	15,5	38,3	26,0	16,1	58,9	-26,9	269,2	29,4

1. Aðeins átt við ríkisbréf til lengri tíma en eins árs. 2. Ríkisbréf til 6-12 mánaða eru talin hér með. Heimildir: Verðbréfaþing Íslands, Seðlabanki Íslands.

Peningamarkaður

Með peningamarkaði er átt við markaðsbréf sem gefin eru út til eins árs eða skemmri tíma. Viðskipti á peningamarkaði felast í viðskiptum með ríkisvísitla og vísitla sem gefnir eru út af innlánsstofnunum. Mikil aukning varð í viðskiptum með vísitla innlánsstofnana árið 1997 miðað við árið á undan. Veltan var 36,4 ma.kr. árið 1997 en rétt innan við einn

milljarð árið 1996. Fimm innlánsstofnanir gáfu út víxla sem viðskipti urðu með á eftirmarkaði árið 1997 samanborið við tvær árið áður.

Viðskipti með ríkisvíxla drógust aftur á móti saman um 9% milli ára, úr 85,4 ma.kr. árið 1996 í 77,7 ma.kr. árið 1997. Skýringin á minni veltu ríkisvíxla er minni lánsfjárförf ríkissjóðs enda nam innlausn umfram sölu 4,5 ma.kr. árið 1997. Einnig hefur stórukið framboð bankavíxla án efa dregið úr eftirspurn eftir ríkisvíxlum á eftirmarkaði. Endurhverf ríkisvíxlakaup Seðlabankans eiga einnig sinn þátt í því að viðskipti með slík bréf eru minni en ella á þinginu.

Aukið framboð bankavíxla hefur leitt til þess að aðild Seðlabankans að viðskiptum á Verðbréfaþingi Íslands hefur minnkað verulega á skömmum tíma. Árið 1995 var aðild bankans að viðskiptum á peningamarkaðinum 99% og ári síðar 90%. Árið 1997 var aðild Seðlabankans komin niður í 59% af heildarviðskiptum.

Langtímamarkaður

Viðskipti með skuldabréf á langtímamarkaði þ.e. með skuldabréf sem gefin eru út til lengri tíma en eins árs voru 61,5 ma.kr. á árinu 1997 samanborið við 27,2 ma.kr. árið 1996. Aukningin var hlutfallslega mest í viðskiptum með húsbref og húsnæðisbref en viðskipti með þau jukust um 713% milli ára, úr 3,0 ma.kr. í 24,3 ma.kr. Helsta ástæðan fyrir aukinni veltu með húsbref og húsnæðisbref er sú að Húsnæðisstofnunin gerði fjárvörslusamninga um þessi bréf við verðbréfafyrirtæki í júní 1996. Tilgangur með samningunum var að tryggja traustari verðmyndun og aukinn seljanleika ákveðinna flokka húsbrefa og húsnæðisbrefa á eftirmarkaði.

Viðskipti með spariskírteini jukust um 111%, úr 13,5 ma.kr. árið 1996 í 28,4 ma.kr. árið 1997. Ákvörðun ríkissjóðs að fækka og stækka flokka spariskírteina til að treysta myndun markaðsvaxta og auka söluhæfni verðbréfanna á eftirmarkaði skýrir m.a. aukin viðskipti með spariskírteini á Verðbréfaþinginu. Fjárvörslusamningar Seðlabankans við verðbréfafyrirtæki og fyrirgreiðsla við viðskiptavaka gegn því að þeir setji daglega fram kaup- og sölutilboð í ríkistryggð verðbréf stuðlaði einnig að virkari eftirmarkaði með spariskírteini. Hlutfall viðskipta af útistandandi markaðsverðmæti bréfanna hefur hækkað úr 17% árið 1996 í 33% árið 1997. Þetta hlutfall gefur til kynna hve stór hluti bréfanna skiptir um hendur á ári, þ.e. um þriðjungur árið 1997.

Eftirtektarvert er að viðskipti með ríkisbréf minnkuðu um 21% milli ára, úr 10,7 ma.kr. árið 1996 í 8,4 ma.kr. árið 1997, jafnvel þó að sala umfram innlausn á frummarkaði hafi verið um 2,9 ma.kr. að nafnverði. Hlutfall viðskipta af útistandandi markaðsverðmæti ríkisbrefa var 102% árið 1996 en 63% árið 1997.

Aðild Seðlabankans að viðskiptum á langtímamarkaði var innan við 1% árið 1997 samanborið við 10% árið 1996 og 82% árið 1995. Fjárvörslusamningar sem Seðlabankinn hefur gert við þrjú verðbréfafyrirtæki hafa leitt til þess að bein afskipti bankans á langtímamarkaði eru nánast engin. Samningarnir fela í sér að bankinn afhendir vörslu-

Tafla IV.13. Viðskipti Seðlabankans og fjárvörsluaðila á Verðbréfafingi Íslands 1992-1997

	Peninga- markaður				Langtímamarkaður, skuldabréf				Peninga- og langtíma- markaður	
	Seðla- banki		Fjárvörslu- aðilar		Seðla- banki		Fjárvörslu- aðilar		Seðlabanki og fjárv.aðilar	
	Við- skipti Ma.kr.	Hlut- deild %	Við- skipti Ma.kr.	Hlut- deild %	Við- skipti Ma.kr.	Hlut- deild %	Við- skipti Ma.kr.	Hlut- deild %	Við- skipti Ma.kr.	Hlut- deild %
1992	2	98	.	.	4	87	.	.	6	89
1993	56	97	.	.	13	78	.	.	69	92
1994	64	100	.	.	18	86	.	.	82	96
1995	48	99	.	.	16	82	.	.	64	89
1996	80	92	1	1	3	10	16	58	100	82
1997	67	59	3	2	1	1	21	35	92	49

aðila verðbréf úr eigin safni sem þeim er skylt að nota til þess að fjármagna og stunda eftirmarkaðsviðskipti með tiltekna flokka ríkisskuldabréfa. Aðild fjárvörsluaðila að viðskiptum á langtímamarkaði var 35% árið 1997. Samanlögð aðild Seðlabankans og fjárvörsluaðila að öllum viðskiptum á peninga- og langtímamarkaði var 49% árið 1997, 82% árið 1996 og 89% árið 1995.

Útboð verðbréfa og staða markaðsverðbréfa

Vaxtakjör sem bjóðast á frummarkaði hafa áhrif á eftirspurn og framboð lánsfjár á skuldabréfa- og peningamarkaði. Meira framboð skuldabréfa að öðru óbreyttu ætti því að hækka ávöxtunarkröfuna á markaðnum og öfugt. Í töflu IV.14. kemur fram sala skuldabréfa á frummarkaði árin 1996 og 1997 sem átti sér stað fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja, banka og Lánasýslu ríkisins. Þegar talað er um sölu skuldabréfa er jafnframt verið að vísa til útgáfu húsbreyfa.

Heildarsala í skuldabréfaútboðum dróst saman um rúmlega 3 ma.kr. eða 5,1% milli árana 1996 og 1997, úr 59,9 ma.kr. árið 1996 í 56,8 ma.kr. 1997. Mestur varð samdrátturinn í sölu ríkisbréfa, rúmlega

Tafla IV.14. Heildarsala í almennum og lokuðum skuldabréfaútboðum á innlendum verðbréfamarkaði 1996 og 1997

M.kr.	1996			1997		
	Almenn útboð	Lokuð útboð	Samtals	Almenn útboð	Lokuð útboð	Samtals
Spariskírteini ríkissj.	20.051	.	20.051	18.356	.	18.356
Ríkisbréf	5.230	.	5.230	2.679	.	2.679
Húsbreyf	13.183	.	13.183	15.353	.	15.353
Húsnæðisbréf	5.379	.	5.379	5.207	.	5.207
Sveitarfélög	.	1.574	1.574	114	1.349	1.463
Lánastofnanir	4.302	8.004	12.306	6.566	3.982	10.548
Atvinnufyrirtæki	190	2.046	2.236	707	2.468	3.175
Samtals	48.335	11.624	59.959	48.982	7.799	56.781

2,5 ma.kr. eða 49%, lánastofnana rúmlega 1,7 ma.kr. eða 14% og spariskírteina ríkissjóðs, 1,7 ma.kr. eða 8,5%. Aukning varð í sölu skuldabréfa atvinnufyrirtækja milli árána 1996 og 1997 um rétt tæpan 1 ma.kr. eða 45%. Einnig varð 11% aukning í sölu hús- og húsnaðisbréfa að verðmæti um 2 ma.kr.


Eins og áður voru ríkissjóður og söluaðilar hús- og húsnaðisbréfa stærstu lántakendur á frummarkaði, en þessar stofnanir seldu skuldabréf fyrir 41,6 ma.kr. sem er um 73% af heildarsölunni árið 1997. Hlutfallið hélst svo til óbreytt frá árinu áður. Það hlutfall er hins vegar umtalsvert hærra en á árinu 1995 þegar sala þessara aðila var um 59% af heildarsölu skuldabréfa á markaðinum.

Sala skuldabréfa í lokuðum útboðum dróst saman milli árána 1996 og 1997 og munar þar mest um minni lokuð útboð á vegum lánastofnana. Eins og sjá má á súluriti á spássíu hefur hlutfall skuldabréfaútboða á almennum markaði vaxið úr um 67% árið 1995 í um 86% árið 1997.

Innlausn skuldabréfa ríkissjóðs og hús- og húsnaðisbréfa árið 1997 var samkvæmt bráðabirgðatölum rúmlega 24 ma.kr. eða um 13 ma.kr. minni en árið áður. Þegar tekið er tillit til frumsölu framangreindra aðila var hrein sala um 17,5 ma.kr. á árinu sem er umtalsvert aukning frá árinu 1996 þegar hrein sala umfram innlausn var 6,1 ma.kr. Þessa aukningu má rekja að mestu leyti til aukinnar sölu hús- og húsnaðisbréfa.

Heildarvelta í víxla viðskiptum á peningamarkaði hélt áfram að vaxa á árinu 1997 og var heildarsala víxla rúmlega 146 ma.kr. samanborið við 114 ma.kr. árið 1996 og 94 ma.kr. 1995. Stafar þetta mest af aukningu á þingskráðum víxlum banka og sparissjóða en sala þeirra jókst úr 2,6 ma.kr. árið 1996 í rúmlega 35 ma.kr. árið 1997. Á peningamarkaði var mest selt af ríkisvíxlum eða fyrir tæpa 64 ma.kr. sem eru

Sala í skuldabréfaútboðum
Hlutfallsleg skipting



Tafla IV.15. Helstu flokkar markaðsverðbréfa 1995-1997

	Staða í árslok í ma.kr.			Hreyfingar í ma.kr.		Hreyfingar í %	
	1995	1996	1997	1996	1997	1996	1997
<i>Verð- og gengistr., alls</i>	202,5	230,3	264,7	27,8	34,4	13,1	15,0
Spariskírteini ríkissjóðs	78,0	77,4	86,8	-0,6	9,4	-0,8	12,1
Bréf innlánsstofnana	20,1	24,1	26,7	4,0	2,6	16,4	10,9
Húsbréf	77,6	92,5	107,9	14,9	15,4	19,2	16,6
Húsnaðisbréf	7,6	13,0	19,0	5,4	6,0	97,4	46,1
Bréf atvinnuvegasjóða	14,3	16,4	16,8	2,1	0,4	-3,7	2,5
Bréf eignarleigna	4,9	6,9	7,5	2,0	0,6	41,8	8,7
<i>Óverðtryggð, alls</i>	40,6	55,8	71,6	15,2	15,8	32,6	28,3
Hlud.skírt. verðbr.sjóða	14,5	20,5	33,4	6,0	12,9	41,8	62,9
Ríkisbréf	6,6	10,4	13,3	3,8	2,9	58,7	27,9
Ríkisvíxlar	15,5	16,8	12,3	1,3	-4,5	-1,0	-26,8
Víxlar innlánsstofnana	4,1	8,1	12,6	4,0	4,5	85,2	55,7
<i>Samtals</i>	243,1	286,1	336,3	43,0	50,2	16,3	17,6

tæplega 44% af heildarsölu en hlutfall ríkisvixla var 58% af heildarsölu árið 1996. Heildarinnlausn vixla var svipuð á árinu 1997 og undanfarin ár en hrein aukning, það er sala umfram innlausn, var um 1,9 ma.kr.

Í töflu IV.15. er birt staða helstu flokka markaðsverðbréfa árin 1995-1997. Af verðtryggðum og gengistryggðum bréfum varð mest aukning í hús- og húsnæðisbréfum. Staða óverðtryggðra bréfa breyttist einnig árið 1997 og munar þar mestu um 13 ma.kr. aukningu hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðanna eða 63% frá árinu 1996. Einnig varð um 56% aukning á vixlum innlánsstofnana. Samdráttur varð hins vegar í útstandandi ríkisvixlum um 27% árið 1997. Hlutfall óverðtryggðra markaðsverðbréfa hefur heldur aukist á síðastliðnum tveimur árum og nam 21,3% árið 1997.

5. HLUTAFJÁRMARKAÐUR

Sá uppgangur sem hefur verið á íslenska hlutafjórmarkaðnum síðustu ár hélt áfram árið 1997. Það var einkum þrennt sem einkenndi þennan markað á árinu: Meiri sveiflur í verðum en undanfarin ár, mikil veltuaukning á eftirmaaði og vaxandi mikilvægi hlutafjórmarkaðarins í hagkerfinu. Íslenski hlutafjórmarkaðurinn á samt langt í verða jafn virkur og hlutafjórmarkaðir nágrannalöndanna. Til þess vantar meira hlutafé inn á markaðinn og velta þarf að margfaldast.

Bjartsýni ríkti á markaðnum á fyrri ársþelmingi 1997, sem leiddi m.a. til mikillar eftirspurnar eftir hlutabréfum og hækkunar hlutabréfaverðs. Þingvísitala hlutabréfa hækkaði um 37% fyrstu fjóra mánuði ársins. Síðan urðu viss þáttaskil á markaðnum, og það sem eftir lifði ársins gekk hækkunin að hluta til baka. Hækkunin yfir árið 1997 varð um 14%, sem er minnsta hækkun síðan 1993.

Hið svokallaða V/H-hlutfall segir til um hversu margra ára hagnað fyrirtækis fjárfestar eru tilbúnir að greiða fyrir hlutabréf þess. Í lok ársins 1996 var V/H-hlutfall fyrirtækja á VPÍ að meðaltali um 16. Á miðju ári hafði V/H-hlutfallið hækkað í um 25 miðað við hagnað fyrstu sex mánuði ársins, og miðað við hagnað fyrir árið í heild var hlutfallið um 22 í lok ársins. Hlutfallsleg aukning hagnaðar fyrirtækja á árinu 1997 var minni en hækkun hlutabréfaverðs og er það ein helsta skýring þeirrar leiðréttingar hlutabréfaverðs sem átti sér stað síðustu sjö mánuði ársins 1997.

Velta hlutabréfa jókst talsvert á eftirmaaði á árinu 1997. Velta á Verðbréfaþingi Íslands (VPÍ) og Opna tilboðsmarkaðnum (OTM) var um 14,7 ma.kr. samanboreið við 7,1 ma.kr. á árinu 1996. Helstu skýringar á þessari miklu aukningu eru fjölgun fyrirtækja á markaði, útgáfa nýs hlutafjár, lækkun á skattlagningu söluhagnaðar hlutabréfa og almenn efling markaðarins.

Söluverðmæti útgefina hlutabréfa í almennum útboðum og af hlutafélögum skráðum á VPÍ var um 17 ma.kr. samanboreið við 12,2 ma.kr. árið 1996. Aukninguna má rekja til aukinna hlutafjárútboða

Hækkun hlutabréfaverðs árið 1997 í % og V/H-hlutföll í lok ársins

	%	V/H
Ísland (VPÍ)	13,6	22
Danmörk (DSMI)	43,2	..
Noregur (OBX)	31,5	15
Svíþjóð	23,8	19
Finnland (HEX)	32,3	..
Bretland (FTSE 100)	24,7	19
Bandaríkin (S&P 100)	31,1	24
Þýskaland (DAX)	46,7	32
Japan (Nikkei 225)	-21,1	60

Heimildir: Bloomberg, VPÍ.

Heildarhagnaður fyrirtækja¹ sem skráð voru á VPÍ í lok 1996 og V/H-hlutföll^{1,2}

	Hagn- aður í ma.kr.	V/H- hlut- fall
1993	0,4	...
1994	3,1	...
1995	3,6	13
1996	5,0	16
1997 ³	3,9	22

1. Hlutabréfasjóðir, fjárfestingarfélag og samvinnufélag ekki meðtalin. 2. Hlutafélag sem eru skráð á VPÍ í lok hvers árs. 3. Hagnaður ársins 1997 er að hluta áætlaður.

hlutabréfasjóða. Hlutabréfasjóðir gáfu út ný bréf í almennum útboðum að verðmæti 10,7 ma.kr. og sjávarútvegsfyrirtæki 4,5 ma.kr., en útgáfa annarra fyrirtækja var um 1,8 ma.kr. Skoða verður tölur um útboð hlutabréfasjóða með nokkrum fyrirvara. Síðustu ár hafa almenn hlutafjárútboð atvinnufyrirtækja selst nokkuð hratt. Öðru máli gegnir um útboð hlutabréfasjóða, þau eru flest stór og standa lengur yfir. Hlutabréfasjóðir stóðu fyrir 16 hlutafjárútboðum á árinu 1997 og var meðalstærð þeirra um 800 m.kr. Í lok ársins voru enn í gangi hjá hlutabréfasjóðum 12 útboð sem upphaflega voru að fjárhæð 9,5 ma.kr.

Nokkur sala á nýju hlutafé fer fram í lokuðum útboðum, og einnig eiga hlutabréfaviðskipti sér stað utan VÞÍ og OTM. Upplýsingar um umfang þessara viðskipta liggja ekki fyrir, en vísbendingar benda til þess að þau séu talsverð og hafi aukist síðustu ár. Stjórnvöld stefndu að nokkurri einkavæðingu árið 1997, en þær fyrirætlanir náðu ekki fram að ganga. Kauptilboðum í Áburðarverksmiðjuna hf. var hafnað. Auk þess var sölu hlutabréfa í Sementsverksmiðjunni hf. og Íslenska járnblendifélaginu hf. frestað.

Öflugur og virkur fjármagnsmarkaður er mikilvægur hlekkur markaðshagkerfis. Tilurð og efling hlutafjármarkaðar hefur styrkt íslenskan fjármagnsmarkað. Virkur hlutabréfamarkaður hefur marga kosti fyrir hagkerfið. Hann getur t.d. auðveldað inn- og útgöngu úr atvinnugreinum, einkavæðingu, sameiningu og samruna fyrirtækja og stuðlað að áhuga og þátttöku almennings í atvinnulífinu. Hann hefur einnig jákvæð áhrif á fyrirtæki, fjármagn rennur til arðbærra fyrirtækja sem eykur nýtingu fjármagns og markaðurinn stundar stöðugt eftirlit með arðsemi fyrirtækja á markaði.

Hlutafélög á Verðbréfaþingi Íslands

Í lok ársins 1997 var 51 fyrirtæki skráð á VÞÍ og hafði þeim fjölgað um 19 á árinu. Markaðsverðmæti þessara hlutafélaga var um 149 ma.kr. í lok ársins og hafði aukist um 54 ma.kr. á árinu. Um 33 ma.kr. af aukningunni má rekja til nýskráningar fyrirtækja, en afganginn til útgáfu nýs hlutafjár og hækkunar hlutabréfaverðs. Í lok ársins var hlutfall markaðsverðmætis skráðra hlutabréfa og vergrar landsframleiðslu um 29% og hafði hækkað um 9 prósentustig á árinu. Annars staðar á Norðurlöndum var þetta hlutfall á bilinu 80-170%. Ef áform um einkavæðingu ríkis-

Tafla IV.16. Hlutafé skráð á Verðbréfaþingi Íslands

	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Velta í ma.kr.	0,1	1,0	1,3	2,9	5,8	13,3
Markaðsvirði í ma.kr.	14,6	19,6	33,2	49,7	95,3	149,3
Fjöldi hlutafélaga í lok árs	11	17	24	27	32	51
Breyting þingvísitölu (%)	-10	-17	24	35	60	14
Velta/markaðsvirði (%)	1,7	5,6	5,1	6,9	8,1	10,9
Markaðsvirði/VLF (%)	3,7	4,8	7,6	10,4	19,7	28,6

Heimildir: Verðbréfaþing Íslands, Seðlabanki Íslands.

Almenn hlutafjárútboð, söluverðmæti í ma.kr.

	1995	1996	1997
Hlutabréfasjóðir	1,3	5,3	10,7
Sjávarútvegur	0,9	5,4	4,5
Aðrir	0,7	1,5	1,8
Samtals	2,9	12,2	17,0


Einkavæðing ríkis og sveitarfélaga, söluverðmæti hlutabréfa í ma.kr.

	1992	1993	1994	1995	1996	1997

Veltuhlutfall hlutabréfa á norænum hlutabréfamörkuðum, Velta / markaðsverð (í %)

	1996	1997
Svíþjóð	63,6	68,8
Danmörk	51,6	50,0
Noregur	68,4	71,2
Finnland	42,5	54,2
Ísland	8,4	11,0

Heimild: The Nordic Securities Market Quarterly Statistics 4/1997.



*Hlutabréf á opna
tilboðsmarkaðnum*

	1996	1997
Velta í ma.kr.	2,1	3,4
Markaðsvirði í ma.kr. ¹	35,3	31,3

Fjöldi fyrirt. sem
verslað var með²

31 25

1. Markaðsverðmæti hlutafjár þeirra fyrirtækja á OTM, sem ganga kaupum og sölu að staðaldri.

2. Fjöldi fyrirtækja sem viðskipti urðu með á síðustu þremur mánuðum ársins.

Heimildir: Verðbréfaþing Íslands, Seðla-
banki Íslands.

Efnahagur hlutabréfasjóða¹

Ma.kr.	Árslokatölur	
	1996	1997
Eignir		
Sjóður	0,8	0,8
Verðbréfaeign	10,4	16,7
Innlend hlutabréf	6,3	10,4
Skuldabréf fyrirt.	1,4	2,1
Erlend verðbréf	0,5	1,2
Önnur verðbréf	2,2	3,0
Aðrar eignir	0,0	0,0

Eignir =
skuldir og eigið fé

11,2 17,5

Skuldir og eigið fé

Ýmsar skuldir	0,4	1,4
Hlutafé	5,2	7,9
Annað eigið fé	5,5	8,2

1. Þeir sjóðir sem tölfraeðisvið SÍ safnar
upplýsingum um.

fyrirtækja og skráningu þeirra á VÞÍ ná fram að ganga á næstu misserum mun þetta hlutfall hækka verulega fyrir Ísland.

Velta hlutabréfa á VÞÍ í hlutfalli af markaðsvirði hefur aukist úr 0,6% árið 1991 í um 11,0% árið 1997. Á árinu 1997 hækkaði hlutfallið um aðeins 2,8 prósentustig þótt velta á þinginu hafi meira en tvöfaldast. Á hlutabréfamörkuðum annars staðar á Norðurlöndum var þetta hlutfall á bilinu 50-70% árið 1997 og enn hærra á þróaðri mörkuðum. Íslenski hlutafjármarkaðurinn á því langt í land með að ná veltustigi virkra hlutafjármarkaða. Helstu ástæður fyrir lítilli veltu eru e.t.v. há eignarhlutföll fagfjárfesta og annarra sem lítinn áhuga hafa á því að hreyfa bréf sín, skortur á erlendum fjárfestum og hár viðskiptakostnaður við kaup og sölu hlutabréfa.

Í desember tóku gildi nýjar reglur um skráningu verðbréfa á VÞÍ. Reglum var m.a. breytt til að auðvelda félögum á OTM að skrá hlutabréf sín á skipulegan markað. Hlutabréf verða skráð á tvo lista, Aðallista og Vaxtarlista. Með breytingunum eru kröfur hertar á Aðallista en kröfur vegna skráningar á Vaxtarlista eru vægari en áður giltu á VÞÍ.

Opni tilboðsmarkaðurinn

OTM er vettvangur sem bankar og verðbréfafyrirtæki nota til að koma á framfæri tilboðum í hlutabréf sem ekki eru skráð á VÞÍ. Í lok árs 1997 voru um 60 fyrirtæki á OTM, en regluleg viðskipti voru með hlutabréf í um helmingi þessara fyrirtækja. Í lok ársins 1997 var markaðsverðmæti virkra hlutafélaga á OTM um 31 ma.kr. og hafði lækkað á árinu. Þessa lækkun má m.a. rekja til þess að mörg fyrirtæki fóru af OTM yfir á VÞÍ og til lækkunar hlutabréfaverðs. Þrátt fyrir þetta jókst veltan á OTM.

Frá því að OTM var vistaður í viðskiptakerfi VÞÍ árið 1992 hefur engin formleg stjórn staðið að baki honum, reglurammi hans er nokkuð einfaldur og hann á sér ekki eigin talsmann. Hann nýtur ekki viðurkenningar sem skipulegur verðbréfamarkaður í skilningi laga. Með tilkomu Vaxtarlista VÞÍ, yfirlýsingu stærstu fyrirtækja á OTM um að þau muni í framtíðinni sækja um skráningu á VÞÍ og lagafrumvarps um kauphallir hefur myndast óvissa um framtíð OTM.

Hlutabréfasjóðir



Í lok ársins 1997 voru tólf hlutabréfasjóðir í umsýslu banka og verðbréfafyrirtækja og voru tíu sjóðanna skráðir á Verðbréfaþingi Íslands. Fjórir hlutabréfasjóðir fengu skráningu á VÞÍ á árinu. Eignir skráðra hlutabréfasjóða voru um 17,5 ma.kr. í lok ársins 1997 og höfðu aukist um 6,3 ma.kr. á árinu. Aukningin stafar af innkomu nýrra sjóða, sölu nýs hlutafjár og gengishækkun verðbréfaeignar. Aðeins 59% af eignum þessara sjóða eru í innlendum hlutabréfum, um 5% í erlendum hlutabréfum og afgangur aðallega í skuldabréfum. Ávöxtun hlutabréfasjóða á árinu 1997 var lægri en undanfarin ár, vísitala hlutabréfasjóða á VÞÍ hækkaði um 6,7% á árinu 1997 samanborið við 32% árið áður.

1. GREIÐSLUJÖFNUÐUR VIÐ ÚTLÖND

Á árinu 1997 varð 8,1 ma.kr. halli á viðskiptajöfnuði við útlönd. Viðskiptahallinn svaraði til 1,6% af vergri landsframleiðslu 1997. Hann var heldur minni en árið áður er hann var 8,9 ma.kr., eða 1,8% af vergri landsframleiðslu. Viðskiptahallinn 1997 varð mun minni en gert var ráð fyrir í þjóðhagsspá ársins. Þar munar bæði að útflutningur varð meiri og innflutningur minni að magni, auk þess sem viðskiptakjör urðu betri en gert var ráð fyrir. Áður hafði afgangur verið á viðskiptajöfnuði við útlönd í samfelld þrjú ár, 1993-1995, og minnkuðu erlendar skuldir Íslendinga á þessum árum. Í kjölfarið dró úr vaxtagreiðslum til útlanda sem verið hafa einn stærsti þáttur viðskiptahallans við útlönd á undan-gangnum árum og áratugum.

Tafla V.1. Greiðslujafnaðaryfirlit
Ma.kr. á meðalgengi 1997

	1993	1994	1995	1996	1997
Útflutningur vöru og þjónustu	139,7	154,1	157,9	172,6	190,2
Innflutningur vöru og þjónustu	126,1	131,7	141,7	170,3	186,7
Þáttatekjur og framlög, nettó	-10,3	-13,8	-12,5	-11,1	-11,6
Viðskiptajöfnuður	3,3	8,5	3,6	-8,7	-8,1
Vöruskiptajöfnuður	12,6	19,2	13,1	1,2	0,3
Þjónustujöfnuður	1,0	3,1	3,1	1,2	3,2
Jöfnuður þáttatekna	-10,1	-13,2	-12,2	-10,6	-11,8
Rekstrarframlög	-0,2	-0,6	-0,3	-0,5	0,2
Fjármagnshreyfingar án forða	-3,4	-19,9	2,0	17,6	10,1
Bein fjárfesting	-1,0	-1,6	-0,8	-0,2	7,1
Verðbréfavíðskipti	-2,9	-7,4	-3,7	-1,8	-12,8
Annad fjármagn	0,5	-10,9	6,5	19,6	15,8
Gjaldeyrisforði (- aukning)	4,2	10,4	-0,2	-10,0	3,2
Skekkjur og vantalíð	-4,1	1,3	-5,2	1,1	-5,2



Fjármagnsjöfnuður við útlönd var jákvæður um 13 ma.kr. á árinu 1997. Gjaldeyrisforði Seðlabankans minnkaði um 3,2 ma.kr. og annað fjármagnsinnstreymi mældist um 10 ma.kr., sem stafaði einkum af beinni fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi og erlendri lántöku lánastofnana. Gjaldeyrisforðinn var um 28 ma.kr. í árslok 1997 en hann nam 31 ma.kr. í árslok 1996. Tafla V.1 sýnir helstu þætti greiðslujafnaðar á síðustu fimm árum, þar sem tölur fyrri ára hafa verið færðar til meðalgengis 1997 samkvæmt meðalgengisvísitölu. Nánari sundurliðun á greiðslujöfnuði er að finna í 4. töflu í viðauka. Hafa ber í huga að uppgjör 1997 byggist að nokkru leyti á bráðabirgðatölum, sem gætu breyst í endanlegu uppgjóri. Skekkjuliður greiðslujafnaðar 1997 var stór og neikvæður um 5,2 ma.kr. sem þýðir að annað hvort var viðskiptajöfnuður óhagstæðari eða fjármagnsinnstreymi minna en fram kemur í bráðabirgðauppgjöri ársins. Vísbendingar eru um að innflutningur til stóriðju sé vantalinn, en eins og áður eru meiri líkur til að fjármagnshreyfingar séu vantalдар. Mismunandi formerki skekkjuliðar greiðslujafnaðar frá einu tímabili til annars benda til tímatafar í mælingu einstakra liða greiðslujafnaðar, því að erlend viðskipti og greiðslumiðlun vegna þeirra eru ekki mæld samtímis. Tafsamt hefur reynst að aðlaga upplýsingar um greiðslujöfnuð við útlönd breytingum á fjármagnsmarkaði og frelsi til fjármagnsflutninga milli landa.

Viðskiptajöfnuður

Viðskiptajöfnuður skiptist í fjóra meginþætti, þ.e. vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, þáttatekjur og rekstrarframlög. Á árinu 1997 jukust vöru- og þjónustuviðskipti. Gjaldeyrisverðmæti útflutnings jókst um 10,2% og verðmæti innflutnings um 9,7% frá fyrra ári. Jöfnuður þáttatekna versnaði um 1 ma.kr. en rekstrarframlög nettó voru 0,6 ma.kr. hagstæðari en árið áður. Hallinn á viðskiptajöfnuði við útlönd minnkaði því á árinu 1997 og nam 8,1 ma.kr. samanborið við 8,9 ma.kr. 1996.

Vöruskiptajöfnuður

Vöruskiptajöfnuður var hagstæður um 0,3 ma.kr. á árinu 1997 samanborið við 1,2 ma.kr. árið áður. Heildarverðmæti vöruútflutnings nam 131,2 ma.kr. og jókst um 6,5% á föstu gengi. Útflutningsverðmæti sjávarafurða jókst um 3,2% og nam 93,6 ma.kr. Heldur dró úr mikilvægi sjávarafurða því að annar útflutningur jókst hlutfallslega meira á árinu 1997. Gjaldeyrisverðmæti útflutts áls og kísiljárns jókst um 21,2% í 18,9 ma.kr. Útflutningur skipa og flugvéla var um 5,2 ma.kr. sem er einum milljarði meira en árið áður, en mörg undanfarin ár hefur þessi útflutningur verið umtalsverður vegna endurnýjunar á flutningatækjum innlendra skipa- og flugfélaga. Útflutningsverðmæti annarra afurða jókst um 5,3%. Heildarverðmæti vöruinnflutnings var 131 ma.kr. á árinu 1997 og hafði aukist frá fyrra ári um 7,3% á föstu gengi. Innflutningur fjárfestingarvara jókst um 18,5% og nam 32,7 ma.kr. Innflutningsverðmæti flutningatækja jókst aðeins um 1,2% vegna minni skipakaupa, en verðmæti fólksbifreiða jókst um 30% á milli ára. Annar vöruinnflutningur, þ.e. eldsneyti, rekstrarvörur, mat- og drykkjarvörur sem og aðrar neysluvörur, jókst um 4,7% á árinu 1997 samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands.


Evrópska efnahagssvæðið er mikilvægasti markaður Íslendinga, því að um 70% vöruviðskipta landsins eru við EES-ríki. Útflutningur til EFTA-landa hefur aukist nokkuð frá því að Svíþjóð, Finnland og Austurríki gengu í ESB í ársbyrjun 1995. Þriðjungur vöruútflutnings fer til tveggja ESB-ríkja, Bretlands og Þýskalands, og rúmlega fimmtungur innflutnings kemur þaðan. Talsvert hefur dregið úr vægi útflutnings til Japans á síðustu árum og nam hann aðeins 6,6% heildarvöruútflutnings 1997 samanborið við 14% 1994. Útflutningur til Bandaríkjanna jókst á síðasta ári og þá var einnig hlutfallslega mikil aukning á útflutningi til annarra Evrópulanda en EES-ríkja. Minni breyting varð á landaskiptingu vöruinnflutnings og þá einna helst að vægi EFTA-landa minnkaði á árinu 1997.

Þjónustujöfnuður

Afgangur á þjónustujöfnuði var 3,2 ma.kr. á árinu 1997 samanborið við 1,2 ma.kr. árið áður. Útflutt þjónusta jókst um 19,3% og nam 59 ma.kr.

Tafla V.2. Landaskipting vöruviðskipta
Hlutfallsleg skipting í %

	Útflutningur f.o.b.			Innflutningur c.i.f.		
	1995	1996	1997	1995	1996	1997
EFTA	5,1	5,7	8,6	11,4	15,0	13,8
ESB	62,7	62,4	60,6	59,8	56,4	58,1
Önnur Evrópulönd	2,4	2,2	4,3	5,6	5,8	4,8
Norður-Ameríka	14,0	12,9	15,2	9,3	10,4	10,5
Japan	11,3	9,8	6,6	4,4	4,0	4,9
Önnur lönd	4,6	7,0	4,7	9,5	8,4	8,0
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0



á árinu 1997, en innflutt þjónusta jókst um 15,6%. Mikil aukning varð á samgöngulið þjónustujafnaðar sem skýrist aðallega af meiri vöruútflutningi og auknum umsvifum skipa- og flugfélaga erlendis. Tekjur af erlendum ferðamönnum á Íslandi jukust um 7,2% í samræmi við fjölgun gistinátta en fjöldi ferðamanna jókst aðeins um 0,2% á árinu 1997. Ferða- og dvalarkostnaður Íslendinga erlendis jókst um 14,1% og nam um 23 ma.kr. á árinu 1997. Mikil aukning varð á annarri þjónustu, svo sem fjarskiptaþjónustu, tryggingum, verktakastarfsemi, opinberri þjónustu (sendiráð og varnarlið), tölvu- og upplýsingaþjónustu en þó einkum ýmissi annarri viðskiptaþjónustu. Síðast taldi liðurinn innifelur umboðslaun, sérfræðiþjónustu, leigugreiðslur, auglýsingar, markaðsstarf o.fl. Í heild námu tekjur af annarri þjónustu en ferða- og samgöngulið þjónustujafnaðar 21 ma.kr. og útgjöldin 15 ma.kr. á árinu 1997.

Jöfnuður þáttatekna

Til þáttatekna teljast laun, vextir og arður af fjárfestingu. Launatekjur námu 4,1 ma.kr. og jukust um 10% frá fyrra ári. Aukning launagjalda var meiri en þau námu aðeins 0,4 ma.kr. Meira en helmingur launatekna kemur frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli og samtals námu þær og aðrar þjónustutekjur af varnarliðinu 11 ma.kr. á árinu 1997. Fjármagnstekjur námu 4 ma.kr. 1997 og höfðu aukist um fjórðung frá fyrra ári, sem skýrist af aukinni eignamyndun í útlöndum. Vaxtagjöld og arðgreiðslur námu um 20 ma.kr. á árinu 1997 sem er aukning um 10,4%. Þessi vöxtur stafaði nær allur af meiri arði erlendra aðila af fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi. Vaxtabyrðin af erlendum lánnum þjóðarinnar nam 16,8 ma.kr. samanborið við 16,6 ma.kr. árið áður. Vaxtalækkun á erlendum lánamörkuðum hefur vegið á móti hækkun erlendra skulda á síðustu tveimur árum. Vaxtahallinn við útlönd nam að meðaltali um 10% útflutningstekna á níunda áratugnum, en hefur minnkað á síðustu árum, í 7,8% 1997.

Athygli er vakin á breyttri aðferð við uppgjör þáttatekna til samræmis við nýjan staðal Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Endurfjárfestingu hagnaðar af beinni fjárfestingu í atvinnurekstri hefur verið bætt við þáttatekjur. Fram til þessa hafa einungis arðgreiðslur verið taldar til þáttatekna, en nú er hagnaður fyrirtækja talinn sem arður af beinni fjárfestingu. Þetta þýðir með öðrum orðum að arður af beinni fjárfestingu er færður í uppgjör greiðslujafnaðar þegar hann fellur til en ekki einungis þegar hann kemur til útborgunar. Hlutdeild innlendra fjárfesta í hagnaði fyrirtækja erlendis telst til tekna en til gjalda færast hagnaðarhlutur erlendra aðila í innlendum fyrirtækjum. Endurfjárfesting hagnaðar er mótbókuð í fjármagnsjöfnuði og talin með beinni fjárfestingu. Miklar sveiflur í afkomu fyrirtækja á þessum áratug hafa valdið því að áhrif endurfjárfests hagnaðar á þáttatekjur og viðskiptajöfnuð hafa verið mismunandi. Mikið tap innlendra fyrirtækja með erlendri eignaraðild 1990-1993 minnkaði viðskiptahalla um 1-2 ma.kr. Síðustu árin hefur hagnaður fyrirtækja með erlendri eignaraðild á Íslandi verið 1-2 ma.kr. meiri en tekjur af fjárfestingu Íslendinga í útlöndum.

Tafla V.3. Fjármagnsjöfnuður
Ma.kr. á meðalgengi 1997

	1993	1994	1995	1996	1997
Fjármagnsjöfnuður ¹	0,8	-9,9	1,5	7,6	13,3
Fjárframlög	0,0	-0,4	-0,3	0,0	0,0
Fjármagnshreyfingar	0,8	-9,5	1,8	7,6	13,3
Hreyfingar án forða	-3,4	-19,9	2,0	17,6	10,1
Bein fjárfesting, nettó	-1,0	-1,6	-0,8	-0,2	7,1
Erlendis	-1,0	-1,6	-1,6	-4,3	-1,8
Á Íslandi	0	0	0,8	4,0	8,9
Verðbréfavíðskipti, nettó	-2,9	-7,4	-3,7	-1,8	-12,8
Eignir	-2,2	-7,6	-3,1	-2,1	-14,4
Skuldir	-0,6	0,2	-0,5	0,3	1,5
Aðrar fjármagnshreyfingar	0,5	-10,9	6,5	19,6	15,8
Eignir	-1,5	-5,5	0,5	-3,5	-7,6
Skuldir	2,0	-5,4	6,0	23,1	23,4
Gjaldeyrisforði	4,2	10,4	-0,2	-10,0	3,2

1. Neikvætt (-) formerki sýnir útstreymi (ráðstöfun) fjármagns, eignaaukningu eða lækkun skulda.


Rekstrarframlög

Rekstrarframlög eru aðallega framlög ríkissjóðs til alþjóðastofnana og þróunaraðstoðar, en jafnframt framlög einkaaðila til gjafa, styrkja, arfs o.fl. Opinber rekstrarframlög til útlanda námu 0,7 ma.kr., en hrein framlög einkaaðila voru jákvæð um 0,9 ma.kr. á árinu 1997. Í heild voru rekstrarframlög því jákvæð um 0,2 ma.kr. 1997 en þau voru neikvæð um 0,5 ma.kr. árið áður.

Fjármagnsjöfnuður

Fjármagnsjöfnuður skiptist í tvennt, fjárframlög og fjármagnshreyfingar við útlönd. Hrein fjárframlög, sem aðallega eru eignayfirfærslur við búferlaflutninga til og frá landinu, eru ekki mælanleg í milljörðum króna. Á árinu 1997 voru fjárframlög frá útlöndum þó ívið meiri en frá Íslandi, en því var öfugt farið árið áður. Fjármagnshreyfingar voru í heild jákvæðar um 13,2 ma.kr. á árinu 1997 og 7,8 ma.kr. 1996. Fjármagnshreyfingar við útlönd greinast í tvo meginþætti, breytingu á gjaldeyrisforða og aðra fjármagnsstrauma vegna beinnar fjárfestingar, verðbréfavíðskipta og annars fjármagns, svo sem víðskiptakrafna, lánahreyfinga o.fl. Gjalddeyrisforði Seðlabankans minnkaði um 3,2 ma.kr. og aðrar fjármagnshreyfingar til landsins mældust um 10 ma.kr. á árinu 1997. Þetta mikla innstreymi erlends fjármagns stafar af beinni fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi og erlendum lántökum lánastofnana, einkum bankanna. Hreint innstreymi vegna erlendra lána nam 23,4 ma.kr., sem skiptist nokkuð jafnt á milli langtíma- og skammtímalána. Umtalsverð aukning varð á útstreymi fjármagns vegna erlendra verðbréfakaupa og eignamyndunar innlánsstofnana í útlöndum.

Bein fjárfesting Íslendinga í atvinnurekstri og fasteignum erlendis var um 1,8 ma.kr. á árinu 1997. Nýfjárfesting jókst um einn milljarð



króna, en afkomutölur og lánahreyfingar milli móður- og dótturfyrirtækja liggja ekki endanlega fyrir þótt vísbendingar á fyrri árshefningi gefi til kynna að jöfnuður hafi verið á þessum fjárfestingarliðum. Fjárfesting erlendra aðila hér á landi jókst mikið vegna stóriðjuframkvæmda og bættrar afkomu fyrirtækja. Í heild nam bein fjárfesting hér á landi um 9 ma.kr. á árinu 1997 samanborið við 4 ma.kr. árið áður. Nýfjárfesting var 3,8 ma.kr., endurfjárfesting hagnaðar er talin nema 2,5 ma.kr. og hreyfing hluthafalána var jákvæð um 2,6 ma.kr. Bein fjárfesting í atvinnurekstri er skilgreind af OECD sem eignarhluti til áhrifa á stjórn fyrirtækja og er venja að miða við 10% eða stærri hluta eigin fjár. Minni fjárfesting í hlutabréfum á opnum markaði telst til verðbréfavíðskipta, þar sem tilgangurinn er einungis að hafa arð af fjárfestingunni.

Hreint fjármagnsústreymi vegna verðbréfavíðskipta nam 12,8 ma.kr. 1997, en það var 1,8 ma.kr. árið áður. Mikil aukning varð á verðbréfakaupum Íslendinga í útlöndum á árinu 1997 og jafnframt jókst veltan vegna meiri endursölu þeirra úr landi. Hrein kaup á erlendum markaðsverðbréfum námu 14,4 ma.kr., en erlendir aðilar keyptu innlend skuldabréf fyrir um 1,5 ma.kr. á árinu 1997. Mestur var áhugi innlendra aðila á erlendu áhættufjármagni því að þeir fjárfestu 10,7 ma.kr. í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og 2,1 ma.kr. í hlutabréfum fyrirtækja, en einungis 1,6 ma.kr. í erlendum skuldabréfum. Innlendir fjárfestar kjósa fremur að dreifa áhættunni með hlutdeild í erlendum verðbréfasjóðum en að búa til eigið verðbréfasafn. Kaup erlendra aðila á innlendum verðbréfum voru til komin vegna útgáfu erlendra banka á skuldabréfum í íslenskum krónum erlendis og andvirði þeirra var að stærstum hluta varið til fjárfestingar á Íslandi.

Hreint innstreymi annars fjármagns nam 15,8 ma.kr. á árinu 1997 samanborið við 20 ma.kr. 1996. Erlendar eignir, viðskiptakröfur, innlán og aðrar fjárkröfur á erlenda aðila jukust um 7,6 ma.kr. 1997 og þær jukust einnig árið áður um 3,5 ma.kr. Innlánsstofnanir áttu stærstan þátt í þessari eignamyndun í útlöndum sem rekja má til þarfa þeirra fyrir erlendan gjaldeyri til að standa viðskiptavakt á gjaldeyrismarkaði. Erlendar eignir annarra fyrirtækja jukust einnig um 1,5 ma.kr. á árinu 1997 og 0,8 ma.kr. 1996. Erlendar skuldir hafa aukist mikið á síðustu tveimur árum, 23,4 ma.kr. 1997 og 23,5 ma.kr. 1996. Ástæður þessarar erlendu lántöku voru mikil fjárfesting innanlands og vaxandi eignamyndun í útlöndum. Hreint innstreymi langra erlendra lána nam 13,3 ma.kr., þar sem nýjar lántökur námu um 37 ma.kr. en afborganir eldri lána voru 24 ma.kr. á árinu 1997. Hreint innstreymi skammtímalána var 10,1 ma.kr. Erlendar skammtímaskuldir innlánsstofnana jukust um 12,7 ma.kr. og fyrirtækja um 2,7 ma.kr., en skammtímalán ríkissjóðs lækkuðu um 5,3 ma.kr. Í heild áttu innlánsstofnanir mestan þátt í skuldaaukningu erlendis, eða ríflega 21 ma.kr. árin 1996 og 1997. Hið opinbera greiddi niður erlendar skuldir um 3,3 ma.kr. á árinu 1997. Endurgreiðsla ríkissjóðs nam 6,4 ma.kr. en sveitarfélög juku erlendar skuldir sínar um 3,1 ma.kr. Aðrir innlendir lántakendur, lánasjóðir og atvinnufyrirtæki, juku erlendar skuldir sínar um 5 ma.kr. á árinu 1997.

2. ERLEND SKULDASTAÐA


Hrein erlend staða þjóðarbúsins, eignir og skuldir vegna beinnar fjárfestingar, verðbréfavíðskipta og lána var neikvæð um 240 ma.kr. í árslok 1997 samanborið við 224 ma.kr. í árslok 1996 (sjá 7. töflu í viðauka). Þetta er í fyrsta skipti sem bein fjárfesting er talin með erlendri stöðu þjóðarinnar, Hvorttveggja er, að áður skorti upplýsingar um verðmæti beinnar fjárfestingar og jafnframt hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn óskað eftir slíkum upplýsingum frá aðildarlöndum sínum. Árleg breyting á erlendri stöðu þjóðarinnar endurspeglar fjármagnshreyfingar í greiðslujöfnuði við útlönd að teknu tilliti til gengisbreytinga á árinu. Ísland er í hópi skuldugra ríkja og því hefur áhersla verið lögð á lánastöðuna og greiðslubyrði hennar á undangengnum árum. Staða langra erlendra lána í árslok svaraði til 48,5% af vergri landsframleiðslu 1997 og hefur lækkað sökum mikils hagvaxtar. Skuldahlutfallið var 50,5% 1996 og 51,9% 1995 eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti um erlenda stöðu þjóðarbúsins.


Staða langra erlendra lána í árslok 1997 nam 255 ma.kr. samanborið við 241 ma.kr. í árslok 1996. Yfirlit yfir stöðu langra erlendra lána á árunum 1991-1997 er að finna í 6. töflu í viðauka. Erlend langtímalán ríkissjóðs námu 112 ma.kr. í árslok 1997 og lækkuðu lítillega á árinu. Sveitarfélög juku aftur á móti erlendar skuldir sínar um 3,1 ma.kr. á árinu í 9,3 ma.kr. í árslok 1997. Langtímalán innlánsstofnana og annarra lánastofnana jukust mikið á árinu 1997, eða samtals úr 61 ma.kr. 1996 í 74 ma.kr. 1997. Erlend lán atvinnufyrirtækja lækkuðu aftur á móti á árinu 1997. Greiðslubyrði afborgana og vaxta af erlendum lánunum nam um 19% útflutningstekna á árinu 1997 samanborið við 22% 1996 og 28% 1995. Minni greiðslubyrði stafar jafnt af lægri afborgunum og vaxtagreiðslum sem auknum útflutningstekjum. Vaxtabyrðin hefur minnkað á þessum áratug, úr um 11% útflutningstekna í 6,9% 1997, enda hafa meðalvextir erlendra lána lækkað á sama tíma um 3 prósentustig í 5,6% 1997.

Erlendar skammtímaskuldir þjóðarinnar námu um 73 ma.kr. í árslok 1997 og höfðu aukist talsvert á árinu eins og áður greinir. Í heild

Tafla V.4. Staða þjóðarbúsins út á við
Í hlutfalli (%) af vergri landsframleiðslu

	Löng erlend lán	Erlendar eignir	Hrein skuldastaða	Víðskipta-jöfnuður	Vaxta-jöfnuður
1970	25,4	12,9	20,1	1,4	-1,1
1975	33,4	6,7	36,2	-10,6	-2,4
1980	28,6	9,3	26,7	-2,1	-2,5
1985	48,5	11,9	52,0	-4,0	-4,6
1990	46,4	12,7	45,5	-2,7	-4,0
1995	51,9	15,6	50,2	0,9	-3,4
1996	50,5	19,1	46,9	-1,7	-3,0
1997	48,5	21,4	45,6	-1,6	-2,9





námu löng og stutt erlend lán þjóðarinnar 328 ma.kr., þar sem hið opinbera skuldaði 135 ma.kr., lánastofnanir 121 ma.kr. og atvinnufyrirtæki um 72 ma.kr. í árslok 1997. Þessu til viðbótar skulduðu Íslendingar erlendum aðilum um 2 ma.kr. vegna kaupa þeirra á innlendum markaðsverðbréfum og áætluð fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi nemur 22 ma.kr. í árslok 1997. Staðfestar tölur um fjárfestingu erlendra aðila í árslok 1996 námu um 13 ma.kr. og jukust þær mikið á árinu 1997 vegna stóriðjuframkvæmda. Fjárfesting Íslendinga í atvinnurekstri erlendis hefur aukist talsvert á síðustu árum og var áætluð um 18 ma.kr. í árslok 1997. Verðbréfaeign innlendra fjárfesta í útlöndum er talin hafa numið um 30 ma.kr. í árslok 1997. Þetta er mikil fjárfesting á stuttum tíma og mest á síðustu fjórum árum eftir að fullt frelsi til fjármagnsflutninga milli landa tók gildi. Aðrar erlendar fjáreignir Íslendinga námu um 64 ma.kr. í árslok 1997 og hækkuðu um nær 5 ma.kr., þótt gjaldeyrisforði Seðlabankans hafi lækkað um 3 ma.kr. á árinu 1997.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 27,8 ma.kr. í árslok 1997 samanborið við 30,8 ma.kr. 1996. Í árslok 1997 svaraði gjaldeyrisforðinn til 2,6 mánaða vöruinnflutnings og 1,6 mánaða heildarinnflutnings vöru, þjónustu og þáttatekna. Endingartími gjaldeyrisforðans hafði styst, bæði vegna minni forða og ekki síður vegna aukins innflutnings á árinu 1997. Gjaldyrisforði samanstendur eingöngu af erlendum eignum sem eru aðgengilegar fyrir Seðlabankann til að fjármagna beint greiðsluhalla við útlönd eða óbeint með inngripum á gjaldeyrismarkaði til þess að hafa áhrif á gengi krónunnar. Aðrar erlendar eignir Seðlabankans námu 5,5 ma.kr. í árslok 1997 vegna gjaldmiðlaskipta við erlendan banka. Þessar eignir eru í íslenskum krónum og teljast því ekki til gjaldeyrisforða samkvæmt skilgreiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Samtals námu því erlendar eignir Seðlabankans 33 ma.kr. og erlendar skuldir bankans námu 5,4 ma.kr. í árslok 1997. Hrein erlend eign Seðlabankans nam 27,9 ma.kr. í árslok 1997 og lækkaði hún til jafns við forðann eða um 3 ma.kr. á árinu 1997.

Ný löng erlend lán ríkissjóðs á árinu 1997 námu 150 milljónum þýskra marka og 4,5 milljónum Bandaríkjadala, sem svarar samtals til um 6,4 ma.kr. á gengi í árslok. Til samanburðar má geta þess að ný löng erlend lán ríkissjóðs á árinu 1996 námu um 17,8 ma.kr. miðað við gengi í lok þess árs. Útistandandi fjárhæð víxlaútgáfu ríkissjóðs á Evrópumarkaði lækkaði úr 267 milljónum Bandaríkjadala í um 193 milljónir dala eða um 74 milljónir dala og jafngildir lækkunin um 5,4 ma.kr.

Lánsfjáröflun ríkissjóðs erlendis fólst einkum í tveimur lántökum. Í febrúar 1997 voru gefin út skuldabréf ríkissjóðs til þriggja ára á Evrópumarkaði að fjárhæð 150 milljónir þýskra marka. Þá var í desember 1997 samið við Norræna fjárfestingarbankann um notkun á lánsheimild ríkissjóðs við bankann. Heildarfjárhæð lánsheimildarinnar er 2.240 m.kr.

Segja má að á árinu 1997 hafi náðst þrír markverðir áfangar á sviði erlendra lánamála ríkissjóðs. Í fyrsta lagi hækkaði bandaríska matsfyrirtækið Moody's Investors Service lánsþæfiseinkunn ríkissjóðs á erlendum skuldbindingum upp í AA-flokk og gaf skuldbindingum í íslenskum krónum hæstu einkunn sem gefin er eða Aaa. Í öðru lagi voru gefin út skuldabréf ríkissjóðs á erlendum markaði á kjörum undir millibankavöxtum í Lundúnum. Loks er þess að geta að greidd voru upp erlend lán ríkissjóðs að fjárhæð 6,4 ma.kr. nettó, sem svarar til um 5% af heildarfjárhæð erlendra lána ríkisins.

Skuldabréfaútgáfa ríkissjóðs á Evrópumarkaði í febrúar 1997

Hinn 27. febrúar 1997 voru gefin út skuldabréf ríkissjóðs á Evrópumarkaði að fjárhæð 150 milljónir þýskra marka. Bréfin bera breytilega vexti sem svara til millibankavaxta í Lundúnum í þýskum mörkum að frá-dregnum 12,5 punktum. Útgáfugengi var 99,847 og nam þóknun banka 0,1% af lánsfjárhæð. Skuldabréfin greiðast upp í einu lagi í lok láns-tímans, sem er 3 ár. Að teknu tilliti til þessara þátta nemur heildarkostnaður við útgáfuna um 4 punktum undir millibankavöxtum. Verðbréfa-fyrirtækin Credit Suisse First Boston og Salomon Brothers AG höfðu forystu um útgáfuna, en aðrar fjármálastofnanir sem tóku þátt í henni voru

ABN Amro Hoare Govett, Chase Manhattan International, Citibank International plc, Commerzbank, Crédit Lyonnais, Deutsche Morgan Grenfell, DG Bank, Goldman Sachs & Co. oHG, HSBC Trinkaus, Lehman Brothers Bankhaus AG, Merrill Lynch Capital Markets Bank Limited, J.P. Morgan GmbH, Nikko Bank (Deutschland) GmbH, Nomura Bank (Deutschland) GmbH, UBS og Westdeutsche Landesbank Girozentrale.

Með þessari útgáfu náði ríkissjóður í fyrsta sinn þeim áfanga að gefa út markaðsskuldabréf til langs tíma þar sem heildarkostnaður útgáfu liggur undir millibankavöxtum í Lundúnum.

Notkun lánsheimildar hjá Norræna fjárfestingarbankanum

Í september 1997 var samið við Norræna fjárfestingarbankann um lánsheimild fyrir ríkissjóð í tengslum við ýmsar verklegar framkvæmdir á vegum ríkisins. Nemur lánsheimildin 2.240 m.kr. til allt að 15 ára. Á þessu tímabili er ríkissjóði heimilt að draga á heimildina og greiða upp eftir þörfum. Lánsheimildin var notuð í fyrsta sinn í desember 1997 þegar dregnar voru á lánið 4,5 milljónir Bandaríkjadala, sem svara til 320 m.kr. og endurgreiðast í einu lagi í janúar 1999. Af þessu fé greiðir ríkissjóður millibankavexti í Lundúnum að frádregnum 5 punktum.

Uppgreiðsla á erlendum lánnum ríkissjóðs

Á árinu 1997 voru af hálfu ríkissjóðs greidd upp erlend lán umfram það sem tekið var af nýjum lánnum. Á árinu voru tekin ný erlend lán að fjárhæð 6,6 ma.kr. Ríkissjóður greiddi hins vegar upp erlend lán að fjárhæð 13 ma.kr. Á árinu voru því greidd upp erlend lán ríkissjóðs nettó að fjárhæð 6,4 ma.kr. Heildarfjárhæð erlendra lána ríkissjóðs var um áramót 127 ma.kr. og nemur þessi lækkun því um 5% af heildarlánnum. Nýtt voru uppsagnarákvæði lánasamninga til að greiða upp tvö lán til langs tíma. Þannig var greitt upp lán frá japanska fyrirtækinu Meiji Life frá árinu 1992 að fjárhæð 3 milljarðar japanskra jena eða 1,8 milljarðar króna. Ennfremur var greitt upp lán frá Útflutningslánaþjóði Kanada að fjárhæð 1,4 milljónir Bandaríkjadala sem svarar til 100 m.kr. Útistandandi fjárhæð víxlaútgáfu ríkissjóðs á Evrópumarkaði var lækkuð um 74 milljónir dala sem nemur um 5,4 ma.kr.

Lánastýring og áhættugreining



Stýring á erlendum lánnum ríkissjóðs felur í sér að samsetning lána sé með hagkvæmum hætti, m.a. með tilliti til vaxtakjara, lánstíma og gjaldmiðlasamsetningar. Á undanförunum árum hafa verið notuð uppsagnarákvæði lánasamninga til að endurfjármagna lánsfé með hagkvæmari kjörum en áður giltu. Jafnframt hefur verið ráðist í vaxta- og gjaldmiðlaskipti og aðrar fjármálalegar aðferðir til að ná markmiðum á sviði lánastýringar.

Víxlaútgáfa á Evrópumarkaði

Ríkissjóður stendur fyrir allumfangsmikilli alþjóðlegri útgáfu skammtímaverðbréfa sem er víxlaútgáfa á Evrópumarkaði. Víxlaútgáfan Euro-

Commercial Paper Programme er mikilvægur þáttur í erlendum lána-
málum ríkissjóðs. Seðlabankinn hefur rekið umrædda víxlaútgáfu fyrir
hönd ríkissjóðs allt frá árinu 1985. Hámarksfjárhæð útgáfunnar hefur
verið aukin í áföngum úr 50 milljónum Bandaríkjadala í 500 milljónir
Bandaríkjadala samkvæmt samningi frá 1995. Jafnframt er nú heimilt að
gefa út víxla í fleiri myntum en Bandaríkjadal, svo sem þýskum mörkum,
svissneskum frönskum og sterlingspundum. Góð reynsla hefur fengist af
víxlaútgáfu ríkissjóðs, og hefur hún veitt færi á sveigjanlegri fjármögnun
á hagstæðum kjörum. Fjölgun útgáfumynta gerir ríkissjóði mögulegt að
stofna til skammtímaskuldbindinga í fjölda mynta. Ennfremur er komin
góð reynsla á að nýta framvirka samninga til að auka öryggi og hag-
kvæmni víxlaútgáfunnar. Útgáfan hefur í auknum mæli reynst mikilvæg
fyrir lausafjárstyringu í ríkisfjármálum sem sveigjanleg uppspretta láns-
fjár til lengri eða skemmri tíma á hagstæðum kjörum. Umræddir víxlar
ríkissjóðs eru gefnir út á vöxtum sem að jafnaði eru um 10 punktum undir
millibankavöxtum í Lundúnum.

Víxlaútgáfa ríkissjóðs á Evrópumarkaði 1985-1997



Víxlar á Evrópumarkaði eru seldir með atbeina þriggja fjár-
málastofnana. Þær eru J.P. Morgan Securities, Citibank International og
Enskilda í Lundúnum. Við útgáfu hvers víxils er samið um fjárhæð, láns-
tíma og ávöxtun í ljósi stöðu markaða á hverjum tíma. Kaupendur víxl-
anna eru einkum ýmsir evrópskir stofnanafjárfestar auk ýmissa alþjóð-
legra aðila. Víxlaútgáfa ríkissjóðs nýtur hagstæðustu skammtímaeink-
unna bandarísku matsfyrirtækjanna Standard & Poor's og Moody's, og eru
einkunnirnar táknaðar með A-1+ og P-1. Við lok ársins 1997 nam fjárhæð
útistandandi víxla 193 milljónum dala sem svarar til tæplega 14 ma.kr.

Í árslok 1997 námu erlend lán ríkissjóðs jafnvirði 127 ma.kr.; þar af
voru langtímalán tæplega 113 ma.kr. og útistandandi fjárhæð víxla
ríkissjóðs á Evrópumarkaði um 14 ma.kr. Um 32,7% erlendra lána ríkis-
sjóðs voru í Bandaríkjadöllum, 10,1% í japönskum jenum og um 57,2%

lána voru í ýmsum Evrópugjaldmiðlum. Um 35,2% erlendra lána voru í þeim myntum sem gert er ráð fyrir að muni breytast í evru í byrjun árs 1999. Í árslok 1997 voru 62,9% erlends lánsfjár með föstum vöxtum, en 70,9% ef einungis er litið til langtímalána. Meðallánstími erlendra langtímalána var 4½ ár, og meðallíftími var liðlega 3,3 ár. Meðallánstími erlendra lána að meðtöldum skammtímalánum var 3,0 ár og meðallíftími 4,0 ár.

Tafla VI.1. Hlutfall gjaldmiðla í erlendum lánum ríkissjóðs í lok árs

	1994	1995	1996	1997
Bandaríkjadalir	40,4	37,9	32,7	32,7
Japönsk jen	14,7	13,7	11,5	10,1
Evrópskar myntir	44,9	48,4	55,8	57,2
Þýsk mörk	19,4	17,9	29,8	29,9
Sterlingspund	12,2	10,3	11,2	12,3
Svissneskir frankar	8,9	11,2	9,4	9,7
Franskir frankar	0,6	0,6	0,5	0,5
Hollensk gyllini	0,1	-	-	-
Ekur	3,7	8,5	4,8	4,8
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0

Lántökur ríkisstofnana með ríkisábyrgð

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1990 var fyrst kveðið svo á að stofnunum með ríkisábyrgð væri skylt að kynna áform sín um lántökur fyrir Seðlabanka Íslands og leita eftir samþykki hans í umboði fjármálaráðuneytisins á kjörum og skilmálum. Er þetta samráð nú bundið í lögum um Lánasýslu ríkisins. Á árinu 1997 voru gerðir átta samningar af hálfu fimm aðila sem njóta ríkisábyrgðar um lán við erlenda aðila. Heildarfjárhæð þessara lána nam um 35 milljörðum króna á árslokagengi. Jafnframt var gengið frá samningum við erlendar fjármálastofnanir þegar ríkisbönkunum var breytt í hlutafélög og fjárfestingarlánasjóðir atvinnulífsins voru sameinaðir. Alþjóðasvið Seðlabankans aðstoðaði við lántöku Hitaveitu Akureyrar í mars, þegar tekið var fjölbankalán með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs. Lánið er til 10 ára og er fjárhæð þess 26 milljónir Bandaríkjadala. Umsjón með láninu hafði Citibank í Lundúnum.

Alþjóðlegt mat á lánshæfi ríkissjóðs

Þróun í fjármálaviðskiptum hefur aukið þörf á hlutlægu mati á lánshæfi lántakenda, fyrirtækja jafnt sem opinberra aðila. Á alþjóðlegum vettvangi kveður mest að bandarísku fyrirtækjunum Moody's Investors Service og Standard & Poor's. Reynslan sýnir að hátt lánshæfismat eða einkunn þessara fyrirtækja getur mjög greitt fyrir aðilum sem leita eftir lántöku á alþjóðlegum markaði. Alþjóðlegar lánastofnanir reiða sig að verulegu leyti á einkunnir þessara fyrirtækja þegar þau taka ákvarðanir um vexti og önnur lánskjör. Helstu fjárfestar setja sér yfirleitt reglur um

lánshæfismat sem grundvöll fjárfestingar og kaupa því aðeins skuldabréf að fullnægt sé lágmarksskilyrðum um lánshæfiseinkunn.

Bandarísku matsfyrirtækin Moody's Investors Service og Standard & Poor's tilkynntu á árinu 1996 hækkun á alþjóðlegu lánshæfismati á ríkissjóði. Þetta var í fyrsta sinn sem þessi tvö fyrirtæki breyta lánshæfiseinkunnum sínum frá því að þau gáfu ríkissjóði fyrst einkunn árið 1989. Auk þess gaf Standard & Poor's skuldbindingum ríkissjóðs í innlendri mynt lánshæfiseinkunn í fyrsta sinn. Seðlabankinn sér um reglubundin samskipti við alþjóðleg matsfyrirtæki fyrir hönd ríkissjóðs og annast alþjóðasvið bankans framkvæmdina.

Hækkun lánshæfiseinkunnar frá Moody's

Í mars 1997 tók Moody's upp þá nýbreytni að birta stuttar athugasemdir um horfur á hugsanlegum breytingum á lánshæfiseinkunnum í því augnamiði að draga fram mat fyrirtækisins á hugsanlegum áhrifaþáttum lánshæfiseinkunna 18-24 mánuði fram í tímann. Áður hafði Moody's birt lánshæfiseinkunnir ríkja án þess að tilgreina horfur um líklegar breytingar á komandi tíð. Af þessu tilefni lét Moody's uppi það álit um lánshæfiseinkunn Íslands að horfur um hana væru jákvæðar. Í stuttri umsögn fyrirtækisins sagði að tekist hefði að draga úr skuldum hins opinbera með virkum aðgerðum á sviði hagstjórnar og fyrir áhrif bættra efnahagslegra skilyrða í þjóðarþúskapnum.

Hinn 16. júní tilkynnti Moody's að fyrirtækið hefði ákveðið að endurskoða mat sitt á lánshæfi Íslands með hugsanlega hækkun fyrir augum. Í frétt sem Moody's sendi frá sér af þessu tilefni kom fram það álit fyrirtækisins að þjóðarþúskapur Íslendinga héldi áfram að uppskera ávöxt aukins frjálrsæðis í efnahagslífinu á síðastliðnum árum sem leitt hefði af sér hækkun á lánshæfismati fyrir ári. Fyrirtækið benti sérstaklega á mikinn hagvöxt, hækkandi rauntekjur, litla verðbólgu, stöðugt gengi og öfluga fjárfestingu erlendra aðila. Ennfremur benti Moody's á stranga fiskveiðistjórnun sem búist væri við að leiddi af sér styrkan grundvöll fyrir efnahagslífið og útflutning.

Moody's tók fram að mikil fjárfesting og mikil einkaneysla gætu hugsanlega orsakað ofþenslu í efnahagslífinu sem gæti leitt af sér vaxandi verðbólgu og auknar erlendar skuldir. Moody's lét þess getið að endurskoðun lánshæfismats mundi beinast að stefnumótun í efnahagsmálum og annarri stefnumótun hins opinbera sem hefur að markmiði að draga úr sveifluhneigð hins litla opna hagkerfis, eins og komist var að orði.

Loks tilkynnti Moody's hinn 30. júlí að fyrirtækið hefði ákveðið að

Tafla VI.2. Mat á lánshæfi ríkissjóðs, staða í lok árs 1997

	Í erlendri mynt		Í íslenskri mynt	
	langtíma	skammtíma	langtíma	skammtíma
Moody's	Aa3	P-1	Aaa	P-1
Standard & Poor's	A+	A-1+	AA+	.

hækka mat sitt á lánshæfi Íslands. Hækkaði fyrirtækið einkunn á langtímaskuldbindingum í erlendri mynt í Aa3 úr A1. Moody's tilkynnti jafnframt að fyrirtækið hefði gefið skuldbindingum ríkissjóðs í innlendri mynt einkunn í fyrsta sinn, einkunnina Aaa, sem er hæsta einkunn fyrirtækisins og einungis gefin afburðasterkum bréfum. Moody's gefur skammtímalánum ríkissjóðs í innlendri og erlendri mynt einkunnina Prime-1, sem er hæsta einkunn sem fyrirtækið veitir skammtímaskuldbindingum.

Í frétt Moody's sem gefin var út af þessu tilefni sagði að hækkun lánshæfismats endurspeglaði horfur á aukinni fjölbreytni í íslensku efnahagslífi í framtíðinni. Þessa auknu fjölbreytni mætti rekja til straums nýrra erlendra stóriðjuframkvæmda sem hagnýta samkeppnisýfirburði Íslands hvað varðar endurnýjanlega orku og vatnsafl, auk umhverfisvænnar ferðamennsku. Fyrirtækið benti á að stjórnvöld hefðu endurskipulagt og stuðlað að auknu jafnvægi í efnahagslífinu á undanföllum árum og hefðu náð góðum tókum á verndun fiskimiðanna, mikilvægustu auðlind landsins. Þessar umbætur hafi styrkt stöðir efnahagslífsins og stuðlað að miklum hagvexti, tekjuaukningu, hraðri uppbyggingu atvinnu og bættri samkeppnisstöðu. Fjármál hins opinbera hafi batnað jafnt og þétt, greiðslubyrði hafi minnkað og verðbólga haldist lítil.

Moody's leggur áherslu á að mikil fjárfesting í stóriðju samhliða töliverðum kauphækkunum muni stuðla að auknum þrýstingi vegna innlendar eftirspurnar á næstu árum. Þegar hafi aukinn innflutningur vegna fjárfestingar og neyslu eytt afgangi á viðskiptum við útlönd. Halli á vöru- og viðskiptajöfnuði og erlendar skuldir muni aukast þegar innflutningur í tengslum við stóriðjuframkvæmdir streymi inn á næstu tveimur árum, þó svo að erlendar skuldir muni minnka í hlutfalli af útflutningi þegar verksmiðjurnar fari að skila afköstum. Moody's telur að sveigjanleiki í viðskiptum við útlönd, töliverð framleiðniaukning, tiltölulega mikið atvinnuleysi á íslenskan mælikvarða og sveigjanlegt gengi muni væntanlega hafa hemil á verðbólgunni. Moody's leggur áherslu á að í ljósi þess, hversu lítið og opið hagkerfið er, sé brýnt að jafnvægi sé haldið í hagstjórn til þess að hindra þenslu, of skarpt innstreymi fjármagns og söfnun erlendra skulda.

EFTIRLIT MEÐ FJÁRMÁLAMARKAÐNUM OG AFKOMA FJÁRMÁLASTOFNANA

VII

1. STOFNANIR OG FYRIRTÆKI SEM EFTIRLIT ER HAFT MEÐ

Meginhlutverk bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, eins og það er skilgreint í gildandi lögum um bankann og sérlögum um ýmsar fjármálastofnanir, er að hafa eftirlit með því að starfsemi þeirra stofnana og fyrirtækja, sem eftirlitið beinist að, fari að þeim lögum og reglum sem um starfsemi þeirra gilda og sé að öðru leyti í heilbrigðum farvegi.

Yfirlitið hér til hliðar sýnir þær stofnanir, fyrirtæki og aðra aðila sem heyrðu undir eftirlit bankaeftirlitsins í árslok 1996 og 1997.

Sparisjóðunum fækkaði um tvo á árinu 1997. Annars vegar voru Sparisjóður Akureyrar og Arnarneshrepps og Sparisjóður Glæsibæjarhrepps sameinaðir í nýjan sparisjód á Akureyri, Sparisjód Norðlendinga. Hins vegar var Sparisjóður Mývetninga sameinaður Sparisjóði Suðurþingeyinga.

Heildarfjöldi annarra lánastofnana breyttist ekki á árinu 1997. Sú breyting varð hins vegar á árinu, að Kaupþingi hf. var veitt starfsleyfi sem lánastofnun, en félagið hafði áður starfað sem verðbréfafyrirtæki. Jafnframt telst Lánasjóður íslenskra námsmanna ekki lengur til þessa flokks lánastofnana eftir breytingar sem gerðar voru á lögum um sjóðinn á fyrri hluta ársins.


Heildarfjöldi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu var óbreyttur. Áður er minnst á breytingu er varðar Kaupþing hf. Hins vegar fékk nýtt fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, Íslenskir fjárfestar ehf., starfsleyfi á árinu sem verðbréfamiðlun. Af 7 fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu starfa sex sem verðbréfafyrirtæki og eitt sem verðbréfamiðlun. Verðbréfamiðlunar-fyrirtæki hafa mun takmarkaðri starfsheimildir en verðbréfafyrirtæki enda er lágmarkshlutfé slíks fyrirtækis mun lægra en krafist er þegar um er að ræða verðbréfafyrirtæki.

Af átta verðbréfasjóðum í árslok 1997 voru fimm deildaskiptir og skiptust þeir í 32 deildir. Heildarfjöldi verðbréfasjóða ásamt deildum er því 35.

Lífeyrissjóðirnir voru einum færri í árslok 1997 en var í árslok

*Fjöldi stofnana sem eftirlit var
haft með í árslok 1996 og 1997*

	1996	1997
Viðskiptabankar	4	4
Sparisjóðir	29	27
Póstgíróstofa	1	1
Aðrar lánastofnanir	11	11
Eignarleigufyrirtæki	3	3
Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu	7	7
Verðbréfasjóðir	8	8
Lífeyrissjóðir	66	65
Húsbréfadeild		
Byggingarsjóðs ríkisins	1	1



1996. Breytingin felst í því að þrjú lífeyrissjóðir, þ.e. Lífeyrissjóður matreiðslumanna, Lífeyrissjóður framreiðslumanna og Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna voru sameinaðir í einn sjóð, Lífeyrissjóðinn Lífiðn. Þá var stofnaður nýr lífeyrissjóður, Séreignalífeyrissjóðurinn. Lífeyrissjóðirnir skiptust í árslok 1997 í 54 samtryggingarlífeyrissjóði (þ.a. 19 með ábyrgð launagreiðanda) og 11 séreignasjóði. Alls eru 10 starfandi lífeyrissjóðir hættir að taka við iðgjöldum.

Í árslok 1997 höfðu 25 erlendir viðskiptabankar og 470 fyrirtæki í verðbréfabjónustu tilkynnt fyrirhugaða markaðssetningu hér á landi án stofnunar útibúa. Á árinu var sett á stofn útibú frá verðbréfafyrirtækinu Spectra Kapítalförvalting AB í Svíþjóð. Á sama tíma höfðu 20 erlendir verðbréfasjóðir markaðssett sig hér á landi með milligöngu innlendra verðbréfafyrirtækja.

2. BREYTINGAR Á LÖGUM, REGLUM OG REGLUGERÐUM

Á árinu var breytt ýmsum lögum sem gilda um fyrirtæki og stofnanir á fjármálamarkaðnum, en nánar er um þær breytingar fjallað í kafla VIII.

Á árinu tóku gildi nýjar reglur um gerð ársreiknings, annars vegar fyrir fyrirtæki í verðbréfabjónustu og hins vegar fyrir lífeyrissjóði.

3. AFKOMA FJÁRMÁLASTOFNANA

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum um afkomu þriggja stærstu viðskiptabankanna og sex stærstu sparisjóðanna á árinu 1997 var hagnaður ársins 1.790 m.kr. samanborið við 1.640 m.kr. hagnað árið 1996. Arðsemi eigin fjár þessara stofnana var 8,5% árið 1997 samanborið við 8,6% árið 1996. Hagnaður af reglulegri starfsemi var 2.920 m.kr. árið 1997 samanborið við 1.700 m.kr. árið 1996. Verulegur munur er þannig á hagnaði af reglulegri starfsemi og hagnaði í heild á árinu 1997 eða 1.130 m.kr. sem stafar af lokauppgjöri á lífeyrisskuldbindingum ríkisviðskiptabankanna. Arðsemi eigin fjár er nálægt 14% á árinu 1997 ef miðað er við hagnað af reglulegri starfsemi eingöngu. Á yfirliti hér til hliðar eru sýndar helstu rekstrartölur í hlutfalli af meðalstöðu efnahagsreiknings árið 1997, en til samanburðar eru sýndar tölur fyrir árið 1996. Meðalstaða efnahagsreiknings hækkaði um 16% milli árana 1996 og 1997 sem skýrir góða afkomu af reglulegri starfsemi þrátt fyrir lækkun tekjuliða í hlutfalli af niðurstöðu efnahagsreiknings. Veigamikill þáttur í bættri afkomu af reglulegri starfsemi er veruleg lækkun á framlögum í afskriftareikning útlána úr 2.710 m.kr. árið 1996 í 1.880 m.kr. árið 1997 eða lækkun um 830 m.kr.

Fyrirliggjandi upplýsingar um afkomu þriggja stærstu lánasjóða sýna 1.224 m.kr. hagnað á árinu 1997 eða 12,6% arðsemi eigin fjár samanborið við 805 m.kr. hagnað árið 1996 eða 9,2% arðsemi eigin fjár.

Samkvæmt upplýsingum um afkomu eignarleigufyrirtækjanna

Rekstrarliðir í hlutfalli af niðurstöðu efnahagsreiknings í prósentum


	1996	1997
Vaxtatekjur o.fl.	9,11	9,00
Vaxtagjöld o.fl.	4,84	5,03
Hreinar vaxtatekjur	4,27	3,98
Ýmsar tekjur	2,30	2,25
Hreinar rekstrartekjur	6,57	6,23
Rekstrargjöld	4,62	4,35
Hreint tekjubil	1,95	1,88
Framlög í afskriftareikning útlána	1,05	0,63
Hagn. fyrir skatta og óreglulega liði	0,91	1,26
Skattar	0,25	0,29
Hagn. af reglulegri starfsemi e. skatta	0,66	0,97
Óreglulegir liðir (-hagn/+tap)	0,02	0,38
Hagnaður ársins	0,63	0,60

varð hagnaður ársins 1997 281 m.kr. eða arðsemi eigin fjár 18,3%, en árið 1996 153 m.kr. eða arðsemi eigin fjár 12,3%.

Samkvæmt upplýsingum um afkomu 5 stærstu verðbréfafyrirtækjanna varð hagnaður á árinu 1997 samtals 27 m.kr. eða 3,4% arðsemi eigin fjár, en sambærileg tala fyrir árið 1996 var 109 m.kr. hagnaður eða 16,0% arðsemi eigin fjár.

Allar starfandi lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki töldust uppfylla lágmarksskilyrði um 8% eiginfjárlutfall miðað við árslok 1997 að undanskildu einu verðbréfafyrirtæki.

Bankaeftirlitið athugaði á árinu 1997 fjárhagsstöðu samtryggingarlífeyrissjóða án ábyrgðar annarra á grundvelli fyrirbyggjandi tryggingafræðilegra úttekta. Um var að ræða 35 lífeyrissjóði, og var miðað við áfallnar skuldbindingar sjóðanna. Þessum sjóðum var skipt í tvo flokka, A- og B-flokk. Niðurstaðan var sú að í A-flokk, þar sem fjárhagsstaða telst góð eða fullnægjandi, fóru 29 lífeyrissjóðir, en í B-flokk, þar sem fjárhagsstaða telst ófullnægjandi eða óvissa ríkti um stöðuna, fóru 6 sjóðir. Af þessum 6 sjóðum voru 3 sjóðir hættir að taka á móti iðgjöldum, þannig að fullstarfandi sjóðir í þessum flokki voru aðeins 3. Við athugun bankaeftirlitsins á árinu 1996 lentu 30 sjóðir í A-flokki og 7 sjóðir í B-flokki.



VIII

ALÞJÓÐASTOFNANIR, ÝMSIR ÞÆTTIR Í STARFSEMI BANKANS OG LAGABREYTINGAR

1. ALÞJÓÐASTOFNANIR

Seðlabankinn á samskipti við ýmsar alþjóðastofnanir og erlendar fjármálastofnanir. Meðal þeirra eru Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Alþjóðabankinn og systurstofnanir hans, Efnahags- og framfarastofnunin OECD, norrænir seðlabankar og Alþjóðlegi greiðslubankinn BIS auk fjölmargra annarra erlendra fjármálastofnana.

Stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans

Á árinu 1997 var Birgir Ísl. Gunnarsson aðalfulltrúi fyrir Íslands hönd í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Halldór J. Kristjánsson ráðuneytisstjóri gegndi stöðu varafulltrúa. Eva Srejber frá Svíþjóð gegndi stöðu aðalfulltrúa Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í framkvæmdastjórn sjóðsins. Varafulltrúi var Benny Andersen frá Danmörku.

Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra var aðalfulltrúi fyrir Íslands hönd í bankaráði Alþjóðabankans. Friðrik Sophusson gegndi stöðu varafulltrúa í bankaráðinu. Ruth Jacoby frá Svíþjóð gegndi stöðu aðalfulltrúa Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í bankastjórn Alþjóðabankans fram á seinni hluta ársins er við stöðunni tók Illka Niemi frá Finnlandi. Daninn Jørgen Varder gegndi starfi varafulltrúa.

Aðrar fjölþjóðlegar stofnanir og alþjóðleg samskipti

Seðlabanki Íslands tekur þátt í störfum ýmissa fastanefnda Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD í París. Þeirra á meðal eru efnahagsstefnunefndin og vinnuhópur 1 á hennar vegum og fjármálamarkaðanefndin. Auk þess hafa fulltrúar bankans reglulega sótt fundi á vegum OECD um lánamál ríkissjóða.

Fulltrúar Seðlabankans taka einnig þátt í störfum nefnda á vettvangi EFTA.

Seðlabanki Íslands er hluthafi í Bank for International Settlements (BIS) í Basel en hann er mikilvægur samráðsvettvangur seðlabanka víða um heim auk þess að vera upplýsinga- og rannsóknarstofnun á sviði

hagfræði- og peningamála sérstaklega. Fulltrúar Seðlabankans taka þátt í ýmsum fundum á vegum BIS.

Samstarf norrænna seðlabanka er umfangsmikið á mörgum sviðum og tengslin náin. Bankastjórar norrænu seðlabankanna halda fund einu sinni á ári þar sem fjallað er um málefni bankanna og ýmis verkefni peningamálastjórnar. Norræna fjárhagsnefndin fjallar einkum um samstarf Norðurlandanna á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en einnig önnur verkefni sem til hennar hefur verið beint frá Norrænu ráðherranefndinni. Í henni sitja aðallega fulltrúar seðlabankanna, en af hálfu sumra Norðurlandanna taka einnig fulltrúar fjármálaráðuneyta eða efnahagsráðuneyta þátt í störfum nefndarinnar. Seðlabanki Íslands hefur haft forystu í nefndinni frá 1996. Þá á bankinn náði samstarf við þær norrænu stofnanir sem hafa með höndum eftirlit með starfsemi fjármálastofnana.

Seðlabanki Íslands hefur stofnað til tengsla við Peningastofnun Evrópu, EMI, í Frankfurt og hefur formaður bankastjórnar Seðlabankans átt reglulega fundi með framkvæmdastjóra EMI frá árinu 1995. Auk þess hafa aðrir fulltrúar bankans átt fundi með sérfræðingum EMI.

Síðast en ekki síst tekur Seðlabanki Íslands virkan þátt í ýmsu nefndastarfi á vettvangi Evrópusambandsins, einkum á sviðum sem snerta löggjöf og reglur um starfsemi fjármagnsmarkaða og eftirlit með starfsemi fjármálastofnana.

Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Í árslok 1997 áttu 182 ríki aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en eitt ríki, Palaueyjar, bættist í hópinn á árinu. Alls voru 58 ríki með virka samninga um lánaþyrirgreiðslu frá sjóðnum.

Lánaþyrirgreiðsla sjóðsins jókst umtalsvert frá fyrra ári og nam hún samtals 23 milljörðum Bandaríkjadala. Neyðarlánaþyrirgreiðsla til Asíulanda vó þyngst í lánveitingum sjóðsins á árinu. Til samanburðar voru lánveitingar á árinu 1996 u.þ.b. 8 milljarðar dala, sem var í samræmi við árin þar á undan, að frátöldu árinu 1995 þegar stór lán voru veitt til Mexíkó og Rússlands. Á því ári námu lánveitingar sjóðsins um 25 milljörðum dala og hafa þær aldrei verið meiri. Aukið frjálsræði í alþjóðaviðskiptum og efnahagskreppur á borð við þær er áttu sér stað í Mexíkó um miðjan áratuginn, og í Suð-Austur Asíu nýlega, ásamt endurreisnarstarfinu í Austur-Evrópu og fyrrum Sovétríkjum, hafa leitt til þess að auknar kröfur eru gerðar til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um skammtímafjármögnun og efnahagsráðgjöf. Þannig hefur sjóðurinn staðið í eldlínu neyðaraðgerða og uppbyggingarstarfs, ekki síst með það að markmiði að forða heimsbúskapnum frá áföllum.

Í desember var samþykkt neyðarlán til Kóreu að fjárhæð 21 milljarðar dala. Í tengslum við lánveitingu sjóðsins veitti Alþjóðabankinn lán að fjárhæð 10 milljarðar dala, Þróunarbanki Asíu lánaði 4 milljarða, og samanlagt hétu ýmis lönd allt að 24 milljörðum dala sem varalánalínu og var þegar notaður þriðjungur hennar, um 8 milljarðar dala.

Í nóvember samþykkti sjóðurinn lánaþyrirgreiðslu til Indónesíu að

fjárhæð 10 milljarðar dala. Í tengslum við lánveitingu sjóðsins lánaði Alþjóðabankinn 4,5 milljarða dala, og Þróunarbanki Asíu 3,5 milljarða. Indónesía leggur til 5 milljarða en sjö lönd hétu auk þess varalánalínum án þess að fjárhæðir væru fastákveðnar.

Í ágúst samþykkti sjóðurinn lánafyrirgreiðslu til Taílands að fjárhæð 3,9 milljarða dala. Í tengslum við lánveitingu sjóðsins lánaði Alþjóðabankinn 1,5 milljarða dala og Þróunarbanki Asíu 1,2 milljarða. Hugmyndin að varalánalínum var ekki fullmótuð á þeim tíma sem ákvörðun um lánveitingu neyðarlánsins til Taílands var tekin þannig að nokkur Asíulönd auk Hong Kong veittu lán samhliða lánveitingum sjóðsins.

Nýr flokkur neyðarlána (*Supplemental Reserve Facility*) var settur á stofn í lok ársins. Í ljósi aukinna sviptinga á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum á undanförunum árum, sem leitt hafa til tímabundinna greiðsluferfiðleika einstakra aðildarlanda sjóðsins, var talin þörf á nýju lánaformi sem væri betur sniðið að þörfum landa sem glata skyndilega trausti markaðarins með tilheyrandi fjármagnsflóttu.

Undir lok ársins endurnýjaði sjóðurinn lánasamning sinn við tíu stærstu iðnríki heims (*General Arrangements to Borrow*) til fimm ára. Stærð samningsins er 17 milljarðar SDR auk 1,5 milljarða SDR samkvæmt sérstökum samningi við Sáði Arabíu. Fyrr á árinu skrifaði sjóðurinn undir nýjan samning við iðnríkin (*New Arrangements to Borrow*) sem tvöfaldaði fyrri samningsfjárhæð. Þetta þýðir að á grundvelli þessara lánasamninga hefur sjóðurinn tryggt sér aðgang að samtals 35,5 milljörðum SDR.

Á ársfundi sjóðsins samþykkti sjóðráðið nýja úthlutun varasjóðs-eignar sérstakra dráttarréttinda sjóðsins, eða SDR, og gerði tillögu að breytingu á stofnskrá sjóðsins, fjórðu stofnskrárbreytingunni. Úthlutunin nemur 21,4 milljörðum SDR sem felur í sér tvöföldun á þeirri fjárhæð sem áður hafði verið úthlutað. Þar af koma 8.597.368 SDR í hlut Íslands eða 834,6 m.kr. miðað við gengisskráningu í árslok og leggst sú fjárhæð við gjaldeyrisvarasjóð Seðlabankans. Áður hafði landinu verið úthlutað 16.409.000 SDR. Frá upphafi hefur sjóðurinn úthlutað alls 42,9 milljörðum SDR.

Í samræmi við aukið frelsi í fjármagnsflutningum hefur sjóðurinn í auknum mæli lagt áherslu á samspil fjármagnshreyfinga og stöðugleika í peningakerfi heimsins. Gert er ráð fyrir að ráðgjafar- og eftirlits-hlutverk sjóðsins á þessum vettvangi muni vaxa á komandi árum samfara auknum fjármagnsflutningum á milli landa og frekari þróun fjármagnsmarkaða í frjálsræðisátt. Með það að markmiði að koma betra skipulagi á breytingar í frjálsræðisátt svo að þær valdi ekki óstöðugleika í alþjóðapeningakerfinu heldur leiði til varanlegra hagsbóta fyrir heimsbúskapinn, hefur verið hafinn undirbúningur að breytingu á stofnskrá sjóðsins til að efla hlutverk hans á þessu sviði. Stofnskrárbreyting þessi yrði hin fimmta í röðinni og verður væntanlega lögð fyrir sjóðsráðið á árinu 1998.

Stofnfé Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur verið óbreytt frá árinu

1995 samtals 145.318,8 milljónir SDR. Þar af nam hlutur eða kvóti Íslands 85,3 milljónum SDR, sem nemur um 8,3 ma.kr. miðað við gengisskráningu í lok árs 1997. Tillaga um elleftu kvótahækkunina var lögð fram á árinu á ársfundi sjóðsins í Hong Kong og bíður nú staðfestingar. Um er að ræða u.þ.b. 45% heildarhækkun á kvóta. Þar af dreifast 75% í hlutfalli við núverandi kvóta en 25% eru nýtt til að leiðrétta uppsafnað misræmi milli efnahagslegs mikilvægis einstakra landa og stærð kvóta í sjóðnum. Eftir hækkun verður heildarkvótinn 209.463,6 milljónir SDR og kvóti Íslands 117,7 millj. SDR, sem nemur 0,06% af heildarkvóta.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur tekið upp þá nýbreytni að gefa út fréttatilkygningar (*Press Information Notices*) um efnahagsástand í einstökum löndum í kjölfar árlegra heimsókna sjóðsins til viðræðna við fulltrúa stjórnvalda. Er með þessu móti leitast við að koma til móts við óskir um að álit sjóðsins á stöðu og horfum í efnahagsmálum aðildarlandanna komi fram opinberlega. Aðildarlöndin ráða því sjálf hvort slíkar fréttatilkygningar eru gefnar út að lokinni heimsókn fulltrúa sjóðsins og hafa mörg lönd kosið að fara þessa leið.

Á árinu tók sjóðurinn einnig upp það nýmæli að skrifa einungis annað hvert ár ítarlega skýrslu um efnahagsástand í löndum þar sem efnahagsástand er talið með besta móti í stað þess að skrifa slíka skýrslu árlega. Hitt árið koma starfsmenn sjóðsins í stutta heimsókn til að sinna eftirlitsskyldunni en leggja ekki í frekari athuganir á hagkerfinu eins og gert er samfara skýrsluskrifum. Íslandi hefur af hálfu sjóðsins verið skipað í hóp þessara landa og átti fyrsta stutta heimsóknin af þessu tagi sér stað á árinu 1997. Í ljósi breyttra viðhorfa um birtingu upplýsinga um álit sjóðsins á efnahagsmálum í aðildarlöndunum var ákveðið að birta álit sendinefndar sjóðsins líkt og gert hefur verið í mörgum öðrum aðildarlöndum að undanförmu, og var það gert með sérstakri frétt frá Seðlabankanum í nóvembermánuði.

2. ÝMSIR ÞÆTTIR Í STARFSEMI BANKANS OG LAGA-BREYTINGAR

Seðlar og mynt

Í árslok voru seðlar og mynt í umferð 6.910,3 m.kr. og höfðu aukist um 6% á árinu. Árið áður var aukningin 9,3% og árið 1995 14,7%. Seðlar í umferð jukust um 339 m.kr. sem að stærstum hluta var í 5000 króna seðlum, en þeir eru nú 2/3 af seðlum í umferð. Aukning myntar í umferð nam 49,7 m.kr., og var hún nær öll í 100 króna mynt sem nú er tæplega helmingur af mynt í umferð eða 435,5 m.kr. Athyglisvert er að í lok ársins voru enn 102,4 m.kr. af 100 króna seðlum í umferð og lækkaði fjárhæðin aðeins um 6,8 m.kr. á árinu, en eins og kunnugt er var 100 króna mynt gefin út í nóvember 1995. Af 50 króna seðlum eru eftir 10,6 m.kr. í umferð og 7,5 m.kr. af 10 króna seðlum, en 50 króna mynt kom í umferð fyrir tíu árum og 10 króna mynt árið 1984. Tafla 14 í töflusafni sýnir skiptingu seðla og myntar eftir stærðum í lok árana 1994-1997.

Seðlagreiningardeild bárust til vinnslu 29.123 m.kr. eða 16,3 milljónir seðla, og er það svipað magn og árið áður, að frátöldum 100 króna seðlum sem eingöngu eru taldir og síðan eytt. Allir seðlar í umferð fóru þannig að jafnaði sex sinnum um seðlagreiningardeild, en end-ingartími 500 og 1000 króna seðla er nú um 11 mánuðir, 2000 króna 16 mánuðir og 5000 króna seðla um 31 mánuður.

Kostnaður við útgáfu seðla og myntar, annar en laun og húsnæði, nam 29,2 m.kr., þar af var kostnaður við prentun á 2 milljónum 5000 króna seðla 19,6 m.kr. Greiðslur til trúnaðarmanna við hinar 22 seðlagreymslur bankans utan Reykjavíkur námu 4,2 m.kr. og styrkur til Blindrafélagsins vegna kaupa á tækjum til að greina seðlastærðir 2,6 m.kr. Annar kostnaður var vegna seðladreifingar og viðhalds búnaðar.

Á árinu var hafinn undirbúningur að útgáfu minnispeninga um aldamót í tilefni 1000 ára kristni á Íslandi og landafunda Leifs Eiríkssonar. Fyrirhugaðar útgáfur hafa verið kynntar viðskiptaráðherra svo og forseta Íslands og biskupi og hafa þeir allir sýnt þeim áhuga. Presti Magnússyni, grafískum hönnuði, hefur verið falið að teikna peningana, en hann hefur teiknað alla gildandi mynt og þá minnispeninga sem Seðlabankinn hefur gefið út.

Útgáfumál

Seðlabankinn kemur á framfæri innanlands og utan upplýsingum um efnahags- og peningamál, um stöðu fjármálastofnana o.fl. Í þessu skyni gefur bankinn reglulega út nokkur rit og birtir ýmsar skýrslur. Auk þess má finna á heimasíðu bankans á Internetinu upplýsingar sem tengjast verksviði hans. Árlega gefur bankinn út ársskýrslu á íslensku og ensku auk svokallaðrar haustskýrslu um peningamál. Mánaðarlega gefur bankinn út Hagtölur mánaðarins og ársfjórðungslega stytta útgáfu af þeim á ensku. Fjármálatíðindi eru gefin út tvisvar á ári, og sama gildir um ritið *The Economy of Iceland*. Upplýsingar um rekstur og efnahag þeirra stofnana sem bankaeftirlit Seðlabankans hefur eftirlit með eru birtar í sérstökum skýrslum. Seðlabankinn hefur gefið út handbókina *Iceland the Republic*, síðast árið 1996, en í bókinni er safn greina um sögu, menningu og efnahag íslensku þjóðarinnar. Á árinu 1997 hóf Seðlabankinn útgáfu sérrita og komu tvö slík út á árinu. Snemma árs gaf bankinn út sérrit 1 um úrlausnir kvartana sem bárust bankaftirliti Seðlabankans á árunum 1990 til 1996. Um mitt árið gaf bankinn úr sérrit 2 um Efnahags- og myntbandalag Evrópu. Fyrr á árinu var dreift vinnuskýrslu bankans um greiðslumiðlun. Þá gaf Myntsafn Seðlabankans og Þjóðminjasafns út ritið *Opinber gjaldmiðill í 220 ár*.

Heimasíða bankans var birt á veraldarvefnum í desember 1997. Þar er að finna ýmsar upplýsingar sem tengjast hlutverki Seðlabanka Íslands og starfsemi hans, svo sem um gengi, vexti og ýmsar aðrar hagstærðir. Að auki er þar að finna fréttir bankans og helstu erindi og ræður yfirmanna bankans. Slóð heimasíðunnar er <http://www.seðlabanki.is>.

Lagabreytingar sem snerta fjármagnsmarkaðinn

Á árinu 1997 voru m.a. sett ýmis lög sem stefna að hagræðingu á íslenskum fjármagnsmarkaði, en megingilgangur þeirra er að stuðla að því að íslenskur fjármagnsmarkaður geti séð einstaklingum og fyrirtækjum fyrir hagkvæmri þjónustu á hagstæðum kjörum. Hér verður getið helstu laga í því sambandi, svo og annarra laga sem snerta fjármagnsmarkaðinn og sett voru á árinu, og efni þeirra rakið í stuttu máli. Með lögum nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands var rekstrarformi bankanna breytt þannig að þeir yrðu reknir sem hlutafélög frá 1. janúar 1998. Var það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar að breyta í hlutafélög þeim ríkisfyrirtækjum sem eru á samkeppnismarkaði þannig að þau starfi án ábyrgðar ríkissjóðs á sama grundvelli og samkeppnisfyrirtæki. Lögin mæla svo fyrir að óheimilt sé að selja eignarhluti ríkissjóðs í bönkunum nema með samþykki Alþingis. Hins vegar getur ráðherra heimilað útboð á nýju hlutafé í hlutafélagsbönkunum, þannig að samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkissjóðs verði ekki hærrí en 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum bankanna um sig. Þá hefur verið lögð áhersla á að staða viðskiptamanna í hlutafélagsbönkunum verði tryggð og að hagsmunir þessara aðila skerðist ekki við breytinguna. Á það við um almenna viðskiptavini og innlánseigendur bankanna, svo og erlenda lánardrottna. Ennfremur miða lögin að því að sem minnst röskun verði á högum almennra starfsmanna við breytinguna, en gert var ráð fyrir að almennir starfsmenn bankanna fengju sambærilegt starf í hlutafélagsbönkunum við breytinguna.

Lög nr. 60/1997 um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og lög nr. 61/1997 um stofnun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fólu í sér umfangsmiklar breytingar á sjóðakerfi atvinnuveganna. Þannig varð til einn fjárfestingarbanki á grunni Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, auk Útflutningslánasjóðs, sem starfar á samkeppnismarkaði án ríkisábyrgðar og veita á öllum atvinnugreinum þjónustu á samkeppnishæfum kjörum. Reiknað er með að Fjárfestingarbankinn geti sinnt stærri fjárfestingarverkefnum og með sérhæfðri þjónustu bætt framboð á fjármálaþjónustu hér á landi. Bankinn tekur til starfa 1. janúar 1998 og verður ríkissjóður einn eigandi hlutafjár við stofnun bankans. Heimilt er að selja 49% hlutafjár.

Á grunni nefndra sjóða rís einnig Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, sbr. lög nr. 61/1997. Sjóðnum voru lagðar til 3.000 m.kr. í stofnfé af sameiginlegu eigin fé Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, auk þess sem ríkissjóður mun leggja sjóðnum til 1.000 millj. kr. af söluandvirði hlutafjár í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Hlutverk Nýsköpunarsjóðs verður að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar með áhættufjármagni og styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Auk þess er sjóðnum ætlað að taka við starfsemi tryggingardeilda útflutningslána sem starfræktar voru við Iðnlánasjóð og Ríkisábyrgðasjóð.


IX

AFKOMA SEÐLABANKANS

Ársreikning bankans og skýringar við hann er að finna á bls. 125-133. Í öðrum köflum ársskýrslunnar hefur verið gerð grein fyrir þróun helstu liða efnahagsreikningsins. Hér verður gerð grein fyrir afkomu bankans árið 1997.

Rekstrarafkoma

Hagnaður fyrir skatt til ríkissjóðs var 1.181 m.kr. árið 1997, en 463 m.kr. árið 1996. Skattur til ríkissjóðs, sem reiknast sem 50% af meðalhagnaði næstliðinna 3 ára, þar sem hagnaður tvö hin fyrri ár er umreiknaður til verðlags í lok síðasta ársins skv. lánskjaravísitölu, nú vísitölu neysluverðs, var tæpar 394 m.kr. árið 1997, en 422 m.kr. árið 1996. Að teknu tilliti til skattgreiðslna var hagnaður bankans rúmar 787 m.kr. árið 1997, en árið 1996 var hann 41 m.kr. Nettóhagnaður kemur fram sem aukning á eigin fé bankans í efnahagsreikningi og tap sem rýmun á eigin fé.



Tekjur

Gengisbreytingar valda sveiflum á afkomu bankans, eins og fram kemur í línuriti á spássíu. Gengisendurmat, þ.e. nettóbreyting á erlendri eigna- og skuldastöðu vegna gengisbreytinga, var jákvætt um tæpar 420 m.kr. árið 1997, en neikvætt um tæpar 253 m.kr. árið 1996. Breytingar vegna gengisendurmat valda þannig 673 m.kr. breytingu á afkomu bankans þegar horft er til þessara tveggja ára. Endurmat gengisbundinna eigna var jákvætt um rúman 1 ma.kr. árið 1997, en skulda neikvætt um rúman 0,6 ma.kr. Einnig kemur fram í þessum lið mismunur kaupgengis og sölugengis, þ.e. gengismunur í viðskiptum Seðlabankans með erlendan gjaldeyri.

Vaxtatekjur af innlendum lánum námu 1.687 m.kr. árið 1997, en 1.503 m.kr. árið 1996. Meginhluti vaxtatekna af innlendum lánum kemur frá markaðsskráðum verðbréfum og víxlum. Eign Seðlabankans á þeim er bókfærð á markaðsverði þeirra samkvæmt skráningu á Verðbréfaþingi Íslands, en vaxtatekjur af þeim, ásamt hreyfingum vegna

breytinga á markaðsverði, voru 1.657 m.kr. árið 1997 samanborið við 1.351 m.kr. árið 1996.

Vaxtatekjur af erlendum innstæðum námu 685 m.kr. og af erlendum verðbréfum 1.430 m.kr. árið 1997, en voru árið 1996 626 m.kr. af erlendum innstæðum og 1.192 m.kr. af erlendum verðbréfum. Aðrar tekjur bankans námu 103 m.kr. árið 1997, en voru 148 m.kr. árið 1996. Þetta eru aðallega tekjur af umsýslu spariskírteina ríkissjóðs og húsa-leigu.

Gjöld

Heildarvaxtagjöld vegna innlendra lána námu 1.228 m.kr. árið 1997, en voru 954 m.kr. árið 1996. Vaxtagjöld af innlánsbindingu námu 408 m.kr. árið 1997, en voru 363 árið 1996. Vaxtagjöld af innlendum gjaldeyrisreikningum námu 237 m.kr. árið 1997, en voru 241 m.kr. árið 1996. Vaxtagjöld af innstæðum á viðskiptareikningum námu 354 m.kr. árið 1997, en voru 200 m.kr. árið 1996. Þessa breytingu í formi aukinna vaxtagreiðslna af viðskiptareikningum má að verulegu leyti rekja til góðrar stöðu ríkissjóðs á árinu 1997.

Vaxtagjöld af erlendum skuldum námu 394 m.kr. árið 1997 en 419 m.kr. árið 1996. Seðlabankinn stendur straum af rekstrarkostnaði Þjóðhagsstofnunar til jafns við ríkissjóð. Hlutur Seðlabankans í þessum kostnaði nam 47 m.kr. árið 1997, og voru tveir þriðju hlutar greiðslunnar í formi peninga, en þriðjungur í formi aðstöðu og þjónustu.


Rekstrarkostnaður bankans var 715 m.kr. árið 1997, en 676 m.kr. árið 1996. Þetta jafngildir um 0,4% raunhækkun á rekstrarkostnaði milli ára miðað við að rekstrarkostnaður ársins 1996 sé verðleiðréttur samkvæmt hækkun launavísitölu (vegna launaliðar) um 6,8% og hækkun neysluvöruvísitölu án húsnæðis (aðrir rekstrarliðir) um 1,4% frá júlí 1996 til júlí 1997. Stærstu þættirnir í rekstrarkostnaði bankans eru laun og launatengd gjöld. Þau námu 69,9% af rekstrarkostnaði bankans árið 1997 samanborið við 69,0% árið 1996. Nánari sundurliðun á þessum kostnaðarlið er að finna í skýringum við ársreikning á bls. 133.

Opinber gjöld (önnur en skattur til ríkissjóðs) námu 31 m.kr. árið 1997, en 33 m.kr. árið 1996.

Á árinu 1997 var samþykkt ný reglugerð fyrir Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans sem hafði í för með sér breytingu á lífeyrismálum starfsmanna. Reglugerðin fól í sér að bankinn greiddi áunnin réttindi í árslok 1997 til Eftirlaunasjóðsins gegn því að vera leystur undan bakabyrgð á ófjármögnum halla sjóðsins.

Samkvæmt mati tryggingarfræðings Eftirlaunasjóðsins námu þessar skuldbindingar bankans 1.321 m.kr. í árslok 1997. Til útreiknings á þessari fjárhæð er miðað við 3,5% vexti. Í lok ársins 1996 hafði bankinn fært til skuldar 1.064 m.kr. vegna skuldbindingar sinnar. Eftir færslu verðbóta og vaxta fyrir árið 1997, sem nam 54 m.kr., er mismunurinn 203,2 m.kr. færður til gjalda í rekstrarreikningi bankans.

Framlag í arðsjóð árið 1997 er 193,5 m.kr. og vextir og verðbætur 96,5 m.kr., alls 290 m.kr., en var 280 m.kr. árið 1996. Samkvæmt lögum



skal helmingur af tekjum arðsjóðs renna til Vísindasjóðs, og samkvæmt ofanskráðu eru það 145 m.kr. árið 1997. Arðsjóður er talinn til eigin fjár Seðlabankans.

Eigið fé

Eigið fé bankans í ársbyrjun 1997 nam 15.435 ma.kr., en 16.654 í lok þess árs eftir að reiknuð höfðu verið verðbreytingargjöld ársins um 2,02% af eigin fé, alls 286,5 m.kr. ásamt hálfum tekjum arðsjóðs og tekjuafgangi ársins 787,2 m.kr.

Eigið fé sem hlutfall af heildareign nam í árslok 1997 25,9% samanborið við 25,8% árið á undan.

Starfslið og deildaskipting

Í árslok voru starfsmenn Seðlabanka Íslands 141 að tölu, 80 karlar og 61 kona, og er það tveimur færri en í árslok 1996. Starfsgildi voru 129 en 16 starfsmenn voru í hlutastarfi eða í 11 starfsgildum og af 15 störfum við sameiginlegt mötuneyti, öryggis- og húsvörslu voru 7 vegna hlutdeildar Reiknistofu bankanna, Þjóðhagsstofnunar, Iðnþróunarsjóðs o.fl. Meðalstarfsgildi ársins voru 129,6 talsins. Á árinu voru 12 nýir starfsmenn ráðnir til starfa og 14 létu af störfum. Til sumarstarfa voru ráðnir 23 starfsmenn sem er einum færri en árið áður. Meðal þeirra sem létu af störfum á árinu var Pétur Urbancic, deildarstjóri í afgreiðsludeild og fulltrúi bankastjórnar í fjárhirslum, eftir 35 ára starf í bankanum.

Skipting starfsliðs eftir viðfangsefnum í lok ársins 1997 er sýnd á yfirliti hér til hliðar.

Fleiri sérfræðingar hættu störfum á árinu en oftast áður og var ástæðan fyrst og fremst aukin umsvif á fjármálamarkaði og stöðug eftirspurn eftir viðskipta- og tölvunarfræðingum. Alls voru 8 sérfræðingar ráðnir til starfa í bankanum á árinu. Á undanförunum sjö árum hefur starfsmönnum bankans fækkað um 19 vegna breyttra starfshátta og flutnings verkefna úr bankanum, eins og vikið var að í ársskýrslu 1996. Háskólamenntuðum starfsmönnum hefur hins vegar farið fjölgandi í starfsliðinu og voru þeir 53 talsins í lok ársins 1997, eða 38% í stað 30% í árslok 1990.

Eins og áður hefur verið getið staðfesti bankastjórnin í apríl 1996 jafnréttisáætlun sem gerir ráð fyrir ákveðinni starfsmannastefnu og kveður svo á að hlutur kynjanna í stjórnunarstöðum og öðrum auglýstum stöðum í bankanum skuli jafnaður eins og kostur er. Þannig skuli stefnt að því að í ársbyrjun 2003 verði hlutur hvors kyns um sig að lágmarki 30% af starfsmannafjölda í slíkum stöðum í heild. Þótt talsvert vanti á að þessu takmarki sé náð þokast í rétta átt. Geta má þess að á árunum 1990 til 1997 voru auglýstar 46 stöður og sérfræðingsstörf. Umsóknir bárust frá 197 körlum og 64 konum og voru 12 konur ráðnar, þar af 4 á árinu 1997. Þess má jafnframt geta að háskólamenntuðum konum fer fjölgandi í starfsliðinu. Af 61 konu sem starfar við bankann í dag eru 10 háskólamenntaðar á móti 43 af 80 körlum.

	Starfs- menn	Starfs- gildi
Aðalskrifstofa		
/lögfræðingar	27	25,4
Skrifstofa		
bankastjórnar	6	6
Erlend viðskipti	3	3
Lögfræðingar	2	2
Safnadeild	8	6,9
Tölvudeild	8	7,5
Alþjóðasvið	4	4
Bókhaldssvið	10	10
Eftirlitssvið	17	16,3
Bankaeftirlit	15	14,3
Gjaldeyriseftirlit	2	2
Hagfræðisvið	13	12,1
Peningamálasvið	7	7
Rekstrar- og afgreiðslusvið	48	39,4
Rekstrardeild	29	21,8
Fjárhirslur	12	11
Afgreiðsludeild	7	6,6
Tölfræðisvið	10	10
Endurskoðun	5	4,8
Alls	141	129,0

Skipulag

Í nóvember 1997 ákvað bankastjórnin þær breytingar á skipulagi bankans að í byrjun árs 1998 yfirtæki alþjóðasvið þau verkefni erlendra viðskipta er snerta varðveislu gjaldeyrisforðans og viðskipti á erlendum gjaldeyrisörkuðum. Þannig yrðu á einni hendi samskipti Seðlabankans við erlendar fjármálastofnanir, bæði í tengslum við erlend lánamál ríkissjóðs og vörslu gjaldeyrisforðans svo og viðskipti bankans á erlendum gjaldeyrisörkuðum. Um leið var ákveðið að setja á fót markaðsstofu á peningamálasviði bankans þar sem annast yrði um öll viðskipti bankans á innlendum örkuðum.

X

ANNÁLL PENINGAMÁLA 1997

Janúar

Húsnæðisstofnun ákvað að halda flokkum húsbrefa frá árinu 1996 áfram opnum. Samanlagt nafnverð afgreiddra brefa úr þessum flokkum skal þó ekki fara yfir 28,5 ma.kr.

Húsnæðisstofnun seldi húsnæðisbréf að fjárhæð 1,1 ma.kr. úr tveimur flokkum sem gefnir voru út árið 1996.

Erlendur lánakvóti innlánsstofnana í Seðlabanka Íslands var aflagður 11. janúar.

Hinn 16. janúar birti Seðlabankinn verðbólguþá. Spáð var að verðlag á fyrsta fjórðungi 1997 myndi hækka um 0,2% eða um 0,7% á ársvarða.

Hinn 16. janúar voru vextir 45 og 90 daga innstæðubrefa Seðlabankans hækkaðir um 0,8-0,9 prósentustig og urðu 6,6% og 6,7% eftir binditíma. Með þessu voru innstæðubref gerð samkeppnishæfari við aðra fjárfestingarkosti á peningamarkaði. Einnig varð bönkum og sparisjóðum heimilt að eiga endurhverf viðskipti með innstæðubref við Seðlabankann. Í sama tilgangi var ávöxtun í endurhverfri verðbrefasölu bankans breytt, og til að gæta innbyrðis samræmis í vaxtarófi bankans var forvöxtum reikningskvóta viðskiptabanka og sparisjóða í Seðlabankanum einnig breytt.

Febrúar

Lánasýsla ríkisins tilkynnti að ákveðið hefði verið að fækka flokkum ríkisverðbrefa og stækka þá sem eftir verða. Þetta verður gert í fjórum áföngum. Flokkarnir sem eftir verða munu kallast markflokkar. Aðalmarkmið þessarar aðgerðar er að gera markað fyrir ríkisskuldabréf betri og skilvirkari.

Hinn 7. febrúar sagði ríkissjóður upp í einu lagi níu flokkum spariskrifteina sem höfðu gagnkvæm uppsagnarákvæði í skilmálum. Eig-

endum skírteinanna var boðið að taka þátt í sérstöku útboði, þar sem þeim gafst kostur á að fá spariskírteini í markflokkum í staðinn fyrir skírteini sín.

Búnaðarbanki Íslands og Íslandsbanki hf. hófu viðskiptavakt á markflokkum ríkisskuldabréfa.

Mars

Seðlabankinn endurnýjaði samninga við þrjú verðbréfafyrirtæki um fjárvörslu og hlutverk viðskiptavaka fyrir ríkisskuldabréf. Samningarnir voru viðameiri en síðustu fjárvörslusamningar. Verðbréfafyrirtækin voru valin að undangengnu útboði.

Matsfyrirtækið Moody's Investors Service tilkynnti 7. mars að horfur væru á að Ísland fengi betri lánsþæfiseinkunn vegna aðgerða á sviði hagstjórnar og bættra efnahagslegra skilyrða í þjóðarþúskapnum.

Apríl

Reglum Seðlabanka Íslands um fyrirgreiðslu við viðskiptavaka ríkisskuldabréfa eða ríkistryggðra verðbréfa var breytt. Samkvæmt eldri reglum var fyrirgreiðsla háð skilyrðum Verðbréfaþings Íslands (VÞÍ) um hlutverk viðskiptavaka. Nú þarf viðskiptavaki að uppfylla skilyrði Seðlabankans, en þau eru strangari en skilyrði VÞÍ. Samkvæmt reglunum þarf viðskiptavaki að setja daglega fram kaup- og sölutilboð að lágmarki 5 m.kr. og munur kaup- og söluávöxtunar má ekki vera meiri en 0,25 prósentustig.

Landsbanki Íslands og Landsbréf hf. tóku upp aukna viðskiptavakt á húsbrefaflokki 96/2 á Verðbréfaþingi Íslands að eigin frumkvæði.

Húsnæðisstofnun seldi húsnæðisbréf að fjárhæð 1,7 ma.kr. úr tveimur flokkum sem gefnir voru út árið 1996.

Hinn 18. apríl birti Seðlabanki Íslands nýja verðbólguþátt, sem gerði ráð fyrir að meðalhækkun verðlags yrði 2,1% frá 1996 til 1997 og að hækkun yfir árið 1997 yrði 2,9%. Spáð var að verðlag á öðrum ársfjórðungi myndi hækka um 0,9% eða um 3,6% á árskvörðum.

Hinn 23. apríl fór fram annar áfangi í endurskipulagningu útistandandi spariskírteinaflokka. Í skiptiútboði var eigendum 22 spariskírteinaflokka boðið að skipta yfir í tvo markflokka.

Verðbréfafyrirtækið Kaupþing hf. stofnaði tvo verðbréfasjóði í Lúxemborg. Annar sjóðurinn mun fjárfesta í íslenskum hlutabréfum, hinn í íslenskum skuldabréfum. Sjóðirnir eru skráðir á verðbréfaþingi í Lúxemborg.

Maí

Alþingi samþykkti frumvörp um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Einnig samþykkti Alþingi frumvarp um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hf. með samruna Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Útflutningslánasjóðs.

Verðbréfaþing Íslands hóf að senda tölvutækar upplýsingar um íslensk hluta- og skuldabréf inn á upplýsingakerfi Reuters.

Í lok maí var Verðbréfaþingi Íslands veitt aðild að Samtökum evrópskra kauphalla. Aðild er veitt einni kauphöll í hverju aðildarríki evrópska efnahagssvæðisins og er Verðbréfaþingið 18. aðilinn að samtökunum.

Júní

Hinn 6. júní var gengisskráningarvog breytt vegna árlegrar endurskoðunar í ljósi samsetningar utanríkisviðskipta á árinu 1996.

Undirbúningsfélag Verðbréfaskráningar Íslands hf. var stofnað. Tilgangur félagsins er að stofnsetja og reka verðbréfaskráningu sem sjái um rafræna skráningu eignarhalds á verðbréfum. Stefnt er að því að verðbréfamíðstöðin hefji starfsemi á árinu 1999.

Húsnæðisstofnun bauð út tvö verkefni viðskiptavaka fyrir tiltekin húsbúnaðsbréf og húsnæðisbréf. Niðurstaða útboðsins var að Landsbréf hf. og Íslandsbanki hf. fengu hvor sitt verkefni.

Viðskiptaráðherra veitti verðbréfafyrirtækinu Kaupþingi hf. starfsleyfi sem fjárfestingarbanki.

Hinn 26. júní birti Seðlabanki Íslands skýrslu um Efnahags- og myntbandalag Evrópu (EMU), aðdraganda og áhrif stofnunar EMU.

Júlí

Húsnæðisstofnun seldi húsnæðisbréf að fjárhæð 1,1 ma.kr. úr tveimur flokkum sem gefnir voru út árið 1996.

Hinn 8. júlí var tekið upp nýtt fyrirkomulag á gjaldeyrismarkaði. Gengisskráningarfundir voru aflagðir þegar komið var á fót samfelldum gjaldeyrismarkaði. Viðskiptabankarnir eru viðskiptavakar fyrir Bandaríkjadal, og opinbert viðmiðunargengi er nú skráð út frá tilboðum banka eða inngrípum Seðlabanka.

Hinn 16. júlí birti Seðlabanki Íslands verðbólguþátt, sem gerði ráð fyrir að meðalhækkun verðlags yrði 1,7% frá 1996 til 1997 og að hækkun yfir árið 1997 yrði 2,0%. Spáð var að verðlag á þriðja ársfjórðungi myndi hækka um 0,5% eða um 1,8% á árs kvarða.

Bandaríska matsfyrirtækið Moody's Investors Service tilkynnti hinn 30. júlí að fyrirtækið hefði ákveðið að hækka mat sitt á láns hæfi Íslands. Hækkar fyrirtækið einkunn á erlendum langtímaskuldbindingum í Aa3 úr A1. Moody's gaf skuldbindingum ríkissjóðs í íslenskum krónum í fyrsta sinn einkunn og var hún Aaa. Skammtímalán ríkissjóðs í innlendri og erlendri mynt fá einkunnina Prime-1. Ástæður fyrir hækkun láns hæfismats eru aukin fjölbreytni í íslensku efnahagslífi í framtíðinni, ýmsar skipulagsumbætur sem ráðist hefur verið í, aukið jafnvægi í efnahagslífinu og bætt nýting á fiskistofnum.

September

Reglum Seðlabanka Íslands um fyrirgreiðslu við viðskiptavaka ríkisskuldbréfa eða ríkistryggðra bréfa var breytt þannig að fjárhæðarmörk voru hækkuð og afnumdar takmarkanir á fyrirgreiðslu á hverju almanaksári.

Október

Húsnæðisstofnun seldi húsnæðisbréf að fjárhæð 1,1 ma.kr. úr tveimur flokkum sem gefnir voru út árið 1996.

Hinn 15. október birti Seðlabanki Íslands verðbólguþá, sem gerði ráð fyrir að meðalhækkun verðlags yrði 1,8% frá 1996 til 1997 og að hækkun yfir árið 1997 yrði 2,3%. Spáð var að verðlag á fjórða ársfjórðungi myndi hækka um 0,6% eða um 2,4% á ársvarða.

Kaupþing hf. fékk fullt og ótakmarkað leyfi til gjaldeyrisviðskipta og um leið aðild að millibankamarkaði með gjaldeyri.

Nóvember

Hinn 19. nóvember hækkaði Seðlabankinn vexti í viðskiptum sínum um 0,3 prósentustig. Vaxtahækkun bankans fól í sér viðbrögð við minnkandi peningalegu aðhaldi á undanförunum mánuðum vegna lækkandi vaxtamunar gagnvart útlöndum, lægra gengi, horfum um aukna verðbólgu á fyrri hluta árs 1998 og ýmsum merkjum um aukna spennu í þjóðarbúskapnum.

Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kynnti sér íslensk efnahagsmál á fundum með fulltrúum stjórnvalda dagana 11.-17. nóvember. Í lokaáliti nefndarinnar, sem birt var 27. nóvember, kom fram að strangara aðhald í ríkisfjármálum og peningamálum væri nauðsynlegt til að viðhalda þeim góða árangri í efnahagsmálum sem náðst hefði að undanförunu. Var það í fyrsta skipti sem álit sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er birt með þessum hætti hér á landi en æ fleiri aðildarlönd sjóðsins hafa tekið að birta álit sendinefnda hans að undanförunu.

Desember

Hinn 4. desember tóku nýjar reglur Verðbréfaþings Íslands um

skráningu verðbréfa gildi, og í framtíðinni verða hlutabréf skráð á tvo lista, Aðallista og Vaxtalista.

Bandaríska matsfyrirtækið Moody's gaf Íslandsbanka hf. lánsþæfis-einkunnina A3 en fjárhagslegur styrkur bankans fékk einkunnina D+. Bankinn er fyrsta íslenska einkafyrirtækið sem gengst undir mat alþjóðlegs matsfyrirtækis á stöðu sinni á lánsfjármarkaði.

Hinn 15. desember ákvað bankastjórn Seðlabankans að bregðast við slæmri lausafjárstöðu bankanna með því að efna til uppboðs á endurhverfum verðbréfakaupum til eins mánaðar. Um fastverðsuppboð var að ræða, þ.e. ávöxtunarkrafan var ákveðin fyrirfram 7,2%, en tilboð viðskiptanna réðu því hvað mikið seldist. Andlag þessara verðbréfavíðskipta var víkkað frá því sem gilt hafði en auk ríkisvixla og innstæðubréfa Seðlabankans var bankinn reiðubúinn að kaupa ríkisbréf, markaðsskráð spariskírteini, húsbref og húsnæðisbréf. Alls keypti bankinn ríkistryggð verðbréf fyrir u.þ.b. 5 ma.kr. með endurkaupaskilmálum að mánuði liðnum.

Hinn 19. desember auglýsti Seðlabankinn breyttar reglur um gjaldeyrismarkað í stað reglna frá 1. júlí 1997. Breytingin fól m.a. í sér að viðskiptavökum á hérlendum millibankamarkaði varð nú skylt að gefa bindandi kaup- og sölutilboð fyrir eina milljón Bandaríkjadala í stað 500 þúsunda áður.

Seðlabankinn opnaði heimasíðu á Internetinu (veraldarvefnum) og er heimasíðuslóðin <http://www.seðlabanki.is>. Á síðunni verða helstu fréttir hverju sinni frá bankanum ásamt upplýsingum af ýmsu tagi um starfsemi bankans og íslenskan fjármagnsmarkað.

FRÉTTIR SEÐLABANKA ÍSLANDS ÁRIÐ 1997

- | | | |
|-------|---------------|--|
| Nr. 1 | 9. janúar | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands |
| - 2 | 16. janúar | Verðlagspróun á fjórða ársfjórðungi 1996 og horfur næstu mánuði |
| - 3 | 16. janúar | Innstæðubréf Seðlabanka Íslands |
| - 4 | 5. febrúar | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands |
| - 5 | 24. febrúar | Greiðslujöfnuður við útlönd 1996 |
| - 6 | 6. mars | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands |
| - 7 | 13. mars | Moody's telur horfur um lánshæfiseinkunn Íslands jákvæðar |
| - 8 | 24. mars | Tilkynningar um þjónustu erlendra fjármálastofnana á Íslandi |
| - 9 | 25. mars | Ársfundur Seðlabanka Íslands |
| - 10 | 3. apríl | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands |
| - 11 | 18. apríl | Verðbólguþáttur 1997 |
| - 12 | 6. maí | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands |
| - 13 | 3. júní | Greiðslujöfnuður við útlönd, janúar-mars 1997 |
| - 14 | 4. júní | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands |
| - 15 | 6. júní | Samsetning gengisskráningarvogar |
| - 16 | 16. júní | Moody's tilkynnir endurskoðun á lánshæfismati Íslands |
| - 17 | 26. júní | Skýrsla Seðlabanka Íslands um Efnahags- og myntbandalag Evrópu |
| - 18 | 3. júlí | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands |
| - 19 | 4. júlí | Breytingar á skipulagi gjaldeyrismarkaðar og ýmsum reglum Seðlabankans |
| - 20 | 16. júlí | Verðbólguþáttur til loka 1997 og horfur 1998 og 1999 |
| - 21 | 31. júlí | Moody's tilkynnir hækkun á lánshæfismati Íslands |
| - 22 | 6. ágúst | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands |
| - 23 | 4. september | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands |
| - 24 | 12. september | Skýrsla bankaeftirlits Seðlabanka Íslands um lífeyrissjóði fyrir árið 1996 |
| - 25 | 18. september | Greiðslujöfnuður við útlönd, janúar-júní 1997 |

- 26 29. september Ársfundir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans 1997
- 27 6. október Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands
- 28 15. október Verðbólguþá Seðlabanka Íslands
- 29 5. nóvember Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands
- 30 11. nóvember Haustskýrsla Seðlabanka Íslands 1997: Peningamál: Þróun, horfur og stefna
- 31 18. nóvember Seðlabankavextir hækkaðir um 0,3 prósentu-
stig
- 32 27. nóvember Álit sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins
- 33 1. desember Greiðslujöfnuður við útlönd, janúar-september 1997
- 34 3. desember Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands
- 35 15. desember Sérstök fyrirgreiðsla Seðlabanka Íslands: Uppboð á endurhverfum verðbréfakaupum
- 36 22. desember Heimasíða Seðlabanka Íslands á Internetinu
- 37 30. desember Breyting á verðtryggingarreglum, lenging á lágmarksláns- og binditíma verðtryggðra út- og innlána

TÖFLUVIÐAUKI

1. tafla. Yfirlit

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
<i>Þjóðhagsstærðir</i>								
Verg landsframleiðsla.....% breyt. frá fyrra ári	1,2	1,1	-3,3	1,0	3,6	1,0	5,5	5,0
Þjóðarútgjöld.....% breyt. frá fyrra ári	1,5	5,1	-5,3	-4,1	1,5	3,2	7,5	5,8
Útflutningur.....% breyt. frá fyrra ári	0,0	-5,9	-1,9	7,1	10,0	-2,2	9,6	5,7
Innflutningur.....% breyt. frá fyrra ári	1,0	5,7	-8,0	-8,6	4,2	3,8	16,6	8,0
Viðskiptajöfnuður.....% af VLF	-2,0	-3,9	-2,3	0,8	2,2	0,9	-1,7	-1,6
Viðskiptakjör.....% breyt. frá fyrra ári	-2,0	3,6	-2,7	-5,3	-0,1	1,0	-3,2	2,7
Þjóðhagslegur sparnaður.....% af VLF	16,0	14,9	15,0	16,6	17,1	15,9	15,8	16,8
Hrein skuldastaða við útlönd.....% af VLF	45,5	46,3	48,2	54,4	52,4	50,2	46,9	45,6
Atvinna.....% breyt. frá fyrra ári	-0,9	-0,1	-1,4	-0,8	0,5	0,9	3,0	1,7
Atvinnuleysi.....% af vinnuafli	1,8	1,5	3,0	4,4	4,8	5,0	4,3	3,9
<i>Fjármál hins opinbera</i>								
Tekjuafgangur ríkissjóðs.....% af VLF	-3,3	-2,8	-2,4	-3,4	-3,1	-2,6	-1,5	0,2
Tekjuafgangur hins opinbera.....% af VLF	-3,3	-2,9	-2,8	-4,5	-4,7	-3,0	-1,6	-0,1
Útgjöld hins opinbera.....% af VLF	39,4	40,2	40,6	40,4	40,1	39,0	38,3	36,5
Vergar skuldir hins opinbera.....% af VLF	36,1	37,7	46,4	52,8	56,0	58,7	56,0	52,7
Hrein lánsfjárförf ríkissjóðs.....% af VLF	4,1	5,5	3,1	3,9	4,7	5,2	1,9	-0,5
<i>Verðlags- og launaþróun %-breytingar</i>								
Vísitala neysluverðs.....frá fyrra ári	14,8	6,8	3,7	4,1	1,5	1,7	2,3	1,8
Launavísitala Hagstofu.....frá fyrra ári	9,2	8,3	2,9	1,4	1,2	4,5	6,4	5,4
Kaupmáttur launa m.v. neysluverð.....frá fyrra ári	-4,9	1,4	-0,8	-2,6	-0,3	2,8	4,0	3,6
Kaupmáttur gr. tímakaups, ASÍ landv.fólk.....frá fyrra ári	-6,7	1,3	2,0	-2,9	-0,6	2,5	3,8	...
